

2016 - 2017

Ársskýrsla Grunnskóla Vestmannaeyja



Efnisyfirlit

Innihald

Formáli.....	3
Inngangur	3
Hagnýtar upplýsingar	3
Skólastjórnendur	3
Nefndir og ráð	4
Skólaráð	4
Foreldrafélag	4
Nemendaverndarráð	4
Nemendaráð	4
Nemendafjöldi	4
Starfsmenn	5
Húsnæði.....	7
Skóladagatal	7
Skólalóðir	7
Áherslur í skólastarfi	7
Framtíðarsýn	9
Einkunnarorð skólans	9
Þróunarverkefni.....	9
Stærðfræði snemmtæk íhlutun	9
Lestrarstefna GRV	11
Þróunarhópur um tvítyngi	11
Þróunarhópur um upplýsingatækni í kennslu	13
Stýrihópar	15
Heilsueflandi grunnskóli	15
Orð af orði - orðaforði	16
Jákvæð samskipti.....	17
Símenntun	18
Endurmenntun starfsfólks Grunnskóla Vestmannaeyja 2016 – 2017	18
Mat á skólastarfi	19
Námsmat	20
Samræmd próf.....	21
Skýrslur deildarstjóra og umsjónarkennara	22
Skýrsla deildarstjóra	22
Skýrsla umsjónarkennara í 1. bekk	23
Skýrsla umsjónarkennara í 2. bekk	25

Skýrsla umsjónarkennara í 3. bekk	28
Skýrsla umsjónarkennara í 4. bekk	31
Skýrsla umsjónarkennara í 5. bekk	34
Skýrsla umsjónarkennara í 6. bekk	38
Skýrsla umsjónarkennara í 7. bekk	40
Skýrsla umsjónarkennara í 8. bekk	42
Skýrsla umsjónarkennara í 9. bekk	44
Skýrsla umsjónarkennara í 10. bekk	46
Ýmsar skýrslur	49
Skýrsla íþróttakennara	49
Skýrsla verkgreinakennara	52
Skýrsla list – og verkgreinakennara í Hs	52
Skýrsla list- og verkgreinakennara í Bs	54
Skýrslur um sérkennslu	58
Skýrsla námsvers á yngsta stigi	58
Skýrsla námsvers á miðstigi	60
Skýrsla námsvers á unglingastigi	61
Skýrsla sérkennslu á eldra stigi - sérdeild	64
Skýrsla þroskajálfa	66
Skýrsla safnvarða	68
Skýrsla safnvarðar í Barnaskóla	68
Skýrsla safnvarðar í Hamarsskóla	68
Skýrsla nemendaráðs	70
Skýrsla námsráðgjafa	71
Skýrsla stuðningsfulltrúa	74
Skýrslur fagstjóra	74
Skýrsla fagstjóra í íslensku 1. -10. bekk	74
Skýrsla fagstjóra í stærðfræði	76
Skýrsla fagstjóra í ensku	79
Skýrsla fagstjóra í dönsku	81
Skýrsla fagstjóra í samfélagsgreinum 6. - 10. bekkur	84
Skýrsla fagstjóra í náttúrugreinum 6. - 10. bekkur	86
Skýrsla Íþróttakademíu GRV og ÍBV skólaárið 2016-2017	89

Formáli

Ársskýrsla Grunnskóla Vestmannaeyja kemur nú út í annað sinn. Grunnskóli Vestmannaeyja hefur verið starfræktur frá haustinu 2006 en þá sameinuðust Barnaskóli Vestmannaeyja og Hamarsskóli. Haustið 2007 var skólanum aldursskipt þannig að nemendur í 1. – 5. bekk eru í Hamarsskóla og nemendur í 6. – 10. bekk eru í Barnaskóla. Skýrslunni er dreift til fræðslustjóra, fræðsluráðs, stjórnar foreldrafélagsins. Skýrslan mun liggja frammi á bókasöfnum Barna- og Hamarsskóla, á kaffistofum í báðum húsum og á heimasíðu GRV www.grv.is

Markmið með útgáfu skýrslunnar er að gera grein fyrir því fjölbreytta starfi sem fer fram í Grunnskóla Vestmannaeyja, ásamt því að halda saman nauðsynlegum upplýsingum úr skólastarfinu. Hún mun nýtast sem góð heimild um skólastarfið í heild sinni frá ári til árs. Skýrsluna prýða ýmsar myndir úr skólastarfinu sem gefa lesendum innsýn í það og gera hana líflegri. Að gerð skýrslunnar koma skólastjóri, aðstoðarskólastjórar, deildarstjórar og kennarar.

Grunnskóli Vestmannaeyja júní 2017
Stjórnendur GRV

Inngangur

Skólastarfið hófst með því að starfsfólk mætti til starfa 15. ágúst að loknu sumarleyfi. Vinnan hófst með starfsmannafundi og upprifjun á Uppeldi til ábyrgðar, Orð af orði og Heilsueflandi grunnskóla, hugmyndafræði sem GRV vinnur eftir. Nokkrir fyrirlestar voru þessa starfsdaga í byrjun árs: Læsisráðgjafar menntamálastofnunar voru með fyrirlestur fyrir allt starfsfólk GRV. Mentor var með námskeið og Guðbjörg Guðmannsdóttir kynnti google umhverfið sem skólinn byrjaði að vinna með haustið 2016. Í framhaldi af þessu vann starfsfólk að öðrum undirbúningi fyrir skólastarf vetrarins til 19. ágúst. Formleg skólaþing var þann 22. ágúst, hver árgangur fyrir sig og voru skólaþingar að venju fjölsóttar. Eftir hverja skólaþingingu voru umsjónarkennarar með stutta hópforeldrafundi þar sem farið var yfir starf komandi vetrar og valdir voru foreldrafulltrúar í hverjum bekk. Kennsla hófst samkvæmt stundatöflu þriðjudaginn 23. ágúst kl. 08:00.

Hagnýtar upplýsingar

Skólastjórnendur

Sigurlás Þorleifsson skólastjóri

Ingibjörg Jónsdóttir aðstoðarskólastjóri Barnaskóla

Ólöf Aðalheiður Elíasdóttir aðstoðarskólastjóri Hamarsskóla

Anna Rós Hallgrímsdóttir deildarstjóri á eldra stigi Barnaskóla

Óskar Jósúason deildarstjóri á yngra stigi Hamarsskóla

Nefndir og ráð

Skólaráð

Sigurlás Þorleifsson skólastjóri

Anna Lilja Sigurðardóttir kennari

Hjördís S Traustadóttir starfsmaður

Hildur Jóhannsdóttir formaður foreldrafélagsins

Jóhanna K Reynisdóttir foreldri

Lóa Hrund Sigurbjörnsdóttir kennari

Arnsteinn I Jóhannesson foreldri

Foreldrafélag

Hildur Jóhannsdóttir, formaður, gjaldkeri og ritari

Meðstjórnendur:

Lísa Njálsdóttir

Berglind Smáradóttir

Kolbrún Sól Ingólfssdóttir

Nemendaverndarráð

Í nemendaverndarráði sitja skólastjórnendur, hjúkrunarfræðingur, námsráðgjafi, kennsluráðgjafi og fulltrúi frá félagsþjónustunni. Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi heilsugæslu, námsráðgjöf og sérfræðiþjónustu og vera skólastjórnendum til aðstoðar við gerð áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur. Fundað er aðra hverja viku allt skólaárið. Kennarar vísa til nemendaverndarráðs málum er varða velferð nemenda. Umsjónarkennari skal upplýstur um stöðu mála.

Nemendaráð

Í nemendaráði eru 11 nemendur af unglingastigi.

Í ráðinu í vetur voru: Þórhallur Orri Steinsson 10. RÖ, Valgerður Elín Sigmarsdóttir 10. ÁST, Úlfur Alexander Hansen 10. RÖ, Eyþór Gíslason 10. HJ, Birgir Þór Orrason 10. HJ, Auðbjörg Helga Óskardóttir 10. ÁST, Arnar Þór Lúðvíksson 10. RÖ, Trausti Mar Sigurðarson 9.SF, Bryndís Guðjónsdóttir 9. BP, Aðalheiður S. Magnúsdóttir 8. JN, Valgerður Elín Sigmarsdóttir 8. JN.

Nemendafjöldi

Heildarfjöldi nemenda í GRV var 530 nemendur við lok skólaárs. Í Hamarsskóla (1. -5. bekkur) voru 272 nemendur og í Barnaskóla (6. -10. bekkur) voru 258 nemendur.

Hamarsskóli

Bekkur	Drengir	Stúlkur	Samtals
1.	25	27	52
2.	24	33	57
3.	37	26	63
4.	25	23	48
5.	30	22	52
Samtals	141	131	272

Barnaskóli

Bekkur	Drengir	Stúlkur	Samtals
6.	23	18	41
7.	36	22	58
8.	23	29	52
9.	27	21	48
10.	28	31	59
Samtals	137	121	258

Starfsmenn

Umsjónarkennarar:

- 1. bekkur: Anna Lilja Sigurðardóttir, Snjólaug Árnadóttir og Helga Garðarsdóttir.
- 2. bekkur: Herdís Rós Njálisdóttir, Sigurbjörg Jónsdóttir og Þóra Sigríður Sigurðardóttir.
- 3. bekkur: Guðrún Snæbjörnsdóttir, Kolbrún Matthíasdóttir og Þórdís Jóelsdóttir.
- 4. bekkur: Ester S. Helgadóttir, Margrét Elsabet Kristjánsdóttir og Sæfinna Ásbjörnsdóttir.
- 5. bekkur: Arnheiður Pálsdóttir, Helga Jóhanna Harðardóttir og Jóhanna Alfreðsdóttir.
- 6. bekkur: Dóra Guðrún Þórarinsdóttir og Elísa Sigurðardóttir.
- 7. bekkur: Bryndís Bogadóttir, Jónatan G. Guðbrandsson og Ólafía Ósk Sigurðardóttir.
- 8. bekkur: Anna Ýr Sveinsdóttir og Jóhanna Njálisdóttir.
- 9. bekkur: Berglind Þórðardóttir, Guðríður Jónsdóttir og Svanhvít Friðþjófsdóttir.
- 10. bekkur: Ásdís Steinunn Tómasdóttir, Hildur Jónasdóttir og Rósa Hrönn Ögmundsdóttir.

Aðrir kennarar:

Arna Björg Sigurbjörnsdóttir	Inga Þórarinsdóttir
Ásta Kristmannsdóttir	Jarl Sigurgeirsson
Ástríður Júlíusdóttir	Lára Skæringsdóttir
Bára Ingólfssdóttir	María Guðbjörg Pálmadóttir
Bjartey Gylfadóttir	Nina Anna Dau
Björn Elíasson	Ólafur E. Lárusson
Dóra Hanna Sigmarsdóttir	Ólöf Margrét Magnúsdóttir

Einar Kristinn Kárason	Sara Jóhannsdóttir – hætti í janúar
Eva S. Káradóttir	Sigurhanna Friðþórsdóttir
Eyvindur Steinarsson	Sverrir Marinó Jónsson
Guðbjörg Guðmannsdóttir	Snorri Rútsson
Guðný Jensdóttir	Súsanna Georgsdóttir
Halla Júlía Andersen	Unnur Baldursdóttir
Harpa Hauksdóttir	Valgerður Bjarnadóttir
Helga Sigrún Þórsdóttir	Þóra Gísladóttir
Hilmar Björnsson	Þórey Friðbjarnardóttir – hóf störf í janúar
Hrafnhildur Skúladóttir	Þórhallur Barðason

Fagstjórar:

Yngra stig:	Eldra stig:
Helga Sigrún Þórsdóttir – íslenska	Sigurhanna Friðþórsdóttir – náttúrugreinar
Herdís Rós Njálisdóttir – stærðfræði	Rósa Hrönn Ögmundsdóttir – samfélagsgreinar
	Svanhvít Friðþjófsdóttir – íslenska
	Berglind Þórðardóttir og Hildur Jónasdóttir – stærðfræði
	Dóra Hanna Sigmarsdóttir – danska
	Lára Skæringsdóttir – enska

Skólasafnverðir:

Kristín Sigurðardóttir – yngra stig	Stella Skaptadóttir – eldra stig
-------------------------------------	----------------------------------

Stuðningsfulltrúar:

Yngra stig:	Eldra stig:
Agnar Jónsson	G. Karen Tryggvadóttir
Anna Lilja Tómasdóttir	Guðbjörg Lilja Þórarinsdóttir
Erla Gísladóttir	Hafdís Hannesdóttir – hætti í maí
Hjördís S. Traustadóttir	Inga Hanna Andersen
Íris Huld Gunnardóttir	Ingunn Arnórsdóttir
Jóhanna K. Reynisdóttir	Kristrún Hlynisdóttir
Kolbrún Lilja Ævarsdóttir	Lilja Rut Sæbjörnsdóttir – hætti í maí
Kristný S. Tryggvadóttir	Rut Ágústsdóttir
Lilja Ólafsdóttir	
Rósa E. Guðjónsdóttir	
Sesselja G. Pálsdóttir	
Sigríður Vigdís Ólafsdóttir	

Skólaliðar:

Yngra stig:	Eldra stig:
Anna Einarsdóttir	Erna Sævarsdóttir
Birna Hilmisdóttir	Guðný Hilmisdóttir/Kristín Ásmundsdóttir
Guðrún Á. Jakobsdóttir afleysing	Helena Sigurðardóttir
Jakobína Guðfinnsdóttir/Birta Marinósdóttir	Ingunn Þóra Björgvinsdóttir
Jóhanna María Hafsteinsdóttir	Kristjana Sif Högnadóttir
Dagrún Sigurgeirsdóttir	Margrét Jóhannsdóttir
Snæborg Þorsteinsdóttir	Sigríður Hreinsdóttir
Þóra Hjördís Egilsdóttir	
Þuríður Georgsdóttir	

Matráðar:

Unnur Katrín Þórarinsdóttir (Hamarsskóli)	Guðlaug Björgúlfsdóttir Hjelm (Barnaskóli)
---	--

Húsnæði

Kennsla fer fram í tveim skólahúsum, Hamarsskóla þar sem 1. -5. bekkur er og í Barnaskóla þar sem 6. -10. bekkur er. Kennsla í íþróttum og sundi fer fram í Íþróttamiðstöð Vestmannaeyja. Í báðum skólahúsum eru almennar kennslustofur, bókasafn, verkgreinastofur (myndmennt, textílmennt, smíði og heimilisfræði), tölvustofa, námsver á öllum stigum. Nemendur borða hádegismat í matsal í Hamarsskólanum og í sal Barnaskólans. Nemendur á unglingastigi geta einnig keypt sér mat í félagsaðstöðu í frímínútum. Frístundaver er starfrækt fyrir nemendur í 1. – 5. bekk og félagsmiðstöðin Rauðagerði við Boðaslóð er starfrækt fyrir nemendur í 6. -10. bekk.

Skóladagatal

Skóla- og viðburðadagatal skólaársins 2016-2017 má sjá sjá á heimasíðu skólans www.grv.is

Skólalóðir

Mikið þarf að gera á skólalóðum við bæði skólahúsin, þær hafa aldrei verið kláraðar samkvæmt teikningum. Í Barnaskóla er einn gervigrasvöllur, 2 körfuboltavellir, einn steypdur fótboltavöllur, 8 rólur og teygjuklifurgrind stór hluti af skólalóðinni er steypdur þar sem hægt er að vera í ýmsum leikjum. Í Hamarsskóla er ein stór teygjuklifurgrind, aparóla, 8 rólur, sem er of lítið fyrir 250 nemendur og 5 ára deildina. Einn sandkassi, netaklifurgrind, einn gervigrasvöllur, 3 malbikaðir vellir, 2 oft notaðir sem hjólavellir, 3 körfuboltakörfur, A- hús notað í ýmsa leiki eins og „yfir“. Mikið grassvæði er kringum skólann sem er orðið illa farið eftir miklar rigningar, einnig eru malbikaðir reitir sem notaðir eru í ýmsa leiki. Ruslagámar eru óafgirtir við inngang að matsal og keyra bílar allt of oft nálægt inngöngum, bæði við norður innganginn og við 5 ára deild sem getur skapað slyshættu. Brýn þörf er að girða af ruslagáminn eða færa hann út af skólalóðinni. Fyrir liggja teikningar af skólalóðum sem bíða framkvæmda er það forgangsatriði að klára skólalóðir beggja skóla.

Áherslur í skólastarfi

Í nýrri menntastefnu eru skilgreindir sex grunnþættir. Þeir eru í anda gildandi laga, reglugerða og alþjóðasamninga og mynda kjarna menntastefnunnar. Þeir varða starfshætti, inntak og umhverfi

náms á öllum skólastigum og skapa mikilvæga samfellu í íslensku skólastarfi. Þessir grunnþættir eru: **læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun**. GRV hefur þessa grunnþætti að leiðarljósi í skólastarfinu. (*Grunnþættir menntunar, 2013*)

Í Grunnskóla Vestmannaeyja er lögð áhersla á að koma sem best til móts við námshæfileika og getu hvers nemanda. Því hefur einstaklingsmiðað nám, nám sem tekur mið af stöðu hvers nemanda, fengið aukið vægi í skólastarfinu. Kennarar stuðla að og búa nemendum sínum örvandi námsumhverfi þar sem hver og einn getur nálgast námið þannig að best henti honum. Þannig höfum við að leiðarljósi að verkefnin séu skapandi, heilstæð, merkingarbær og örvandi. Í einstaklingsmiðuðu námi er fjölbreytni í kennsluaðferðum, námsframboði, nálgun og mati á nemendum grundvallaratriði. Stefnt skal að því að kraftmikið námssamfélag sé í hverri kennslustofu. Ein þeirra námsleiða sem við höfum valið til að styðja við og auðga nám nemenda er

Orð af orði. Sú aðferð tekur tillit til og styður við þætti aðalnámskrár. Markmið verkefnisins er að viðhalda áunninni þekkingu og árangri en jafnframt leggja áherslu á að styrkja þann árangur og festa aðferðirnar í sessi sem hluta af kennslu ólíkra námsgreina. Orð af orði er hægt að nota í hvaða námsgrein sem er. Allir nemendur skólans leggja stund á yndislestur í upphafi hvers skóladags. Reiknað er með um 15 mínútum á dag.

Leið til læsis er stuðningskerfi fyrir nemendur í 1. – 4. bekk sem byggt er á stöðluðum matstækjum sem gefa kennurum og foreldrum til kynna stöðu nemenda í lestri nokkrum sinnum á ári. Út frá því má sjá árangur og framfarir milli kennslutímabíla og hvort þörf er á að endurskoða markmið og leiðir. Þetta er gert til að laga kennsluna enn betur að þörfum hvers nemanda til að sem bestur árangur náist. Áhersla er lögð á snemmtæka íhlutun sem vinnur að því að koma í veg fyrir að nemendur lendi í lestrarvanda. Kennsluskipulagið er stigskipt þannig að öll börn fá kennslu við sitt hæfi.

PALS – lestrarþjálfun byggist upp á því að pör lesa saman. Aðferðin þjálfar lesfimi, virka hlustun og lesskilning (veitir aðalatriðum athygli, dregur þau saman og spáir fyrir um það sem kemur næst í sögunni). Nemendur eru paraðir saman eftir reglum Pals og vinna í nokkrar vikur. Hver lestrarstund varir í 35-45 mínútur, þrisvar í viku. Kennarinn fylgist með pörum og aðstoðar þau eftir þörfum við að bæta lesturinn. Markmiðið með aðferðinni er að gefa kennaranum kost á að þjálfar alla nemendur samtímis í lestri. Aðferðina höfum við aðallega notast við í 4. bekk en kennarar hafa einnig nýtt aðferðina í öðrum árgöngum. K-pals er fyrir yngri nemendur og hafa kennarar nýtt þá aðferð fyrir nemendur sem eiga í erfiðleikum með lestrarnámið á fyrstu stigunum.

Námsefnið **Stig af stigi** hefur verið notað með nemendum í 1. og 2. bekk og var klárað með nemendum í 3. bekk í vetur. Ákveðið var að 5. ára deild myndi nota námsefnið, framvegis verður námsefnið kennt í 5 ára deild og 1. og 2. bekk. Í þessum tímum þjálfast nemendur í að gera sér grein fyrir eigin tilfinningum sem og annarra, leysa úr vanda, umgangast aðra og taka tillit til tilfinninga annarra. Þeir læra að leysa vanda stig af stigi.

Náttúruvísindi á Heimaey er þáttur í vinnu skólans og liður í því eru Náttúruvísindadagar. Í nokkur ár hefur Grunnskóli Vestmannaeyja unnið eftir mörgum gildum **Heilsueflandi grunnskóla** og er GRV formlega orðinn Heilsueflandi Grunnskóli.

Í GRV er einnig lögð mikil áhersla á góða ástundun og mikilvægi hennar sem og samstarf milli heimilis og skóla.

Skólaárið 2017-2018 verður áfram lögð áhersla á lestur og aukin áhersla á lesskilning og stærðfræði. Nýtt námsmat og upplýsingatækni munu áfram skipa stóran sess á því skólaári.

Framtíðarsýn

Þann 25. ágúst 2015 undirrituðu stjórnendur leik- og grunnskóla, bæjarstjóri og formaður fræðsluráðs sameiginlega framtíðarsýn í menntamálum sem felur í sér að leggja beri áherslu á að efla læsi og stærðfræði í skólastarfi Vestmannaeyjabæjar. Áhersla er m.a. lögð á að styrkja og efla samstarf starfsmanna skólanna og forráðamanna því þar býr aflið sem getur skapað nemendum öruggt og styðjandi umhverfi til náms og stuðlað að árangri þeirra og vellíðan. Skýrslu um þá vinnu í skólanum má sjá á heimasíðu skólans

<http://grv.is/is/page/framtidarsyn-og-aherslur-a-laesi-og-staerdrfaedi>

Einkunnarorð skólans

Vorið 2010 hófst innleiðing á **Uppeldi til ábyrgðar** sem miðar að því að kenna einstaklingum sjálfsaga. GRV vinnur eftir þessari stefnu. <http://grv.is/is/page/uta>

Einn liður í Uppeldi til ábyrgðar er að nemendur velji sér lífsgildi, sem eru ekki reglur heldur sameiginleg sannfæring okkar um það sem skiptir máli í skólanum. Í Uppeldi til ábyrgðar er lykilatriði að gildin sem valin eru komi frá nemendum sjálfum. Því var haldið nemendaping og var niðurstaða þess að mikilvægustu gildin af öllum væru **GLEÐI, ÖRYGGI og VINÁTTA** sem eru gildi og einkunnarorð skólans í dag.

Þróunarverkefni

Stærðfræði snemmtæk íhlutun

Hópurinn skipuðu: Herdís Njálsdóttir, Anna Lilja Sigurðardóttir, Arnheiður Pálsdóttir, Snjólaug Bragadóttir og Margrét Elísabet Kristjánsdóttir og Helga Jóhanna Harðardóttir.

Markmiðið með þróunarverkefninu var að búa til eða finna skimunarpróf sem leitar að veikleikum hjá börnum í stærðfræði við upphaf skólagöngu.

Verkefnið fékk styrk úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla til að fá til sín ráðgjafa og var þá haft samband við Þóru Rósu Geirsdóttur sem er sérfræðingur á miðstöð skólaþróunar á Akureyri. Hún hefur sérhæft sig í stærðfræðikennslu yngri barna, kennsluráðgjöf í leik- og grunnskólum, lestrar- stærðfræði og málþroskagreiningum og einstaklingsmiðun í kennslu. Fundað var nokkrum sinnum með Rósu, rætt hvað hópurinn vildi fá út úr samstarfinu og hvernig ætlunin var að nálgast þau markmið sem sett voru í upphafi. Þóra Rósa var ekki með sömu hugmyndir og stýrihópurinn í byrjun en



hópurinn hélt sig við sín markmið og fékk þóru með sér í lið. Fyrsta verkefnið var að þýða bækling sem Þóra Rósa hafði sýnt hópnum, þetta var bæklingur um árangursríkar aðferðir til að kenna stærðfræði, sem Joe Boiler hafði tekið saman. Þessir punktar eiga erindi við alla kennara sem hafa metnað til að kenna stærðfræði á árangursríkan hátt.

7 leiðir til að kenna stærðfræði á árangursríkan hátt.

Joe Boiler

- Allir geta lært stærðfræði bæði einfalda og flókna
- Það er mikilvægt að gera mistök
- Allar spurningar eru mikilvægar
- Stærðfræði snýst um sköpun og skilning
- Stærðfræði snýst um samræður og samhengi
- Stærðfræðikennsla snýst um námið en ekki námsmatið
- Skilningur er mikilvægari en hraði

Í febrúar 2017 fóru hjólin að snúast fyrir alvöru þá fundaði stýrihópurinn aftur með Þóru Rósu og hún benti hópnum á lokaverkefni til M.Ed. gráðu sem Dóróþea Guðrún Reimarsdóttir hafði nýlega kynnt, Lengi býr að fyrstu gerð: stærðfræðifærni sex ára barna, mat og íhlutun.

Í þessu verkefni hafði Dóróþea fundið skimunarpróf sem hún vann upp úr bókinni: *Early Numeracy: Assessment for Teaching and Intervention (Math Recovery)*. Dóra var tilbúin að senda stýrihópnum prófin sem hún hafði notað og prufukeyrt fyrir lokaverkefnið sitt í Dalvíkurskóla. Þá hófst vinna við að aðlaga það að þörfum og áherslum í GRV.

Næstu skref

Skimunarpróf sem verður lagt fyrir 1. bekk næsta haust. Prófið sjálft er lagt fyrir maður á mann og því er mikilvægt að allt sé klárt fyrir kennarana að byrja sem fyrst og nýta allan þann tíma sem fellur til.

Einnig er tilbúinn gátlisti um þau atriði sem hægt er að kanna með gulum minnismiðum (post-it). Hópurinn leggur upp með að byrjað verði strax í lok september (um leið og gluggi Leiðar til læsis opnar) að skima fyrir hugsanlegum lestrarörðugleikum. Um leið og vinnan við *Leið til læsis* er farin í gang verður byrjað að skima einstaklingslega fyrir þeim nemendum sem gætu þurft inngrip í stærðfræði. Í byrjun desember verður svo farið í að kanna stöðuna með post it miðum. Það er gert í lok dags, tekur stuttan tíma og á ekki að þurfa að trufla kennslu.



Afrakstur vetrarins: Próf, matslisti og tímarammi.

Lestrarstefna GRV

Helga Sigrún Þórsdóttir og Svanhvít Friðþjófsdóttir fagstjórar í íslensku.

Þróunarhópur í læsi var ekki starfandi þennan vetur eins og fyrri ár en fagstjórar í íslensku héldu utan um lestrarstefnuna og sáu um að henni væri framfylgt.

- Fóru yfir þær athugasemdir sem höfðu borist.
- Athugasemdir og breytingar hafa verið settar inn í lestrarstefnuna eins og við á. Ný og breytt lestrarstefna verður því sett inn á netið í ágúst/sept 2017.
- Menntamálastofnun er komin með ný stöðluð próf í lestri sem GRV tók þátt í að staðla. Þau próf voru notuð í vetur ásamt stöðluðum einkunnum.
- GRV hélt sig við lestrarstefnuna sína í vetur og einkunnir í lestri voru gefnar eftir henni. En veturinn 2017-2018 munu þau viðmið detta út og notuð viðmið frá MMS. Lestrarstefnu GRV verður breytt í samræmi við það.
- MMS hefur útbúið eitt lestrarpróf að hausti, janúar og í maí ásamt orðleysum og sjónrænum orðaforða.
- Lesskilningur: Fara þarf í markvissari vinnu með lesskilning. Markmið að stofna þróunarhóp um lesskilning veturinn 2017-2018.

Þróunarhópur um tvítyngi

Nina Anna Dau

Helstu áherslur/markmið

Skólaárið 2016-2017 var enginn þróunarhópur í hefðbundinni mynd starfandi á þessu sviði, heldur var ég ein starfandi í Hamarsskóla sem nokkurs konar fulltrúi þessara vinnu.

Meginmarkmið mín voru þríþætt:

- Að fylgjast með útgáfu námsefnis fyrir tvítyngda nemendur og annað þróunarstarf
- Að sinna ráðgjöf til umsjónarkennara tvítyngdra nemenda
- Að útbúa námsefni fyrir tvítyngda nemendur á yngsta stigi GRV

Útgáfa námsefnis og þróunarstarf á Íslandi

Starf haustsins hófst á því að ég tók þátt í starfsdegi SÍSL (sérfræðingateymi í samfélagi sem lærir) um námsefni fyrir tvítyngda nemendur í nóvember 2016. Þetta var mjög yfirgripsmikill starfsdagur þar sem nánast allt námsefni sem gefið hefur verið út fyrir íslenskunám tvítyngdra nemenda, sem og námsefni sem skólar og stofnanir landsins hafa unnið og verið tilbúin að deila, var kynnt fyrir þátttakendum. Þátttakendur fóru á milli kynningastöðva á 12 mínútna fresti og kynntust því öllu námsefni í stuttu máli. Þegar heim var komið tók svo við ítarleg skoðun mín á þessu efni. Ég tók saman allt efnið og bjó til yfirlit og stutta kynningu fyrir samstarfsfólki mitt. Um leið og ég útbjóst þessa kynningu og skýrslu um starfsdaginn fór ég einnig dýpra ofan í margt af því námsefni sem ég kynntist á starfsdeginum og fann þar margt gott og nytsamlegt fyrir skólastarfið okkar. Það sem stóð upp úr var að sjá hversu margir eru að vinna samskonar vinnu og við, að útbúa námsefni eftir þörfum nemenda og að vinna í gegnum leiki og spil til að efla og örva íslenskunotkun tvítyngdra nemenda. Annað sem stóð upp úr var námsefnið fyrir eldri og lengra komna nemendur sem í boði er sem og aðlagð námsefni sem skólar hafa unnið og eru tilbúnir að deilda með öðrum. Það sem situr eftir eftir þennan starfsdag, er að það er til hafsjór af góðu fólki og góðu námsefni og að

enginn þarf að vera einn út í horni að sinna þessum málum. Tvítýngdir nemendur finnast í öllum skólum á Íslandi í dag og það er verið að vinna gott starf á mörgum stöðum. Að tala saman og leita sér aðstoðar hjá hvort öðru er það sem við þurfum að efla. Kynninguna má finna á K-drifinu undir Þróunarvinna - tvítýngi.

Ráðgjöf

Íslenskukennsla tvítýngdra nemenda í Hamarsskóla hefur verið helst í höndum Höllu Júlíu Andersen og mér í vetur. Við höfum talað okkur saman um hvaða aðferðir úr hefðbundinni íslenskukennslu gagnast til að kenna t.d. betri orðaforða og rétta málnotkun. Einnig fer mikill tími í framburð og lestur á íslensku. Umsjónarkennarar hafa leitað til mín þegar þá hefur vantað nýjar leiðir til að kenna tvítýngdum nemendum sínum og er mjög gott að geta gripið í yfirlitið sem þróunarhópur um tvítýngi bjó til í fyrra um námsleiki og námsefni. Kynningin af starfsdeginum bætti svo heilmiklu efni við. Ekki er búið að finna útprentuðu og útgefnu námsefni beinlínis stað í húsinu, en breytingar standa nú yfir á bókasafninu. Efnið sem til er má helst finna í námsveri 1 (hjá Ninu) og í námsveri 3 (hjá Höllu) sem og í námsveri 2 (hjá Helgu Sigrúnu).

Þróun námsefnis og kennslu

Í vetur byrjaði ég einnig á að útbúa litla námsefnispakka (umslög) sem nemendur gátu tekið með sér inn í bekkinn til að dýpka orðaforða og notkun nýrra orða sem þeir unnu með í málörvunartímum. Kennarar voru ánægðir með þetta, því nemendur gátu þá unnið sjálfstæðir þegar almenn verkefni í tímum hentaði þeim ekki. Þetta vil ég gjarnan útfæra meira og betur næsta vetur. Ég kenndi íslensku fyrir tvítýngda nemendur í þremur hópum í vetur:

- Íslenska fyrir byrjendur
- Íslenska fyrir lengra komna
- Íslenska fyrir alla



Helstu námsmarkmiðin í hópunum voru þessi:

1. Íslenska fyrir byrjendur

- Orðaforði
- Setningabygging
- Frásögn, tjáning í samfelldu máli
- Grunnmálfræði eins og beygingar, föll og fleira

2. Íslenska fyrir lengra komna

- Flóknari orðaforði (sérhæfing, lýsingarorð, o.fl.)
- Setningabygging
- Frásögn, tjáning í samfelldu máli
- Grunnmálfræði eins og beygingar, föll og fleira

3. 3. Íslenska fyrir alla

- Getublandaður hópur
- Gagnlegur orðaforði í daglegu lífi
- Virk þátttaka í leikjum, æfingum, daglegum athöfnum
- Tjáning eigin þarfa, tilfinninga o.fl.
- Einföld málfræði

Töluvert af efni er nú þegar til hjá okkur fyrir “Íslenska fyrir byrjendur” þó að maður bæti sífellt við það.

Í “Íslenska fyrir lengra komna” er maður að reyna að fylgja þörfum nemenda sem eru mjög ólík eftir því, í hverju nemendur eru sterkir og í hverju þeir þurfa meiri þjálfun. Hér var unnið með þemaverkefni til að styrkja mál- og lesskilning flóknari og fræðilegri texta, unnið með flóknari málfræði eins og tíðir, stigbreytingar og fleira og með frásögn, sagnagerð og setningarbyggingu. Notað var tilbúið námsefni (t.d. Kæra dagbók 2) og síðan er námsefni búið til og kennsluáætlanir þróaðar um leið.

“Íslenska fyrir alla” var nýtt fyrirkomulag, þar sem 7 nemendur á öllum getustigum í íslensku voru að vinna saman í para- og hópavinnu, spilum og leikjum. Meginmarkmiðið var að hvetja og virkja nemendur til að tjá sig frjálst á íslensku og taka virkan þátt í umræðum, leikjum, spilum og æfingum. Ég paraði yfirleitt byrjendur og lengra komnum saman og setti þá lengra komnu nemendur í leiðbeinendastöðu en um leið gafst færi á því að kanna þeirra þekkingu og getu, t.d. á einfaldri málfræði og setningarbyggingu. Ég vann mikið með alls kyns leiki sem byggðu á snerpu, minni og tali sem efldi alla nemendurna í að tala og tjá sig, sem gaf góðan árangur.

Það má því segja að þróunarvinnan í vetur hafi að hluta til átt sér stað í tengslum við kennsluna, að þróa mismunandi kennsluáætlanir út frá mismunandi þörfum og forsendum og tókst vel til. Allir nemendur sýndu framfarir eftir veturinn.

Þróunarhópur um upplýsingatækni í kennslu

Helstu áherslur og markmið

Haustið 2016 varð Grunnskóli Vestmannaeyja hluti af Google Apps for education. Þetta er kerfi sem heldur utan um öll gögn s.s. skjöl, myndir, forrit og fleira á einum stað og fylgir notandanum. Geymsla gagna er í “skýjunum” og getur því hver notandi nálgast öll sín gögn úr hvaða tölvu/snjallsíma/spjaldtölvu sem er óháð því hvort unnið er með PC/Android eða Apple. Þess má geta að öll forrit og viðbætur eru ókeypis.

Stærsta breytingin fólst í að skipta um pósthjón og venja starfsfólk við nýtt póstumhverfi. Starfsfólk hélt netföngum sínum en flutti þjónustuna yfir í Google. Nemendur fengu ný netföng sem byrja á fæðingarári þeirra og nafni.



Google Chrome vafrinn varð aðalverkfærið og býður kerfið notendum upp á ótakmarkað gagnapláss, sjálfvirkar uppfærslur og notandinn þarf aldrei að vista neitt framar þar sem kerfið sér um að vista allt á rauntíma. Enginn kostnaður fylgdi því að verða hluti af GAFE.

Eitt af okkar fyrstu markmiðum með innleiðingu Google var að einfalda starfsfólki utnumhald á gögnum með því að vinna út frá skýjalausnum. Helsta breytingin var að nú vistast öll gögn sjálfkrafa á rauntíma í skýjalausn Google sem nefnist Google Drive. Starfsfólk hefur aðgengi að gögnunum sínum hvenær sem er og hvar sem er. Einnig er hægt að vinna utan nets ef svo bæri undir. Að auki er einn stærsti kostur þess að taka upp Google Apps sá að margir geta unnið í sama skjali á sama tíma. Allir sjá breytingar hvers annars og allt gerist á rauntíma. Allar breytingar í skjölunum vistast um leið og þær eru gerðar þannig að enginn texti glatast í Google Apps. Öll ofangreind þjónusta fer fram í gegnum netið og því þarf engin forrit nema Google Chrome vafra til þess að nýta hana.

Spjaldtölvur skólans telja um 47 stk Acer Android, 16 glænýjir ipadar (plús nokkrir eldri í námsveri HS) og 6 Galaxy Samsung spjöld sem dreifast nokkuð jafnt í báða skólana. Notkun upplýsingatækni í gegnum spjöld og síma sérstaklega á unglingastiginu hefur aukist til muna þetta skólaárið og er starfsfólk að eflast hægt og rólega ásamt nemendum.

Kennsluhættir/ skipulag kennslu

Örnámskeið voru haldin fyrir starfsfólk yfir veturinn.

- Google Docs
- Google Drive
- Google forms
- Google Classroom
- Gmail
- Google viðbætur.

Almenn fræðsla og stuðningur við starfsfólk var stór hluti af þróun upplýsingatækni við GRV.

Aukin tækniþjónusta við starfsfólk með hjalp@grv.is sem er notendabjónusta þar sem starfsfólk sendir inn verkbeiðni ef eitthvað er í ólagi með tölvur skólans. Tölvuumsjónarmaður skólanna sá um þessa þjónustu og umsjónarmaður Google aðstoðaði við minni verkefni.

Þróunarstarf

Umsjónarmaður Google fór á ráðstefnu Google hér á Íslandi sem haldin var í Reykjavík 14.-15. Janúar 2017. (<https://iceland.gafesummit.com/2017>). Þar hittust kennarar, tölvuumsjónarmenn og áhugafólk um tækniframfarir saman og gátu rætt saman og borið saman hugmyndir. Facebook-hópurinn GRV-GOOGLE var stofnaður strax í upphafi hausts 2016 og varð vettvangur til þess að deila sniðugum hugmyndum, forritum og nýjungum í tækni.

Innranet; síða með handbókum af námskeiðum sem ég hef haldið í vetur.

Sjá hér: [HANDBÆKUR](#)

Nýjung varð þegar stjórnendur ákváðu að breyta hefðbundnum valblöðum unglingadeildar yfir í rafrænt form. Google Forms var notað við þessa breytingu og söfnuðust öll gögn samstundis. Þetta mun auðvelda gagnaöflun og úrvinnslu ásamt því að spara tíma.

Skólinn hélt áfram að nota Smore forritið við útgáfu fréttabréfs fyrir starfsfólk- rafrænt fréttabréf.

Allar fundargerðir voru unnar í Google Docs og vistaðar inn á GRV-Sameign inni á Google Drive.

Samstarf og samvinna

Margir starfsmenn og nemendur eru farnir að nota Google og ber þá helst að nefna Google Drive, Google Docs og Google slides fyrir grunnvinnslu. Markmið næstu ára er að kynna fyrir öllum nemendum skólans skýjalausnir Google og fjölga jafnt og þétt kennslu og þekkingu á hinum fjölmörgu verkfærum Google.

Við höfum einnig lagt áherslu á að einfalda samskipti milli foreldra og starfsfólks ásamt nemenda og starfsfólks með því að búa til Google póstgrúppur sem fljótlegt er að nýta sér. Markmiðið er að upplýsingaflæði verði sem skilvirkast og tel ég að Google kerfið muni eiga eftir að aðstoða okkur við það í framtíðinni.



GRV GRUNNSKÓLI
VESTMANNAEYJA

Foreldragrúppur (póstgrúppur í Google).

1.ALS 1alsfor@grv.is	2.HRN 2hrnfor@grv.is	3.GSNÆ 3gsnaefor@grv.is	4.ESH 4eshfor@grv.is	5.AP 5apfor@grv.is
1.HBG 1hbgfor@grv.is	2.SJ 2sjfor@grv.is	3.KM 3kmfor@grv.is	4.MK 4mkfor@grv.is	5.HJH 5hjfor@grv.is
1.SEA 1sefor@grv.is	2.BS 2bsfor@grv.is	3.BJ 3bjfor@grv.is	4.SA 4safor@grv.is	5.JA 5jfor@grv.is
10.ÁST 10astfor@grv.is	9.BB 9bbfor@grv.is	8.AYS 8aysfor@grv.is	7.JGJ 7gjfor@grv.is	6.ES 6esfor@grv.is
10.RÖ 10rofor@grv.is	9.GJ 9gjfor@grv.is	8.JN 8jnfor@grv.is	7.ÖS 7osfor@grv.is	6.DGB 6dgbfor@grv.is
10.HJ 10hjforeldran@grv.is	9.SF 9sffor@grv.is		7.BB 7bbfor@grv.is	

Flettibók nemendur (netföng nemenda við GRV).

Skýrsluhöfundur: Guðbjörg Guðmannsdóttir.

Stýrihópar

Á síðasta skólaári var lögð áhersla á að innleiða nýtt námsmat í skólann svo stýrihópar voru færri en síðasliðin ár. Skólinn hélt þó áfram að vinna eftir þeirri hugmyndafræði sem hann hefur unnið eftir undanfarin ár.

Heilsueflandi grunnskóli

Í stýrihóp Heilsueflandi grunnskóla veturinn 2016 -2017 voru: Súsanna Georgsdóttir hópstjóri, Lára Skæringsdóttir, Ester S. Helgadóttir, Harpa Hauksdóttir, Ólöf A. Elíasdóttir og Ingibjörg Jónsdóttir. Verkefninu var haldið við en ekki eins kröftulega og árið á undan.

Áherslupættir Heilsueflandi grunnskóla eru átta og var haldið áfram í vetur að vinna með starfsfólkið sem eru mikilvægasti hlekkurinn í heilsukeðjunni. Ef starfsfólkið er jákvætt gagnvart þessum breytingum er grunnurinn traustur.



Einnig var ákveðið að halda áfram að vinna með nestismál nemenda.

Skólaárið 2015 – 2016 breyttum við áherslum í nestismálum í skólanum, mæltumst til að nemendur kæmu með ávexti, grænmeti í nesti og um leið minnkuðu allt brauð og sætindi.

Í Hamarsskóla voru nemendur og foreldra frekar jákvæðir í garð breytinga á nestismálunum. Nemendur voru duglegir að minna hvern annan á að koma með hollt.

Í Barnaskóla gekk ekki eins vel og við vorum að vona. Við verðum að líta á það sem áskorun ekki sem vandamál og halda ótrauð áfram. **Góðir hlutir gerast hægt.**

Í byrjun skólaárs 2016 - 2017 var áfram lagt upp með það að nemendur kæmu með ávaxta- og grænmetisnesti og voru þau skilaboð send heim til allra foreldra/forráðamanna í GRV.

Þegar grunnskólar ákveða að vera heilsueflandi eiga þeir að skapa skólaumhverfi sem stuðlar að andlegri, líkamlegri og félagslegri heilsu og vellíðan nemenda og starfsfólks í samvinnu við heimili og nærsamfélag. Skólar eiga að koma sér upp heildrænni og vel skipulagðri heilsustefnu þar sem horft er á allt skólasamfélagið í heild. Stýrihópur skólaársins 2015-2016 lagði áherslu á slíka heilsustefnu og töldu mikilvægt að fulltrúar allra sem málið varðar verði að fá að taka þátt í slíkri stefnumótun.

Ekki tókst að vinna þriggja ára áætlun fyrir skólasamfélagið um heilsuefingu og aðgerðaráætlun fyrir hvert ár eins og markmið hópsins var á þessu skólaári svo það færist yfir á næsta skólaár.

Stofnuð var facebooksíða sem heitir Heilsuhópur GRV. Þar getur starfsfólk skipst á uppskriftum og ýmsum upplýsingum um heilsutengd málefni.

<https://www.facebook.com/groups/1239803792766279/?fref=ts>

Starfsfólk GRV tók þátt í Lífshlaupinu eins og áður í febrúar og voru ýmsir viðburðir í tengslum við það:

- **Miðvikudaginn 8. febrúar** var starfsfólki GRV boðið að fara í badminton í Íþróttamiðstöðinni á fundartíma
- **12. febrúar var boðið upp á samflot í íþróttamiðstöðinni**
- **15. febrúar var boðið upp á Metabolic tíma í Týsheimilinu**
- **Svanhvít bauð upp á jóga á hverjum þriðjudegi frá því að Lífshlaupið hófst og fram að páskum.**
- **Heilsukaffi starfsfólks var haldið 22. febrúar.**

Sótt var um styrk úr Lýðheilsusjóði fyrir skólaárið 2015-2016 fyrir heilsueflingu starfsfólks, skólinn fékk styrk upp á 200.000 kr.

Nemendur

Eftir áramótin voru áherslubreytingar í matartímum í skólanum. Í samstarfi við starfsfólk skólans var ákveðið að láta nemendur taka meiri ábyrgð á matarskömmun. Kenna þeim að fá sér mátulegt magn af mat á diskinn og klára af honum í stað þess að leifa og henda. Afgangar voru vigtaðir frá hverjum og einum árgangi.

Þessar breytingar eru liður í að minnka sóun á mat, auka vitund nemenda og að þeir læri að taka ábyrgð. Einnig til að koma á móts við þarfir nemenda. Þetta gekk vonum fram, þá sérstaklega í Hamarsskóla. Nemendur þurftu aðeins að venjast breytingunni til að byrja með en stóðu sig svo virkilega vel. Þessu verður haldið áfram næsta skólaár og gera enn betur í baráttunni við matarsóun.

Orð af orði - orðaforði

Ásdís Steinunn Tómasdóttir hefur leitt verkefnið orð af orði og verið hópstjóri stýrihóps undanfarin ár. Þrátt fyrir að það hafi ekki verið starfandi stýrihópur skólaárið

2016-2017 hélt hún kennurum við efnið með því að senda út pósta með hugmyndum og ábendingum auk þess að vera til staðar ef kennarar þurftu á aðstoð eða leiðsögn að halda.



Helsta markmið verkefnisins er að viðhalda yndislestri og þeim skemmtilega skólabrag sem með honum hefur skapast. Önnur mikilvæg verkefni eru meðal annars að efla orðaforða, orðvitund og lesskilning með því að auka lestur, samræður og hlustun. Efla vitund um gildi orða fyrir lestur, skilning og nám, styrkja málumhverfið með því að auka við orðavinnu, lestur og ritun,

samvinnu og samræður. Vinna með orð, orðskýringar, orð dagsins, orðhlutavinnu, orðapúsl, nýyrðasmíð, orðaleiki, krossglímur, hugtakakort, orðahjól og krossgátusmíð svo eitthvað sé nefnt.

Kennsluaðferðir OAO eru mikið notaðar á báðum starfsstöðum og nemendur nýta sér þessar aðferðir óumbeðnir sem telst góður árangur. Lestrarkennsla hefur notið góðs af þessum aðferðum og áherslum. Yndislestur hefur náð að festa sér sess í öllum árgöngum ekki bara þeim yngstu. Lestarhestur er nýttur í öllum árgöngum og heimalestri er fylgt eftir alla skólagönguna.

Jákvæð samskipti

Dóra Guðrún Þórarinsdóttir hélt utan um þetta verkefni í vetur þar sem ekki var starfandi stýrihópur.

Miðvikudaginn 24. ágúst kom Páll Ólafsson sálfræðingur með fyrirlestur fyrir allt starfsfólk GRV um jákvæð samskipti.

Veturinn 2015-2016 hafði stýrihópurinn útbúið kennsluáætlanir í jákvæðum samskiptum og í eineltisvörnum. Þessum áætlunum var komið til kennara í ágúst og þeir beðnir um að fara eftir þeim þennan vetur. Einnig var handbók **um viðbrögð við samskiptavanda** kláruð og kynnt fyrir kennurum.

Dagur jákvæðra samskipta var haldinn 8. nóvember í miðri vinavíku.

Dagskrá dagsins var með svipuðum hætti og undanfarin ár þar sem nemendur í 1. - 3. bekk komu og hittu nemendur í 8. - 10. bekk og nemendur í 4. og 5. bekk tóku á móti nemendum í 6. og 7. bekk.

Það sem lagt var upp með á þessum degi var:

- Af hverju skiptir máli að við temjum okkur jákvæð samskipti?
- Hverju skiptir vináttan okkur?

Nemendur útbjuggu þarfaóróa og svo voru ýmsar stöðvar í boði eins og: spilastöð, föndurstöð, lestrarstöð, útileikjastöð og stöð sem nemendur gerðu vinabönd. Dagurinn heppnaðist vel.



Í vinavikunni áttu allir að vinna með gildin okkar í GRV

GLEÐI – ÖRYGGI – VINÁTTA og hver er munurinn á einelti og samskiptavanda?

Í Hamarsskóla var útbúið sameiginlegt verk á efri gangi „**Regnboginn okkar**“ þar sem bekkirnir unnu með setninguna „**Í þessum skóla lærum við af mistökum**“ Hver og einn nemandi valdi eina af eftirfarandi setningum: við biðjumst afsökunar, við fyrirgefum, við biðjumst fyrirgefningar, við virðum hvort annað, við höldum loforð okkar, við gefumst aldrei upp, við hughreystum hvort annað, við tilheyrum hvert öðru, við hlæjum oft saman, við erum vinir, við erum í sama liði. Skrifuðu eina setningu á renning sem var settur undir regnbogann.

Í Barnaskólanum stóð til að setja upp „**Vinatré**“ í anddyrinu þar sem bekkirnir áttu að gera laufblöð, epli, fiðrildi sem að þeir setja á tréð og skrifa á það hvað einkennir góðan vin, þetta verkefni kláraðist ekki. Matsalirnir í báðum húsum voru skreyttir með mismunandi útgáfum af hjörtum, þetta var samstarfsverkefni nemenda og starfsfólks.



Lokadag vinavikunnar bökuðu nokkrir starfmenn pönnukökur og færðu öllum nemendum skólans, mikil ánægja var meðal nemenda með þetta framtak.

Símenntun

Endurmenntun starfsfólks Grunnskóla Vestmannaeyja 2016 – 2017

Endurmenntun starfsfólks þarf að beinast að því að auka hæfni starfsmanns, starfsánægju og vellíðan á vinnustaðnum. Í skólanum starfar breiður hópur fólks sem hefur það að markmiði að mennta og leiðbeina nemendum.

Endurmenntunaráætlun var útbúin fyrir skólaárið 2016-2017, áætlunin var mikil og þróaðist á annan hátt en lagt var af stað með að hausti. Vinna við nýtt námsmat og innleiðing á google tók mikinn tíma og fór stærsti hluti af endurmenntun kennara í þau verkefni.

Hér má sjá endurmenntun skólaársins 2016-2017.

Námskeið fyrir allt starfsfólk:

- **Jákvæð samskipti – núvitund** – Páll Ólafsson sálfræðingur

Námskeið fyrir kennara:

- **Leið til læsis, hugmyndafræði, aðferðir, flokkun námsgagna** – Herdís Njálisdóttir kennari GRV, námskeið fyrir kennara í 1. – 4. bekk og þá sem hafa áhuga.
- **Læsisráðgjafi frá Menntamálastofnun, 18. ágúst** – Ingibjörg Hilmarsdóttir
- **Mentornámskeið** – K-3
- **Pals-** stærðfræði, haldið í Eyjum
- **Skyndihjálp** – fyrir stuðningsfulltrúa og skólaliða

Örnámskeið:

- **Nýtt námsmat í Mentor** – Anna Rós
- **Upplýsingatækni** s.s. spjalddölvur, veflæg verkefni og smáforrit.
 - Google Docs
 - Google Drive
 - Google forms
 - Google Classroom
 - Gmail
 - Google viðbætur.
- **Vinnustund** – Upprifjun
- **Kvíðagreining** – Vera Björk með fyrirlestur fyrir skólaliða og stuðningsfulltrúa
- **Jákvæð samskipti á vinnustað**, fyrir skólaliða og stuðningsfulltrúa, Óskar Jósúason deildarstjóri

Öll örnámskeið eru opin öllu starfsfólki.

Við höldum áfram að efla íslenskuna þ.e. lestur, lesskilning, og bókmenntir og byrjuðum að leggja áherslu á lesskilnings- og bókmenntakennslu en þurfum að halda áfram með lestrarkennslu og lestur, eitt af því sem er aldrei lokið.

Þörfin næsta vetur beinist að lesskilningi, stærðfræði, upplýsingatækni og námsmati.

Mat á skólastarfi

Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs, sbr. 5. og 6. gr. grunnskólalaga, og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar, áætlanir um umbætur. Tilgangurinn með slíku mati er að leiða til umbóta í skólastarfi.

Starfsmannasamtöl voru tekin á vorönn, skólastjóri og aðstoðarskólastjórar tóku viðtöl við kennara og annað starfsfólk. Deildarstjórar tóku viðtöl við stuðningsfulltrúa. Stjórnendur gerðu samantekt úr viðtölum.

Grunnskólalög kveða á um að hver grunnskóli meti með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Grunnskóli Vestmannaeyja er þátttakandi í Skólapúlseinum sem er nemenda-, foreldra – og starfsmannakönnun. Niðurstöður Skólapúlseins voru teknar saman að vori og ákveðnir punktar teknir út og ræddir í hópum. Unnið verður með niðurstöður úr þeirri vinnu á næsta skólaári.

Námsmat

Eins og flestum er kunnugt er boðuðu menntamálayfirvöld miklar breytingar á námsmati í grunnskólum með nýrri aðalnámskrá grunnskóla 2011/2013.


Undanfarin misseri höfum við í Grunnskóla Vestmannaeyja verið að aðlaga okkur að nýrri aðalnámskrá. Í upphafi fórum við yfir alla grunnpætti menntunar sem eru: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Þeir eiga að vera leiðarljós í allri almennri menntun og starfsháttum í grunnskóla. Afrakstur þeirrar vinnu má finna á heimasíðu skólans <http://grv.is/skrar/file/namid/hvernig-utfaerir-grv-grunnthaettina.pdf>.

Síðustu tvö ár höfum við verið að aðlaga okkur enn meira að nýju námsmati. Markmiðið er að laga matið að kröfum aðalnámskrá grunnskóla þar sem verkefni og próf eru skilgreind út frá hæfni- og matsviðmiðum. Í haust fór mikil vinna í að aðlaga hæfniviðmið að hverjum árgangi fyrir sig og mun sú vinna vera í sífeldri endurskoðun.

Kennarar hafa þurft að endurskoða allt námsmat og finna nýjar leiðir til að koma upplýsingum um hæfni nemenda til foreldra.

Megináhersla er lögð á hæfni nemenda og er hæfnieinkunnin mat skólans/ kennarans á hæfni nemandans við lok hvers árgangs. Hæfnieinkunn er þess vegna ekki hægt að reikna út sem meðaltal út úr verkefnum sem nemandinn hefur unnið um veturinn. Hugmyndin er ekki að t.d. að telja stig, að normaldreifa, að reikna hlutfall o.s.fr.v. Heldar að meta þá hæfni sem nemandinn hefur náð. **Námsgreinar og námsefnið eru hjálpartæki til að ná hæfniviðmiðum.**

Veturinn 2016 - 2017 var aðaláherslan á unglingastigið, allir kennarar á unglingastigi fóru í mikla vinnu við að útfæra námsmatið á nýjan hátt. Við horfum á unglingadeildina sem eina heild. Byrjum strax að stefna á matsviðmiðin í 10. bekk þegar komið er upp í unglingadeild þ.e í 8. bekk.



Í janúar var ekki gefinn vitnisburður eins og undanfarin ár, heldur voru foreldraviðtöl þar sem varið var yfir námsstöðu og líðan nemenda. Á þeim tímapunkti voru kennarar komnir mislangt í vinnu við nýtt námsmat, en að vori skiluðu allir námsmati í Mentor og prentuð voru út vitnisburðarblöð í samræmi við nýtt námsmat.

Við munum halda áfram þessari þróun næsta vetur og reynum að koma upplýsingum inn á heimasíðuna og til foreldra eins oft og þurfa þykir.

Á heimasíðu skólans má finna ýtarlegri upplýsingar um námsmatið auk punkta frá foreldrafundum sem haldnir voru í vetur fyrir 9. og 10. bekk og skýringar með námsmati vorið 2017.

Samræmd próf

Á haustönn þreyttu nemendur 4. og 7. bekkja samræmd próf í íslensku og stærðfræði, í mars þreyttu nemendur í 9. og 10. bekk próf í íslensku, stærðfræði og ensku. Samræmd próf voru í fyrsta sinn tekin rafrænt og sú breyting var líka að 9. bekkur tók prófin auk nemenda í 10. bekk. Einnig var sú breyting að aðeins voru tveir prófdagar, fyrri daginn tóku nemendur íslensku og ensku próf en seinni daginn stærðfræði og ensku próf. Fyrirlögnin gekk vel í GRV, tvískipta þurfti fyrirlögn prófanna.

Hér má sjá niðurstöður samræmdra prófa í 4., 7., 9. og 10. bekk

Árgangur	námsþáttur	Meðalt. GRV	Meðalt. landið
4. bekkur	Íslenska	27,4	30,00
4. bekkur	Stærðfræði	31,4	30,00
7. bekkur	Íslenska	30	30,00
7. bekkur	Stærðfræði	31,6	30,00
9. bekkur	Íslenska	29	30,00
9. bekkur	Stærðfræði	30	30,00
9. bekkur	Enska	27	30,00
10. bekkur	Íslenska	28	30,00
10. bekkur	Stærðfræði	26	30,00
10. bekkur	Enska	27	30,00

Skýrslur deildarstjóra og umsjónarkennara

Skýrsla deildarstjóra

Við Grunnskóla Vestmannaeyja starfa tveir deildarstjórar í 100% stöðu í hvoru skólahúsi. Anna Rós Hallgrímsdóttir með 6. - 10. bekk og Óskar Jósúason í 1. -5.bekk, Óskar hóf störf í október.

Megin hlutverk deildarstjóra er að stuðla að velferð og vellíðan nemenda og starfsfólks, skipuleggja skólastarf, vera faglegur ráðgjafi og sinna aga -og umgengnismálum í sinni deild. Deildarstjórar sitja í nemendaverndarráði sem fundar aðra hverja viku og sitja oft teymisfundi vegna nemenda. Deildarstjórar sjá um daglega stjórnun og utanumhald, halda utan um sérkennslu og stuðning í samvinnu við sérkennara og námsverskennara. Halda utan um og skrá allar lestrareinkunnir, skipuleggja lestrarspretti í samvinnu við kennara í hverjum árgangi. Deildarstjórar skipuleggja forfallakennslu, skipuleggja og stjórna deildarfundum og skrá allar fundargerðir (bæði kennara –og deildarfunda), sjá um námsgagna –og bókapantanir og hafa umsjón með bókageymslu og öðrum námsgögnum. Sjá um skipulag vegna alls uppbrots í skólastarfinu og mörg sameiginleg verkefni t.d. Göngum í skólann og Norræna skólahalupið í samvinnu við íþróttakennara, Lífshlaupið, Dagur jákvæðra samskipta og vinavika og Skáld í skólum.

Önnur verkefni sem deildarstjórar halda utan um: smiðjudagar 6. -10. bekk og árshátíð unglingastigs, þorablót á yngsta stigi, öskudagur í báðum húsum, starfskynning í 10. bekk, skólaferðalög í 7. og 10. bekk í samvinnu við umsjónarkennara. Skipulagning í kringum samrænd próf, lokaverkefni í 10. bekk, Fjölgreindaleikar í 1. -7. bekk, jólaföndurdagur í 1. -5. bekk, dansdagur í 1.-5. bekk, skóladagar í báðum húsum, ABC verkefni í 4. bekk, litlu jólin o.fl.

Deildarstjórar sjá sameiginlega um útgáfu fréttabréfs til starfsfólks einu sinni í viku, setja inn upplýsingar á skjái á kaffistofu og anddyri. Deildarstjórar eru nokkurs konar fjölmiðlafulltrúar skólans þeir sjá um að skrifa fréttir, taka myndir, setja inn á samskiptamiðla og heimasíðu skólans. Eru einnig í miklum samskiptum við bæjarmiðla þar sem áherslan er að skrifa jákvæðar fréttir úr skólastarfinu. Deildarstjóri á yngsta stigi er í miklum samskiptum við tülka vegna mikils fjölda erlendra nemenda. Einnig hafa verið nokkur erfið hegðunarvandamál á yngsta stigi í vetur sem deildarstjóri á yngra stigi hefur verið mikið með. Deildarstjóri á eldra stigi hefur haldið utan um innleiðingu á nýju námsmati og stór hluti af hennar vinnu farið í það þennan veturinn. Deildarstjórar sinna einnig kennsluskyldu, Óskar kennir 5 tíma á viku en Anna Rós fékk afslátt af kennslu í vetur vegna námsmatsins.

Gott og daglegt samstarf er á milli deildarstjóra á yngsta og eldra stigi og hafa deildarstjórar fundað nær vikulega með skólastjóra og aðstoðarskólastjórum í vetur.

Skýrsluhöfundar: Anna Rós Hallgrímsdóttir og Óskar Jósúason.

Skýrsla umsjónarkennara í 1. bekk

Bekkir : 1. ALS, 1. HBG og 1. SEÁ.

Í 1. bekk í GRV 2017 við lok skólaársins var 51 nemandi, þar af 26 stelpur og 25 strákar.

Helstu áherslur árgangsins

Farið var eftir aðalnámskrá grunnskóla í skólastarfinu/kennslunni. Unnið var eftir kennsluáætlunum sem gerðar voru í ágúst fyrir haustönnina og janúar fyrir vorönnina. Við lögðum áherslu á markvissa lestrarkennslu samkvæmt lestrarstefnu GRV og Framtíðarsýnar Vestmannaeyjabæjar. Meginmarkmið vetrarstarfsins var að vekja/efla áhuga nemenda á lestri ásamt grunnaðgerðum í stærðfræði. Lögð var áhersla á að hver og einn fengi kennslu við hæfi og liði vel í skólanum ásamt því að efla samheldni nemenda og sjálfstæði.

Kennsluhættir/skipulag kennslu

Alla daga var yndislestur. Í kennslustofunni var unnið mikið í krókum, í litlum hópum með fjölbreytt verkefni. Unnið var samkvæmt Leið til læsis í 1. bekk. Skimunarpróf var lagt fyrir tvisvar á skólaárinu, nemendum var skipt í hópa út frá niðurstöðum. Í sex vikur var unnið tvisvar í viku, klukkustund í senn í hópum með námsefni við hæfi hvers og eins. Með þessari snemmtæku íhlutun vorum við að koma til móts við þá nemendur sem eru í áhættuhóp samkvæmt Leið til læsis.

Námsgrein	Tímar	Kennari
Íslenska	8	Anna Lilja Sigurðardóttir, Helga Björg Garðarsdóttir, Snjólaug Elín Árnadóttir
Stærðfræði	8	Anna Lilja Sigurðardóttir, Helga Björg Garðarsdóttir, Snjólaug Elín Árnadóttir
Náttúru - og samfélagsgreinar	4	Anna Lilja Sigurðardóttir, Helga Björg Garðarsdóttir, Snjólaug Elín Árnadóttir
Lífsleikni/bekkjarfundur	1	Anna Lilja Sigurðardóttir, Helga Björg Garðarsdóttir, Snjólaug Elín Árnadóttir
Upplýsingatækni, list- og verkgreinar	5	Sverrir M. Jónsson, Súsanna Georgsdóttir, Þóra Gísladóttir, Valgerður Bjarnadóttir, Eyvindur Ingi Steinarsson
Íþróttir og sund	3	Guðný Jensdóttir, Hilmar Björnsson, Arna Björg Sigurbjörnsdóttir, Súsanna Georgsdóttir

Í vetur var árgangnum skipt í fimm lotuhópa. Auk hefðbundinna lotuhópa eins og myndmenntar og heimilisfræði var unnið með Stig af stigi, stærðfræði PALS og Leið til læsis í þessum hópum.

Þróunarstarf

Við unnum samkvæmt hugmyndafræði Leiðar til læsis, Orð af orði, Uppeldi til ábyrgðar og Stig af stigi. Mikil áhersla var lögð á lestrarkennslu og að auka fjölbreytni í stærðfræðiverkefnum t.d. í lotuhópunum.

Námsmat

Í byrjun skólaárs var lögð fyrir könnun á stafabekkingu nemenda. Í október var lögð fyrir skimunin Leið til læsis og Bóhem-próf. Í janúar var stöðlunarpróf Menntamálastofnunnar í lesfimi lagt fyrir. Í stærðfræði var vinna og skilningur nemenda metinn með könnunum sem fylgja námsefni. Munnlegt og verklegt mat var einnig notað.



Útikennsla/ hreyfing

Árgangurinn fór í nokkrar gönguferðir og örnefnagöngu. Útistærðfræði, tiltekt á skólalóð, heimsókn á bæjarbókasafnið og kirkjuheimsókn á aðventu var meðal þess sem við gerðum í vetur. Til að brjóta upp kennslu fórum við í skólastofuleikfimi og slökun af vefnum Leikur að læra.

Skemmtanir og félagslíf

Foreldrar sáu um bekkjarsamstarf á skólaárinu. Bekkirir tóku þátt í góðgerðarverkefninu Sole Hope, sem felst í því að sníða efni til skógerðar.



Þemavinna/ vordagar

Í tengslum við söguramann Skilaboðaskjóðuna settu nemendur í 1. bekk upp leikrit og héldu sýningu fyrir foreldra. Í lok skólaárs voru fjölgreindaleikar þar sem nemendur nutu sín vel. Á síðasta kennsludegi ársins var Dansdagurinn haldinn hátíðlegur ásamt verðlaunaafhendingu fyrir fjölgreindaleikana, 1. bekkur tók að sjálfsöguð þátt í því.

Almennt um árganginn

Í árganginum eru getumiklir og duglegir nemendur sem greinilega komu vel undirbúnir í skólann. Líflegur hópur sem gaman var að vinna með. Í öllum bekkjum var stuðningsfulltrúi.

Samstarf og samvinna

• Bekkja-/ nemenda

Gott samstarf var á milli bekkjanna. Leið til læsis- og lotuhóparnir hafa verið keyrðir þvert á árganginn í vetur. Árgangurinn hefur farið saman í göngur og á söfn.

• Kennara: Mikið og gott samstarf og samráð var á milli bekkjarkennara.



Árgangurinn tók þátt í söng á sal í vetur, skemmt sér á þorrablóti og öskudegi. Á degi stærðfræðinnar unnu nemendur með Pokimona og á degi íslenskrar tungu unnum við samvinnuverkefni með 5. bekk. Í mars kom Sinfóníuhljómsveit Íslands og flutti fyrir nemendur tónverkið um Maximús Músíkús. Í vor var hjóladagur þar sem nemendur fengu afhenta hjálma frá Kiwanis og Eimskip.

Önnur atriði sem vert er að nefna

Í vetur unnum við fjölbreytt og skemmtileg verkefni með öflugum árgangi og hefur það skilað góðum árangri. Jákvæður og áhugasamur hópur sem skemmtilegt var að vinna með. Hlökkum til að taka þátt í nýjum ævintýrum með krökkunum okkar næsta vetur.



Skýrsluhöfundar: Anna Lilja Sigurðardóttir, Helga Björg Garðarsdóttir og Snjólaug Elín Árnadóttir.

Skýrsla umsjónarkennara í 2. bekk

Bekkir: 2. HRN, 2. ÞS, 2. SJ

Í 2. bekk í GRV voru 3 bekkjardeildir með 56 nemendum, þar af 31 stelpa og 25 strákar.

Helstu áherslur árgangsins

Við leggjum áherslu á lestarkennslu samkvæmt lestrarstefnu GRV og Framtíðarsýnar Vestmannaeyjabæjar. Lögð er áhersla á góð samskipti í hópnum m.a. með hópavinnu í samfélagsgreinum og stærðfræði. Unnið er með félagsfærninámsefnið Stig af stigi sem unnið er í lotum og sjá Nina og Siddý um þá kennslu.

Kennsluhættir/ skipulag kennslu

Námsgrein	Tímar	Kennari
Íslenska	7	Herdís, Siddý og Þóra Sigga
Stærðfræði	7	Herdís, Siddý og Þóra Sigga
Náttúrufræði	1	Herdís, Siddý og Þóra Sigga
Samfélagsfræðigreinar	1	Herdís, Siddý og Þóra Sigga
Lífsleikni/bekkjarfundur	1	Herdís, Siddý og Þóra Sigga
Stig af stigi	1	Nína og Siddý
List- og verkgreinar	2	Súsanna, Ásta Júl., Þóra Gísla, Jarl, Þóra Sigga og Valgerður.
Upplýsingatækni	1	Sverrir
Tónmennt	1	Jarl
Íþróttir og sund	3	Snorri, Guðný, Einar Kristinn, Arna Björg og Hilmar

Unnið var samkvæmt Leið til læsis í 2. bekk. Nemendum skipt í hópa út frá lestrargetu í fimm vikur. Unnið var tvisvar í viku, klukkustund í senn í getuskiptum hópum með námsefni við hæfi hvers og eins. Með þessari snemmtæku íhlutun teljum við okkur vera að koma til móts við fjölbreyttan nemendahóp og ólíka getu hvers nemanda.

UTÁ og bekkjarfundir: Við byrjuðum haustið á því að fara yfir hlutverk nemenda, kennara og stuðningsfulltrúa, mitt og þitt hlutverk. Eftir áramót fórum við í að skoða þarfirnar fimm.

Nokkrir bekkjarfundir voru haldnir eftir þörfum.

Við notum fjölbreytta kennsluhætti t.d. krókavinnu, þemavinnu, hópastarf, myndbönd, spjaldtölvur svo eitthvað sé nefnt. Við höfum reynt að leggja áherslu á umræður og hlutbundna vinnu í stærðfræði og kynntum fyrir þeim stærðfræði-Pals.



Þróunarstarf

Við vinnum samkvæmt Leið til læsis, Uppeldi til ábyrgðar, Stig af stigi. Mikill tími hefur farið í að afla sér þekkingar í Google umhverfinu, kynna sér nýja aðalnámskrá og nýtt námsmat. Ásamt því að læra á nýtt umhverfi í Mentor. Einnig höfum við tekið þátt í þróunarstarfi í stærðfræði í

samvinnu við Þóru Rósu Geirsdóttur, sérfræðing á miðstöð skólaþróunar Háskólans á Akureyri.



Námsmat

Nemendur taka kannanir og yfirlitspróf reglulega yfir önnina sem við notum til að færa inn á hæfnikort nemenda.

Útikennsla/hreyfing

Tókum þátt í áttakinu „Göngum í skólann“ sem lauk með Norræna skólahlaupinu. Nemendur voru duglegir að koma gangandi og hjólandi í skólann, í hálfan mánuð var keppni um Gullskóinn.

Í haust fórum við í göngu upp í Sýslumannskór og Skiphella en það er liður í því að kynna nemendum fyrir nærumhverfi sínu. Við fórum líka í berjamó þar sem meirihluti berjanna fór upp í munn og ofan í maga. Einnig fórum við í göngu og fundum hvítmára sem við límdum í náttúruskólabókina okkar ásamt upplýsingum um blómið.

Í febrúar fórum við í heimsókn í Eldheima þar sem Kristín Jóhannsdóttir tók á móti okkur. Við kynntum okkur minjar um eldgosið á Heimaey, skoðuðum einnig Surtseyjarstofu.

Við tókum þátt í Lífshlaupinu og stóðu nemendur sig mjög vel.

Á vordögum fórum við í göngu og tíndum rusl í gamla hrauninu. Þar með tókum við í verkefninu, einn poki af rusli.

Við fórum líka í heimsókn á Náttúrgripasafnið þar sem við skoðuðum fisk og fugl árgangsins.

Skemmtanir og félagslíf

Á degi íslenskrar tungu þann 16. nóvember unnum við með þjóðsöguna Kerling vill fá nokkuð fyrir snúð sinn og var það mjög skemmtilegt. Nemendur bjuggu til klippimyndir úr sögunni.

Í desember er alltaf nóg að gera hjá okkur, við fórum í kirkjuheimsókn, horfðum á helgileikinn sem 5. bekkur sér um og árlegur föndurdagur var mjög skemmtilegur.

Rithöfundar komu í heimsókn og kynntu bækur sínar.

Við fengum gesti sem voru með verkefnið Börnin í hverfinu sem er forvörn gegn ofbeldi á börnum.

Söngur á sal var einu sinni í mánuði hjá 2. bekk. Í apríl fórum við á tónleika hjá Skólalúðrasveit Vestmannaeyja sem haldnir voru í íþróttahúsinu.

Vinavika- 9. bekkur kom í heimsókn til okkar að hausti og við heimsóttum þau í nóvember.

Foreldrasýning á sögurammaverkefni í samfélagsfræði. Í vetur unnum við og fræddumst um risaeðlur.

Sinfóníuhljómsveit Íslands kom og flutti fyrir okkur tónverkið um Maximús Músíkús ásamt fleiri lögum í íþróttahúsinu.

Foreldrasamstarf í árgangnum var gott. Foreldrar skiptu á sig að vera með bekkjarfjör einu sinni á hvorri önn. Í vetur var t.d. hjóladagur inn í Dal, fjallanga, tuðruferð og grillaðar pylsur. Markmiðið er að allir foreldrar bekkjarins hittist ásamt börnum sínum og eigi skemmtilegar stundir saman.

Þemavinna/vordagar

Blóm árgangsins er hvítmári og fórum við í göngu, tíndum hvítmára, þurrkuðum hann og settum inn í náttúruskólabók.



Fugl árgangsins er fýllinn. Við fórum og skoðuðum fuglalífið við Hástein, Fiskhella og Skiphella. Þar var fuglinn okkar fýllinn að hreiðra um sig.

Fiskur árgangsins er flatfiskur. Við fórum í heimsókn í Sæheima og skoðuðum flatfiska og fengum að skoða Tóta lunda.

Á vordögum voru fjölgreindarleikar í 1.- 7. bekk. Þar unnu nemendur margvísleg verkefni í aldursblönduðum hópum.

Almennt um árganginn

Hópurinn er orkumikill með fullt af duglegum og vinnusömum börnum. Margir eru mjög sterkir námslega en einnig eru margir sem þurfa á aðstoð sérkennara að halda. Tveir nemendur eru af erlendum uppruna.

Samstarf og samvinna

Árganginum var skipt í fjóra hópa í Leið til læsis þvert á árganginn. Kennt var í 4-5 vikur í senn á hvorri önn.



Við hittum vinabekki okkar sem var 9. bekkur tvisvar í vetur og unnum skemmtileg verkefni með þeim.

Umsjónarkennarar árgangsins hittust 2-3 í viku í klst. í senn, ræða um nemendur og málefni árgangsins og skipuleggja kennslu. Góð samvinna var við heimilin og lögð áhersla á daglegan heimalestur. Umsjónarkennarar sendu vikupóst til foreldra þar sem helstu upplýsingar um skólastarfið kom fram, ásamt því að vera í miklum samskiptum við foreldra um nám og líðan barna. Foreldraviðtöl voru að hausti til að fara yfir vetrarstarfið og allir nemendur settu sér markmið fyrir skólaárið. Í janúar voru foreldraviðtöl þar sem námsframmistaða og líðan nemenda var rædd og farið yfir markmiðin.

Skýrsluhöfundar: Herdís Rós Njálisdóttir, Sigurbjörg Jónsdóttir (Siddý) og Þóra S. Sigurðardóttir.

Skýrsla umsjónarkennara í 3. bekk

Bekkir: 3. GSnæ, 3. KM, 3. ÞJ

Í 3. bekk í GRV í lok skólaársins voru 3 bekkjardeildir með 63 nemendum, þar af 26 stelpur og 37 strákar.

Helstu áherslur árgangsins

Kennt var samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla. Við lögðum áherslu á lestarkennslu samkvæmt lestrarstefnu GRV og Framtíðarsýnar Vestmannaeyjabæjar. Meginmarkmið var að vekja/efla áhuga nemenda á lestri og lesskilningi ásamt grunnaðgerðum í stærðfræði. Lögð var áhersla á að hver og einn fengi kennslu við hæfi og liði vel í skólanum ásamt því að efla samheldni nemenda og sjálfstæði. Einnig var lögð var áhersla á góð samskipti í hópnum m.a. með hópavinnu/krókavinnu í öllum námsgreinum. Unnið var með félagsfærninámsefnið Stig af stigi sem sérkennarinn okkar hún Nina sá um með miklum ágætum.

Kennsluhættir/ skipulag kennslu

Í vetur notuðum við nýtt staðlað efni frá Menntamálastofnun til að meta hæfni nemenda í lestri. Út frá þessu staðlaða prófi unnum við með nemendur þannig að þeir fengu kennsluefni við hæfi. Þegar við unnum með samskipti notuðum við Uppeldi til ábyrgðar og Stig af stigi. Markmið okkar var að nemendur yfirfærðu þessa kunnáttu yfir í dagleg samskipti sín á milli. Nemendur fengu 1 kennslustund í ensku á viku þar sem áhersla var lögð á söng, leiki og orðaforða.

Við notum fjölbreytta kennsluhætti t.d. krókavinnu, þemavinnu, hópastarf, einstaklings aðstoð, útikennslu, myndbönd svo eitthvað sé nefnt.

Námsgrein	Tímar	Kennari
Íslenska	6	Guðrún Snæbjörnsd. Kolbrún Matt, Þórdís Jóelsd.
Stærðfræði	6	Guðrún Snæbjörnsd. Kolbrún Matt, Þórdís Jóelsd.
Náttúrufræði	2	Guðrún Snæbjörnsd. Kolbrún Matt, Þórdís Jóelsd.

Samfélagsfræðigreinar	4	Guðrún Snæbjörnsd. Kolbrún Matt, Þórdís Jóelsd.
Lífsleikni/bekkjargfundur	1	Guðrún Snæbjörnsd. Kolbrún Matt, Þórdís Jóelsd.
Enska	1	Guðrún Snæbjörnsd. Kolbrún Matt, Þórdís Jóelsd.
Upplýsingatækni, list- og verkgreinar	7	Ásta Júlíusd. Guðrún Snæ, Óskar Jósúa, Sverrir Jónsson, Súsanna Georgsd. Valgerður Bjarnad. Þórhallur Barðason, Þórdís Jóelsd.
Íþróttir og sund	3	Arna Sigurbjörnsd. Einar Kárasen, Guðný Jensd. Hilmar Björnsson, Snorri Rútsson,

Þróunarstarf

Við vinnum samkvæmt Uppeldi til ábyrgðar og Stig af stigi. Sendum heim orðabókavinnu í tengslum við heimalestur. Sumarlestrarhestur verður sendur heim við skólaslit.

Námsmat

Í vetur höfum við verið að þróa okkur áfram í nýju námsmati. Nemendur taka kannanir og yfirlitspróf reglulega yfir önnina sem við notum svo við hæfnimat í lok annar. Einnig metum við vinnuframlag og samskipti.

Útikennsla/hreyfing

Markmið okkar var að fara markvisst út í tengslum við samfélags- og náttúrufræðinámsefnið (sjá kennsluáætlun).

Tókum þátt í átakinu „Göngum í skólann“ sem lauk með Norræna skólahlaupinu. Nemendur voru duglegir að koma gangandi og hjólandi í skólann, í hálfan mánuð var keppni um Gullskóinn.

Í september unnum við með námsefnið Komdu og skoðaðu fjöllin og þá fórum við upp á Há og Helgafell. Margir foreldrar komu með okkur og allir fengu heitt kakó eftir Helgafellsgönguna. Nemendur voru mjög duglegir að ganga upp á fjöllin og létu lofthræðslu ekki stoppa sig.

Í október fórum við í heimsókn í Sæheima, skoðuðum steinbít, fisk árgangsins og fengum skemmtilega fræðslu um fiskinn.

Í desember vorum við að vinna með námsefnið Komdu og skoðaðu bílinn. Þá heimsóttum við bílaverkstæði, dekkjaverkstæði og Jóelskró. Einnig fórum við í kirkjuheimsókn og fengum fræðslu um aðventuna.

Í janúar vorum við að vinna með námsefnið Komdu og skoðaðu eldgos. Þá fórum við í heimsókn í Eldheima og fórum í bráðskemmtilegan ratleik á safninu.

Í maí fórum við í Skiphella að skoða rituna í Skiphellum en ritan er einmitt fugl árgangsins. Einnig fórum við dagsferð út í Stórhöfða, byrjuðum á að skoða Erlendar krær, gengum eftir fjörunni, hamrinum og fengum okkur nesti og hlustuðum á söguna um Jón Vigfússon sem kleif hamarinn.

Við vorum minna úti en við ætluðum okkur síðustu vordagana vegna veðurs. Síðasta kennsludaginn fórum við í örnefnagöngu 3.bekkar. Skoðuðum Prestastein, Sængurkonustein, Bússu og Frið. Enduðum svo á dans, söng og verðlaunaafhendingu í Bárugötunni. Allir fengu ís, Prins póló og safa í boði fyrirtækja í bænum.

Skemmtanir og félagslíf

Á degi íslenskrar tungu þann 16. nóvember unnum við með þjóðsöguna um Gilitrutt og var það mjög skemmtilegt. Nemendur bjuggu til krossglímu úr orðinu Gilitrutt og við horfðum á leikna mynd.

Í desember er alltaf nóg að gera hjá okkur, við fórum í kirkjuheimsókn, horfðum á helgileikinn sem 5. bekkur sér um og árlegi föndurdagurinn var mjög skemmtilegur. Á litlu jólunum fengu allir heitt kakó og smákökur sem 5. bekkur hafði bakað og öllu nammi var sleppt þar sem við erum heilsueflandi grunnskóli. Við áttum rólega og notalega stund í stofunni þar sem lesin var jólasaga og við enduðum á að dansa í kringum jólatréð.



Sú nýbreytni var að enginn jólaleikrit voru sýnd en þess í stað var 3. bekkur með foreldrasýningu í mars í tengslum við Söguramann „Saga af Suðurnesjum“. Nemendur lásu upp ljóðið og sungu nokkur textabrot sem tengdust efni ljóðsins. Í lokin var boðið upp á veitingar að „hætti sjávardýra“.

Sævar Helgi Bragason kom og kynnti bók sína „Stjörnuskoðun“. Hann sýndi nokkrar tilraunir og fannst nemendum þetta mjög áhugavert.

Söngur á sal var ca. einu sinni í mánuði hjá 3. bekk og var Skólalúðrasveit Vestmannaeyja með skemmtilega tónleika fyrir 1.- 5. bekk í íþróttahúsinu.

Foreldrasamstarf í árgangnum var gott. Foreldrar skiptu á sig að vera með bekkjarfjör einu sinni á hvorri önn. Í vetur var t.d. „jól í skókassa“, halloweenpartý og Sole hope. Markmiðið er að allir foreldrar bekkjarins hittist ásamt börnum sínum og eigi skemmtilegar stundir saman.

Þemavinna/vordagar

Blóm árgangsins var gleim-mér-ey og unnum við það í náttúruskólabókinni.

Fugl árgangsins: Við fórum og skoðuðum fuglalífið við Skipheilla, Fiskheilla í vor. Þar var fuglinn okkar ritan að hreiðra um sig.

Fiskur árgangsins: Við fórum í heimsókn í Sæheima og skoðuðum steinbít og fengum fræðslu. Við horfðum á mynd um steinbít neðansjávar sem Eyjamaðurinn Erlendur Bogason bjó til.



Á vordögum voru fjölgreindarleikar í 1.-7. bekk. Þar unnu nemendur margvísleg verkefni í aldursblönduðum hópum. Síðasta skóladaginn fórum við í göngu upp í Hrafnakletta.

Almennt um árganginn

Hópurinn er orkumikill með fullt af duglegum og vinnusömum börnum. Enda sýndi það sig þegar við gengum frá Klaufinni upp í skóla að hópurinn lætur hvorki vind né langar göngur aftra sér. Margir eru mjög sterkir námslega en einnig eru margir sem þurfa á aðstoð þroskaþjálfra og

sérkennara að halda. Átta nemendur eru af erlendum uppruna og þeir fá sérstaka málörvunartíma.

Samstarf og samvinna

Árgangnum er skipt í hópa í Leið til læsis en hverjum bekk er skipt í tvo hópa í lotutímum. Við hittum vinabekki okkar sem er 9. bekkur tvisvar á ári og vinnum skemmtileg verkefni með þeim.

Umsjónarkennarar árgangsins hittast 2-3 í viku, klst. í senn, ræða um nemendur og málefni árgangsins og skipuleggja kennslu. Góð samvinna er við heimilin, lögð er áhersla á daglegan heimalestur. Umsjónarkennarar senda vikupóst til foreldra þar sem helstu upplýsingar um skólastarfið kemur fram, ásamt því að vera í miklum samskiptum við foreldra um nám og líðan barna.

Foreldraviðtöl eru að hausti til að ræða vetrarstarfið, líðan barnanna og allir nemendur setja sér markmið fyrir veturinn. Í janúar eru foreldraviðtöl þar sem námsframmistaða og líðan nemenda er rædd og farið yfir markmið nemenda.



Skýrsluhöfundar: Guðrún Snæbjörnsdóttir, Kolbrún Matthíasdóttir og Pórdís Jóelsdóttir.

Skýrsla umsjónarkennara í 4. bekk

Bekkir: 4. ESH, 4. MK og 4. SÁ

Í 4. bekk í GRV í lok skólaársins voru þrjár bekkjardeildir með 48 nemendum, þar af 23 stelpur og 25 strákar.

Helstu áherslur árgangsins

Við leggjum áherslu á lestrarkennslu samkvæmt lestrarstefnu GRV og Framtíðarsýnar Vestmannaeyjabæjar. Mikil áhersla er lögð á móðurmáls og stærðfræðikennslu. Lögð er áhersla á góð samskipti í hópnum m.a. með para- og hópavinnu í sem flestum greinum. Unnið er með félagsfærninámsefni og bekkjarfundi. Unnið er eftir Uppeldi til ábyrgðar, meðal annars með grunnþarfir hvers og mismunandi hlutverk í nemenda og starfsfólks.

Kennsluhættir/ skipulag kennslu

Leitast er við að nota fjölbreytta kennsluhætti t.d. paravinnu, krókavinnu, hefðbundna bekkjarkennslu, verklega kennslu, útikennslu og vettvangsferðir. Smíðjur voru einu sinni í viku stundum þvert á árganginn þar sem unnið var þverfaglega með allar námsgreinar í huga.

Í upphafi skólaársins tókum við mikinn tíma í undirbúning fyrir samræmd próf, nemendur spreyttu sig á að taka gömul próf og boðið var upp á auka tíma fyrir þá sem vildu. Í nóvember var köngulóa lestrarsprettur sem tókst vel og annar í byrjun maí þar sem veitt voru verðlaun fyrir mestu framfarir og flestar lesnar blaðsíður. Samstarf var við bókasafn bæjarins sem sá



okkur fyrir yndislestrarbókum auk þess sem við fórum í heimsóknir og unnum skemmtileg verkefni. Eftir áramót var árgangnum skipt í fimm hópa eftir lestrar -og lesskilningsgetu, stóð átakið í 5 vikur. Í náttúru- og samfélagsfræði var unnið með íslenska þjóðhætti á fjölbreyttan hátt þar sem börnin kynntu sér aðstæður sem fólk bjó við á þessum tíma. Í Komdu og skoðaðu eldhúsið, voru gerðar fjölbreyttar verklegar tilraunir og nemendur spreyttu sig á fyrstu skrefum skýrslugerðar. Í bókinni Komdu og skoðaðu himingeiminn var unnið í þemavinnu sem endaði á sýningu fyrir foreldra. Við unnum með trúarbragðafræði þar sem nemendur kynntust siðum og venjum helstu trúarbragða heims og enduðu þau á að vinna hópaverkefni sem að nemendur kynntu fyrir hvort öðru. Á degi íslenskrar tungu þann 16. nóvember hlustuðu nemendur á þjóðsögur á bókasafni skólans og unnu með þjóðsöguna Selshaminn. Að vori sýndu nemendur mikinn dugnað við söfnun fyrir ABC - barnahjálp. Árgangurinn sýndi verkefninu einstaklega mikinn áhuga og bar lokaupphæðin þess glögg merki. Fyrir söfnunina fengu nemendur fræðslu um ABC - barnahjálpinu og horfðu á myndband.

Þróunarstarf

Nýtt námsmat.

Námsmat

Samræmd próf eru að hausti. Stöðluð lesferilspróf frá MMS í september, janúar og maí. Lesskilningspróf af Mentor, Orðarún í janúar og maí. Nemendur taka kannanir og yfirlitspróf reglulega yfir önnina í íslensku og stærðfræði. Þau eru notuð til að meta hæfni nemenda, auk þess metum við vinnuframlag og samskipti í öllum greinum.

Útikennsla/hreyfing

Útikennsla/smiðjur var einu sinni í viku þar sem oft var unnið þvert á árganginn. Í þessum tímum var unnið úti og inni með verkleg viðfangsefni sem tengdust námsefni hverju sinni. Vettvangsferðir voru farnar á söfn bæjarins, skólalundinn Klettaborg og Herjólfssdal. Bekkirnir fóru út í ratleik úr náttúrufræðiefninu Komdu og skoðaðu himingeiminn. Við tókum þátt í átakinu „Göngum í skólann“ sem lauk með Norræna skólahlaupinu. Nemendur voru duglegir að koma gangandi og hjólandi í skólann, í hálfan mánuð var keppni um Gullskóinn. Nemendur í 4. og 5. bekk fóru í heimsókn í Barnaskólann og hittu þar 6. og 7. bekk. Þar var farið í hópeflisleiki á skólalóðinni. Í ágúst fórum við í berjaferð í hraunið fyrir ofan Hamarsskóla. Í maí fórum við út til að finna blóm árgangsins, sóley og skoða fugl árgangsins sem er tjaldur. Afrakstur var settur í náttúruskólabókina. Í vinaviku í byrjun nóvember var Dagur jákvæðra samskipta. Þá hittust vinabekkir, nemendur völdu sér verkefni og unnu sameiginlega UTÁ-óróa. Í febrúar tókum við þátt í Lífshlaupinu og stóðu nemendur sig mjög vel. Vettvangsferð var farin á Skansinn, þar sem fræðst

var um sögu og byggingar svæðisins. Á lokadögum maí mánaðar voru fjölgreindaleikar haldnir í annað sinn fyrir nemendur í 1. – 7. bekk. Í maí fór árgangurinn í örnefnagöngu. Farið var í hlíðar Eldfells, útsýni og örnefni skoðuð. Gengum um nýja hraunið og enduðum í nesti í Hraunskógi. Við enduðum svo gönguna í Bárugötu þar sem lokahátíð fjölgreindaleika var og Súsanna stjórnaði dansi.

Skemmtanir og félagslíf

Í desember horfðu nemendur á helgileikinn sem 5. bekkur sér um. Árlegur föndurdagur var mjög skemmtilegur og gaman að sjá hvað margir foreldrar koma og njóta dagsins með okkur. Í janúar var hið árlega þorrablot skólans með fræðslu, söng, þorramat og almennri gleði. Á öskudegi mættu nemendur og starfsfólk í búningum og var kötturinn sleginn úr tunnunni í Íþróttahúsinu. Söngur á sal var einu sinni í mánuði og endaði með söng í sól úti á skólalóð. Í desember kom Skólalúðrasveit Tónlistarskóla Vestmannaeyja í heimsókn og spilaði nokkur lög við mikinn fögnuð nemenda. Í byrjun mars kom Sinfóníuhljómsveit Íslands í heimsókn með tónverkið Maximús Músíkús.



Foreldrasamstarf í árgangnum var gott. Foreldrar skiptu á sig að vera með bekkjarfjör einu sinni á hverri önn. Í vetur var t.d. Halloween- partý, jól í skókassa, bingó og í byrjun apríl var sameiginleg bekkjarskemmtun þar sem foreldrum var boðið á sýningu eftir stífar æfingar í söng, dansi og leik. Boðið var uppá kaffi og léttar veitingar í lokin og voru foreldrar mjög ánægðir með vel heppnaða stund.

Þemavinna/vordagar

Blóm árgangsins er sóley og fórum við í göngu, týndum sóleyjar, þurrkuðum og settum inn í náttúruskólabókina. Fugl árgangsins er tjaldur. Við fórum og skoðuðum fuglalífið í Herjólsfdal og þar sáum við fuglinn okkar. Unnum verkefni um tjald í náttúruskólabók. Fiskur árgangsins karfi var skoðaður.

Á vordögum voru fjölgreindarleikar í 1.-7. bekk. Þar unnu nemendur margvísleg verkefni í aldursblönduðum hópum.



Almennt um árganginn

Hópurinn er orkumikill og mjög krefjandi. Hann er breiður námslega, nokkrir nemendur fá þjónustu þroskajálfa, sérkennara og námsráðgjafa. Einn stuðningsfulltrúi fylgir öllum árganginum.

Samstarf og samvinna

Árgangurinn er bekkjaskiptur nema í lotum, smiðjum og sérstöku námsátökum er bekkjum blandað og skipt í hóp. Umsjónarkennarar árgangsins hittast 2-3 í viku, klst. í senn, ræða um nemendur og málefni árgangsins og skipuleggja kennslu. Góð samvinna er við heimilin og lögð áhersla á daglegan heimahestur. Umsjónarkennarar senda vikupóst til foreldra þar sem helstu upplýsingar um skólastarfið kemur fram, ásamt því að vera í miklum samskiptum við foreldra um nám og líðan barna. Allir bekkirnir eru með lokaða Facebookarsíðu sem foreldrar halda utan um, Blaðsíða | 33

umsjónarkennarar hafa nýtt sér þessar síður. Foreldraviðtöl eru að hausti til að ræða vetrarstarfið, líðan barnanna og allir nemendur setja sér markmið fyrir veturinn. Í janúar eru foreldraviðtöl þar sem námsframmistaða og líðan nemenda er rædd og farið yfir markmið nemenda. Markmið nemenda voru prentuð út og höfð sýnileg. Fundir eru oftar ef þurfa þykir.

Skýrsluhöfundar: Ester S. Helgadóttir, Margrét Elsabet Kristjánsdóttir og Sæfinna Ásbjörnsdóttir.

Skýrsla umsjónarkennara í 5. bekk

Bekkir: 5. AP, 5. HJH og 5. JA.

Helstu áherslur árgangs árgangsins

Farið var eftir aðalnámskrá grunnskóla í skólastarfinu/kennslunni. Unnið var eftir kennsluáætlunum sem unnar voru í ágúst fyrir haustönnuna og janúar fyrir vorönnuna. Við lögðum áherslu á markvissa lestrarkennslu samkvæmt lestrarstefnu GRV og Framtíðarsýnar Vestmannaeyjabæjar. Meginmarkmið vetrarstarfsins var að vekja/efla áhuga nemenda á lestri og lesskilningi ásamt grunnaðgerðum í stærðfræði. Lögð var áhersla á að hver og einn fengi kennslu við hæfi og líði vel í skólanum ásamt því að efla samheldni nemenda og sjálfstæði. Reglulegir bekkjarfundir voru haldnir og unnið með að skapa góðan bekkjaranda. Unnið er eftir Uppeldi til ábyrgðar, meðal annars með grunnþarfir hvers og eins, mismunandi hlutverk nemanda og starfsmanna skólans.

Kennsluhættir/skipulag kennslu

Útikennsla var föst á stundatöflu einu sinni í viku, þrjár kennslustundir í senn. Lögð var áhersla á fjölbreytt verkefni í stærðfræði, náttúru -og samfélagsfræði ásamt verkefnum sem tengjast heimabyggð. Samfélags - og náttúrfræði unnum við í lotum. Notaðar voru fjölbreyttar kennsluaðferðir s.s. umræður, heimildavinna, samvinnunám, hópavinna, paravinna, einstaklingsvinna, sögurammar, PALS-lestraraðferð og útikennsla.



Námsgrein	Tímar	kennari
Íslenska	7	Arnheiður Pálsdóttir, Helga Jóhanna Harðardóttir og Jóhanna Alfreðsdóttir.
Stærðfræði	7	Arnheiður, Helga Jóhanna og Jóhanna.
Náttúrugreinar	3	Arnheiður, Helga Jóhanna og Jóhanna.
Samfélagsfræðigreinar	4	Arnheiður, Helga Jóhanna og Jóhanna.
Lífsleikni/bekkjargundur	1	Arnheiður, Helga Jóhanna og Jóhanna.

Enska	3	Bára Ingólfssdóttir.
Upplýsingatækni, list- og verkgreinar	7	Eva, Súsanna, Ásta Júl., Sverrir, Óli Lár., Þóra Gísla og Þórey Friðbjarnar.
Íþróttir og sund	3	Einar Kristinn Kárason, Hilmar Ágúst Björnsson, Guðný Jensdóttir, Arna Björg Sigurbjörnsdóttir.

Þróunarstarf

Nýtt námsmat, nýtt Mentorumhverfi, Google umhverfið, þróunarstarf í stærðfræði og Heilsuefandi grunnskóli.



Námsmat

Í ár var námsmat eftir matsviðmiðum aðalnámsskrár. Gefnar voru einkunnir A, B+, B, C+, C og D í bóklegum fögum. Í list- og verkgreinum var notast við kvarðann, hæfni náð, þarfnast þjálfunar og hæfni ekki náð. Notast er við símat, kannanir, yfirlitspróf, heimaþróf, samvinnuþróf, verkleg verkefni, skýrslur, tilraunir, mat á vinnubókum, mat á hópavinnu og leiðsagnarmat. Lesfimiþróf í lestri í sept., des. jan. og maí. Lesskilningsþróf af Mentor, Orðarún í desember og maí. Nemendur taka kannanir og yfirlitsþróf reglulega yfir önnina í íslensku og stærðfræði. Auk þess metum við vinnuframlag og samskipti. Lestrarkönnun var lögð fyrir í 5. bekk með áherslu á lesskilning, leshraða og stafrófsþekkingu. Þrófið var gefið út af Skólaþróunardeild menntamálaráðuneytisins 1988. Kennsluráðgjafinn Erna Jóhannesdóttir lagði það fyrir heilan bekk í einu í nóvember og febrúar. Þegar niðurstöður lágu fyrir úr fyrri skimun var farið í lestrar-og lesskilningátak sem stóð yfir í þrjár vikur. Gaman var að sjá framfarir nemenda. Stefnan er tekin á að Erna komi aftur að hausti í 6. bekk.

Útikennsla/hreyfing

Farið var einu sinni í viku í útikennslu samkvæmt stundatöflu. Fjölbreyttir og skemmtilegir tímar þar sem lögð var áhersla á að fara út fyrir skólastofuna. Við fórum í fjölbreyttar vettvangsferðir t.d. á söfn, í fyrirtæki, skoðuðum skip, örnefnagöngur, fjöruferð, berjaferð,



sleðaferð og við nýttum útielðhúsið okkar í skólalundinum Klettaborg. Einnig var notast við stöðvavinnu í stærðfræði, íslensku og náttúrufræði og farið í ratleiki ásamt ýmsu öðru. Fugl, fiskur



og planta árgansins eru: njóli, loðna og skrofa og unnum við verkefni tengd því. Að hausti fórum við og söfnuðum njóla og unnum verkefni í náttúruskólabók. Við náðum í skrofu og kom hún í heimsókn í skólann við mikinn fögnuð. Einnig heimsóttum við Vinnslustöðina og fengum að skoða loðnu og loðnuvinnslu. Um miðjan maí nýttum við gott veður sem gafst og héldum víkingahátíð í Herjólfssdal. Nemendur hafa undirbúið hátíðina allan

veturinn með því að búa sér til búninga og leikmuni í list -og verkgreinum.

Skemmtanir og félagslíf

Árlegur föndurdagur í desember var skemmtilegur og gekk vel. Við fórum á jólatónleika með litlu lúðrasveitinni í Íþróttahúsinu. Þorablótið var á sínum stað. Öskudagsskemmtun skólans heppnaðist vel. Söngur á sal/göngum var með hefðbundnu sniði en sú nýbreytni var að síðasti söngur vetrarins var haldinn utandyra í góðu veðri. Í tengslum við Heilsueflandi grunnskóla tókum við þátt í verkefnunum Göngum í skólann, Lífshlaupinu og Norræna skólahlaupinu.



Á haustönn héldu kennarar Halloween party fyrir nemendur, þar var gleðin við völd. Foreldrar í 5.HJH tóku sig saman og tóku þátt í Sole Hope verkefninu í formi bekkjarskemmtunnar. Nemendaráð skólans hélt tvö diskótek fyrir árganginn, eitt að hausti og annað að vori ásamt bíósýningu.



Þemavinna og vordagar

Í upphafi skólaárs fórum við í dagsferð upp á fastalandið þar sem við heimsóttum Þjóðminjasafnið, Vísindasmiðju Háskólans og Þingvelli. Ferðin gekk vel og komu allir glaðir og sáttir heim. Í nóvember og desember var nóg að gera við að æfa og sýna helgileikinn. Sýningar voru þrjár, ein í skólanum, á Hraunbúðum og í Landakirkju.

Á Degi jákvæðra samskipta kom 6. bekkur í heimsókn til okkar þar sem unnin voru sameiginleg verkefni og nemendur völdu sér stöðvar. Þessi dagur var mjög skemmtilegur, nemendur nutu sín í leik og starfi. Í lok skólaárs voru haldnir Fjölgreindaleikar sem tókust mjög vel. Síðasta skóladaginn var dansað í Bárugötu undir dyggri stjórn Súsönnu danskennara.



Almennt um árganginn

Í 5. bekk eru þrír bekkir, 52 nemendur þar af 22 stelpur og 30 strákar. Ákveðið var síðasta vor að skipta árgangnum upp í nýjar bekkjardeildir. Það var gert til þess að reyna að jafna álag í árganginum og búa til betri námshópa og er það mat okkar að það hafi gefist vel. Stuðningsfulltrúar eru í tveimur bekkjum. Í árgangi 2006 eru hugmyndaríkir, skemmtilegir og orkumiklir krakkar. Nokkrir eru sterkir námslega en við vildum sjá fleiri fylla þann hóp. Of stór hluti á í vandræðum með lestur og lesskilning og að halda sig að verki.

Samstarf og samvinna

Mikil og góð samvinna hefur verið þvert á árganginn. Við lítum á árganginn sem eina heild, nemendur vinna allir að sömu verkefnum og er stundum blandað saman. Kennarar vinna mjög náið og vel saman við að skipuleggja vinnu nemenda. Góð teymisvinna á sér stað.



Önnur atriði sem vert er að nefna

Í vetur kom Sigrún Þorsteinsdóttir til okkar sem lestraramma, voru nemendur og kennarar mjög ánægðir og þakklátir fyrir hennar framlag. Við tókum þátt í lestrarátaki með öllum skólanum þar sem unnið var með köngulóapema. Skemmtileg nýjung var í yndislestri þar sem allir í skólanum lásu saman á göngum skólans. Við nýttum góða veðrið á vordegi og færðum yndislesturinn út á skólalóð. Á degi íslenskrar tungu unnum við í samstarfi við 1. bekk skemmtilegt verkefni tengt þjóðsögum.

Við fengum ýmsar góðar heimsóknir s.s. rithöfunda sem komu og kynntu bækur sínar, Sævar Helgi Bragason kom og var með fræðslu um himingeiminn, Sinfóníuhljómsveitin sýndi tónverkið Maximús Músíkús í Íþróttahúsinu. Á vordögum var Maritafræðsla, bæði fyrir nemendur og foreldra.



Skóladagurinn var með nokkuð breyttu sniði hvað 5. bekk varðar í ár. Að venju sá 5. bekkur um hlutaveltuna. Krakkarnir voru einstaklega duglegir og áhugasamir að safna á hlutaveltuna og hafa vinningar aldrei verið fleiri, 1400 hlutir voru merktir. Kaffiveitingarnar voru með breyttu sniði. Í ár voru seldar pönnukökur, sem foreldrar og starfsfólk bakaði og múffur sem nemendur bökuðu í heimilisfræði. Foreldrar og starfsfólk var almennt ánægt með þessa breytingu.



Eins og sést að ofangreindri skýrslu þá tók 5. bekkur þátt í mörgum verkefnum á skólaárinu. Allt þetta krefst mikils undirbúnings og tíma kennara og nemenda ásamt öðru uppbroti sem árgangurinn tekur þátt í.

Skýrsluhöfundar: Arnheiður Pálsdóttir, Helga Jóhanna Harðardóttir og Jóhanna Alfreðsdóttir.

Skýrsla umsjónarkennara í 6. bekk

Bekkir: 6. ES og 6. DGP

Helstu áherslur árgangs.

Meginmarkmið vetrarstarfsins var að halda áfram að efla áhuga nemenda á lestri og lesskilningi ásamt grunnaðgerðum í stærðfræði. Lögð var áhersla á að hver og einn fengi kennslu við hæfi og liði vel í skólanum ásamt því að efla samheldni nemenda og sjálfstæði. Farið var eftir aðalnámskrá grunnskóla í skólasterfinu/kennslunni. Mikil áhersla var lögð á innleiðingu á nýju námsmati. Foreldraviðtöl voru tvisvar yfir veturinn fyrir og eftir jól. Hvor bekkur stofnaði Facebooksíðu sem eflði samstarfið við foreldra. Samskipti við foreldra voru góð.



Kennsluhættir/skipulag kennslu.

Námsgrein	Tímar	Kennari
Íslenska	6	Elísa og Dóra
Stærðfræði	6	Elísa og Dóra
Náttúrufræði	3	Elísa og Dóra
Samfélagsfræði	4	Elísa og Dóra
Lífsleikni/bekkjarfundur	1	Elísa og Dóra
Enska	3	Bára
Danska	1	Anna Ýr (fram að annar skiptum) Hrafnhildur
Trúabragðapema	2	Ásta, Dóra Guðrún, Elísa, Óli, Bjartey
Verkgreinar/Upplýsingatækni	6	Ásta, , Eva, Bjartey, Óli, Harpa
Íþróttir og sund	3	Arna, Guðný, Hilmar, Snorri

Unnið var eftir kennsluáætlunum sem búnar voru til að hausti og í janúar. Í stærðfræði voru settir upp kaflatengdir pakkar sem unnið var eftir. Í íslensku var reynt að vinna markvisst með bókmenntir og málfræði í hverri viku ásamt lesskilningi. Samfélags- og náttúrufræði unnum við í lotum. Notaðar voru fjölbreyttar kennsluaðferðir s.s. umræður, heimildavinna, samvinnunám, hópavinna, paravinna og útikennsla.

Námsmat

Notast var við símat, kannanir bæði skriflegar og rafrænar, mat á vinnubókum, mat á hópavinnu, leiðsagnarmat. Við tókum virkan þátt í því að innleiða nýtt námsmat. Þar sem unnið var með hæfni nemenda og framfarir þeirra metnar reglulega. Mikill tími fór í þessa vinnu sem mun hjálpa til við námsmat á komandi árum.



Útikennsla/hreyfing

Útikennsla hefði mátt vera markvissari í vetur. Nokkrum sinnum unnum við stærðfræði og náttúrufræði verkefni úti. Meðal þess sem var gert var að fara á Stakkgerðistún að vinna stærðfræði verkefni. Fórum í göngu á Eldfell og nýja hraunið. Nemendur fundu plöntu árgangsins í kringum skólann. Reglulega fórum við út í leiki með árgangnum. Að auki fórum við gönguleiðir sjötta bekkjar og á söfn bæjarins.



Náttúrurskólabók

Hver árgangur vinnur með einn fisk, fugl og eina plöntu á hverju ári. Í 6. bekk lærðu nemendur um súluna, þorskin og fífilinn.

Skemmtanir og félagslíf

Eitt sameignilegt bekkjarkvöld var að hausti. Þemað var hrekkjavaka og settu nemendur upp frumsamin leikrit úr þemavinnu úr Söguskinu. Að vori var hvor bekkur með sitt bekkjarkvöld. Nemendaráð skólans hélt tvö diskó að hausti og eitt bíókvöld að vori.



Þemavinna og vordagar

Í desember voru smíðjudagar þar sem nemendur völdu sér mismundandi verkefni eftir áhuga. Í samfélagsfræði var þemavinna mikið notuð til dæmis í námsefninu um Snorra Sturluson og Norðurlöndin. Við fengum kennarnema sem sá um innlögna í þemavinnunni um Snorra Sturluson. Á vordögum voru fjölgreindarleikar ásamt vinnu með umhverfisstíg og náttúru Eyjanna.

Almennt um árganginn

Þegar skólinn tók til starfa í haust voru 40 nemendur í árganginum í tveimur bekkjardeildum með einum stuðningfulltrúa. Um áramót fengum við einn nýjan nemanda og í lok skólaársins flutti annar í burtu. Þannig að við lok skólaárs voru nemendur 40.



Samstarf og samvinna

- Við lítum á árganginn sem eina heild, nemendur vinna allir að sömu verkefnum og er stundum blandað saman.
- Þar sem það eru einungis tveir bekkir hefur samvinna okkar verið mjög nán og góð.

Önnur atriði sem vert er að nefna.

Í vetur voru lögð fyrir skimunarpróf í lestri og stærðfræði. Þegar niðurstöður lágu fyrir var farið í mikla vinnu með þær. Lögð var sérstök áhersla á grunnaðgerðir í stærðfræði og lestur heima og í skólanum. Prófin voru síðan endurtekin og sýndu þá niðurstöður að flestir nemendur náðu að bæta sig þó nokkuð.

Á skólaárinu fengum við nokkrar skemmtilegar heimsóknir s.s. Hildi Knútsdóttur sem kenndi þeim um ólíkar víddir ritunar. Þórgímur Þráinsson var með flottan fyrirlestur um það sem einkennir Blaðsíða | 39



góðan leiðtoga. Sævar Helgi fræddi nemendur um himingeiminn og stjörnufræði. Einnig fengum við heimsókn frá Vísindasmiðju HÍ þar sem krakkarnir fengu fræðslu um orku og gerðu vindmyllur.

Skýrsluhöfundar: Dóra Guðrún Þórarinsdóttir og Elísa Sigurðardóttir.

Skýrsla umsjónarkennara í 7. bekk

Bekkir: 7. BB, 7. JGJ og 7. ÓS

Þrjár bekkjardeildir voru í 7. bekk. Að hausti voru 19 nemendur í tveimur bekkjum og í þeim þriðja voru 15 nemendur. Um miðjan vetur fjölgaði í einum bekknum um fjóra nemendur og fækkaði um einn í einum með vorinu. Þannig að í tveimur bekkjum voru 19 nemendur og í þriðja bekknum voru 18 nemendur að vori.

Stuðningsfulltrúar bekkjanna

Guðbjörg Lilja Þórarinsdóttir 7. JGJ, Inga Hanna Andersen 7. ÓS, Ingunn Arnórsdóttir 7.BB.

Helstu áherslur árgangsins

Lögð var áhersla á að efla jákvæð samskipti, auka vellíðan og bæta sjálfsmynd nemenda. Einnig var mikil áhersla lögð á lestur og bókmenntir. Aðalnámskrá grunnskóla var fylgt við gerð námsáætlana.

Kennsluhættir / skipulag kennslu

Námsgrein	Tímar	Kennarar
Íslenska	6	Bryndís, Jónatan Guðni og Lóa.
Stærðfræði	6	Jónatan og Lóa.
Enska	3	Bára Ingólfisdóttir, Harpa Hauksdóttir.
Danska	2,5	Dóra Hanna Sigmarsdóttir og Guðbjörg Guðmannsdóttir
Bekkjartími	0,5	Bryndís, Jónatan og Lóa.
Samélagsfræði	3	Bryndís, Jónatan og Lóa.
Náttúrufræði	3	Bryndís, Jónatan og Lóa.
Íþróttir/sund	3	Arna Björg Sigurbjörnsdóttir, Einar Kristinn Kárason Guðný Jensdóttir, og Snorri Rútsson
Þema: trúarbragðafræði	2	Ásta Kristmannsdóttir, Bjartey Gylfadóttir, Harpa Hauksdóttir, Ólafía Ósk Sigurðardóttir og Ólafur Lárusson
Lotur: Myndmennt, textílmennt, hönnun og smíði, upplýsingatækni lestur og stærðfræði.	4	Ásta Kristmannsdóttir, Bjartey Gylfadóttir, Eva Káradóttir, Frosti Gíslason, Harpa Hauksdóttir, Jónatan og Ólafur Lárusson

Þróunarstarf

Nýtt námsmat.

Námsmat

Námsmat er gefið í lok skólaárs. Símat er í öllum námgreinum jafnt og þétt yfir veturinn. Nemendur fengu leiðbeinandi matskvarða í upphafi verkefna til að taka mið af..

Árgangurinn tók samræmt próf í íslensku og stærðfræði í haust. Í bóklegum greinum var vitnisburður í samræmi við aðalnámsskrá, gefið í bókstöfunum A, B+, B, C+, C, D og hæfniviðmið metin.



Útikennsla/hreyfing

Árgangurinn fór í þriggja daga ferð að Úlfljótsvatni. Nemendur fengu fjölbreytta kennslu alla dagana.

Innanbæjar fórum við í nokkrar vettvangsferðir:

- Farið var í Bleikmýradal og farið í ratleik.
- Farið var í skógræktina í Löngulág og farið í ratleik.
- Farið var í Skiphella og farið í ratleik um bryggjusvæðið.
- Farið var í Skansfjöru og náttúran rannsökuð.
- Farið var í Sagnheima.
- Farið var í Sæheima.
- Farið var á Bæjarbókasafnið í fræðslu- og kynnisferð.
- Farið var í ratleik á Stakkagerðistúni og þar í kring.
- Unnið var með fugl, fisk og plöntu árgangsins (spói, koli og vallhumall).



Skemmtanir og félagslíf

Sameiginleg bekkjarkvöld að hausti þar sem hver bekkur kom með skemmtiatriði, farið í Kahootkeppni, myndasýning frá Úlfljótsvatni og endað á allsherjar feluleik um skólann.

Í desember voru litlu jólin undirbúin og haldin sameiginlega.

Bekkjarkvöld að vori hjá hverjum og einum bekk.

Þemavinna/vordagar

Smiðjudagur voru í desember þar sem nemendur unnu fjölbreytileg verkefni.

Sjöundubekkingar heimsóttu Sæheima í tengslum við náttúruskólabókina. Á vordögum kom Vísindasmiðja



Hí í heimsókn og kynnti vindmylluverkefni. Fjölgreindaleikar voru haldnir 29. og 30. maí þar voru nemendur sjöundubekkja fyrirliðar.

Almennt um árganginn

Árgangurinn samanstendur af kraftmiklum og kátum krökkum. Hópurinn er samheldinn og skemmtilegur. Námsfrávik eru mörg í árganginum og þurfa þau talsvert mikinn stuðning við nám sitt og fylgir stuðningfulltrúi hverri bekkjardeild.

Samstarf og samvinna

- Bekkja/nemenda:
Árganginum er blandað í þema og lotum. Bekkirnir vinna mikið saman og halda hópinn í frímínútum. Allar vettvangsferðir hefur árgangurinn farið í saman.
- Kennarar:
Einstaklega góður kennarahópur sem ekki verður hægt að bæta.

Húsnæði/aðstaða

7. bekkur er í elsta hluta Grunnskóla Vestmannaeyja. Stofurnar eru rúmgóðar og bjartar en afar erfitt er að loftræsta þær. Ekki kennsluhæft í stofunum síðustu daga skólaársins vegna hávaða og ryks sem kom til vegna framkvæmda við skólahúsnæðið.

Aðstaða til tölvunotkunar er afleit í stofunum. Aðgengi að tölvum fyrir nemendur er fyrir neðan allar hellur. Vinna á þráðlausa neti skólans gengur illa.



Skýrsluhöfundar: Bryndís Bogadóttir, Jónatan Guðni Jónsson og Ólafía Ósk Sigurðardóttir.

Skýrsla umsjónarkennara í 8. bekk

Bekkir: 8. AÝS og 8. JN

Tvær bekkjardeildir voru í 8. bekk. Að hausti voru 25 nemendur í öðrum bekknum og í hinum voru 23 nemendur. Um miðjan vetur fjölgaði í bekkjum um 4 nemendur í árganginum. Þannig að í hvorum bekk voru 26 nemendur að vori. Af þessum 52 nemendum eru 3 nýbúar. Þeir eru frá Namibíu, Portúgal og Ghana.

Helstu áherslur árgangsins

Lögð var áhersla á að efla jákvæð samskipti, auka vellíðan og bæta sjálfsmynd nemenda. Nemendur fengu hvatningu til að taka ábyrgð á eigin námi og hugsa til framtíðar. Aðalnámskrá grunnskóla var fylgt við gerð námsáætlana.

Kennsluhættir/skipulag kennslu

Námsgrein	Kennslust.fj.	Kennarar
Íslenska	6 kennslustundir	Anna Ýr Sveinsdóttir og Svanhvít Friðþjófsdóttir
Stærðfræði	6 kennslustundir	Jóhanna Njálisdóttir og Hildur Jónasdóttir
Enska	3 kennslustundir	Anna Ýr Sveinsdóttir, Harpa Hauksdóttir og Lára Skæringsdóttir
Danska	2,5 kennslustundir	Dóra Hanna Sigmarsdóttir og Guðbjörg Guðmannsdóttir
Bekkjartími	0,5 kennslustund	Umsjónarkennarar
Samfélagsgreinar	3 kennslustundir	Anna Ýr Sveinsdóttir og Jóhanna Njálisdóttir
Náttúrufræði	3 kennslustundir	Sigurhanna Friðþórsdóttir
Íþróttir/sund	3 kennslustundir	Arna Björg Sigurbjörnsdóttir, Guðný Jensdóttir, Einar Kristinn Kárasen, Hilmar Björnsson og Snorri Rútsson
Val nemenda	6 kennslustundir	Ýmsir kennarar

Þróunarstarf

Þróunarstarf var að bæta samskipti nemenda í árganginum. Mikið var lagt upp úr þjálfun til að bæta lestrarkunnáttu nemenda og auka árangur þeirra.

Námsmat

Nýtt námsmat var tekið til notkunar haustið 2016. Miðast það við nýjustu útgáfu aðalnámskrár grunnskóla. Námsmat fólst í símati sem fer fram jafnt og þétt yfir veturinn.

Útikennsla/hreyfing

Á meðan á náttúruvísindadögum stóð fórum við í göngu að Páskahelli, fræddumst um afrek Guðlaugs Friðþórssonar, skoðuðum gömlu ruslahaugana og gengum út að minnisvarðanum um Sigríðarslýsið. Á vordögum fórum við með nemendur út í leiki.



Skemmtanir og félagslíf

Bekkjakvöld að hausti hélt árgangurinn saman. Þá var farið í leiki, spilað á spil, sýnd kvikmynd og dansað fram á kvöld.

Í desember voru litlu jólin undirbúin og haldin sameiginlega.

Bekkjakvöld að vori var haldið sameiginlega innan árgangsins. Pöntuð var pizza, spjallað, spilað og farið í útileiki.

Þemavinna/vordagar

- Á haustdögum heimsóttum við vinabekk okkar, þriðja bekk, og fönnduðum með þeim fiðrildi og skrifuðum jákvæð orð og setningar á þau.

- Á vinadaginn fengum við vinabekkin okkar í heimsókn. Við fönnduðum saman vinaóróa, vinabönd og gluggamyndir. Heimsóknirnar voru ánægjulegar og gengu mjög vel.

Almennt um árganginn

Árgangurinn samanstendur af kraftmiklum og kátum krökkum. Hópurinn er samheldinn og skemmtilegur.



Samstarf og samvinna

- Bekkja/nemenda:
Árgangurinn er tvær bekkjardeildir í grunninn en hópnum er skipt í þrjá hópa í kjarnafögum. Nemendur dreifast í ólíkar valgreinar eftir áhugasviðum. Bekkirnir vinna mikið saman og halda hópinn í frímínútum.
- Kennara:
Margir kennarar koma að árganginum og er sá hópur einstaklega góður og samstarf gengur snurðulaust fyrir sig.



Húsnæði/aðstaða

8. bekkur er í austasta hluta Grunnskóla Vestmannaeyja. Stofurnar eru rúmgóðar og bjartar. Árgangurinn hefur 3 stofur til umráða vegna hópaskiptinga.

Tölvubúnaður kennara hefur verið endurnýjaður en net skólans virkar ekki alltaf sem skyldi. Erfitt hefur verið að nýta þráðlausa netið til vinnu.

Skýrsluhöfundar: Anna Ýr Sveinsdóttir og Jóhanna Njálisdóttir.

Skýrsla umsjónarkennara í 9. bekk

Bekkir: 9. BP, 9. GJ og 9. SF

Í árganginum er skráður 49 nemandi, 21 stúlkur og 27 drengir í þremur bekkjardeildum þ.e. 9. BP, umsjónarkennari Berglind Þórðardóttir, 9. GJ, umsjónarkennari Guðríður Jónsdóttir og 9. SF, umsjónarkennari Svanhvít Friðþjófsdóttir.

Umsjónarkennarar kenna allir samfélagsgreinar í sínum bekkjum og annað hvort íslensku og/eða stærðfræði í sínum bekkjum. Samstarf umsjónarkennara hefur gengið mjög vel eins og

áður og höfum við skipt með okkur verkum í undibúningi í samfélagsgreinum. Með því móti fæst meiri fjölbreytileika í kennsluháttum og framsetningu verkefna sem og í námsmati.

Umsjónarkennara hittast einu sinni í viku í a.m.k. klukkustund og kennarar sem kenna önnur bókleg fög hittast einnig í um klukkustund í viku hverri. Þannig að sumir kennarar eru í samstarfi í

Blaðsíða | 44



a.m.k. tvær klukkustundir á viku. Kennarar hittast oftast þegar um undirbúning fyrir sérstök verkefni er að ræða.

Húsnæði/aðstaða

Nemendur höfðu sína heimastofu (27, 36,37) en unnu tilraunir í náttúrufræðistofu.

Námsefni/gögn

Í stærðfræði var aðalánámsefnið *Skali 2a og 2b*. Í íslensku var aðalánámsefnið *Neistar, Laxdæla, Milljón holur, Málið í mark* – sagnorð. Í samfélagsfræðinni var aðalánámsefnið *Styrjaldir og kreppa, Á ferð um samfélagið, Hvað heldur þú og Um víða veröld - jörðin*. Í náttúrufræðinni var aðalánámsefnið *Lífheimurinn og Eðlisfræði I*.



Kennsluaðferðir

Kennsluaðferðir í vetur hafa eins og áður verið með fjölbreyttara móti og má þar nefna fyrirlestra, sýnikennslu, sýningar, skoðunarferðir, hlustunarefni, skriflegar æfingar, vinnubókakennslu, töflukennslu, lesið, spurt og spjallað, tvenndarvinnu, námsleiki, námsspil, þjálfunarforrit, verklega kennslu, vettvangsathuganir, jafningjafræðslu og hópvinnaaðferðir.

Námsmat

Í vetur var aðalþróunarvinna skólans námsmat. Markmiðið er að laga matið að kröfum *aðalnámskrá grunnskóla* þar sem verkefni og próf eru skilgreind út frá hæfni- og matsviðmiðum. Námsmat er fjölbreytt og bæði er um leiðsagnar – og lokamat að ræða. Símat fer fram allan veturinn en um miðjan vetur er námsstaða nemenda skoðuð á einstaklingsforeldrafundum.



Viðburðir

Níundi bekkur tók þátt í verkefninu Reyklaus bekkur og Pangea - stærðfræðikeppni. Árgangurinn fékk einnig það tækifæri að vinna með Erasmus + verkefni ásamt Tékklandi, Noregi, Tyrklandi og Þýskalandi. Verkefnið er til tveggja ára.



Heimsóknir voru margar og meðal annars fengu nemendur fræðslu á vegum Samtakanna 78, Sigga Dögg kynfræðingur mætti með fyrirlestur sem og skólahjúkrunarfræðingar GRV en þeir voru með fræðslu um kynheilbrigði. Einnig fengu nemendur fyrirlesturinn Vertu næs, Maggi Stefánsson (áður með Marita -fræðsluna) forvarnarfulltrúi var með skemmtilega og jafnframt nyt sama fræðslu um skaðsemi vímugjafa. Lögreglan í Eyjum heimsótti okkur með erindi þar sem hún útskýrði að lögreglan væri í þeirra liði og að þeim væri óhætt að leita til hennar. Nemendur í 9. bekk voru með á árshátíð



unglingastígs í annað sinn en hún var haldin í febrúar sl. Mættu nemendur í sínu fínasta pússi í Höllina, borðuðu góðan mat að hætti Einsa kalda og dönsuðu til miðnættis.

Haust og vordagar

Á haustdögum unnu nemendur með Náttúruskólabókina á náttúruvísindadögum í september. Níundi bekkur fór á þrjá staði, skoðuðu Eldheima, grilluðu samlokur á Eldfelli og á Skansinum var veðrið kannað.

Níundi bekkur heimsótti líka vinabekk sinn í Hs. og fékk hann í heimsókn. Dagur íslenskrar tungu var haldinn hátíðlegur og var unnið með Lofsönginn á ýmsan máta. Kennarar mættu einnig í þjóðlegum klæðnaði. Á degi stærðfræðinnar var unnið með hnitakerfið og línuleg föll. Afraksturinn var glæsilegar myndir af Pókemon. Nemendur tóku þátt í átakinu Göngum í skólann en það hófst með Norræna skólahlaupinu. Farin var dagsferð í Vísindasmiðju HÍ, Vigdísarstofu og að Gljúfrasteini. Ferðin heppnaðist mjög vel og fór afrakstur ferðarinnar í Náttúruvísindabókina.



Starfsfræðsludagar

Á vordögum voru einnig starfsfræðsludagar GRV og kynntu nemendur sér fiskvinnslufyrirtæki í Vestmannaeyjum. Þeir heimsóttu fyrirtæki og stofnanir sem tengjast þessari starfsemi, tóku viðtöl og afraksturinn var kynning nemenda þar sem foreldrum var boðið. Þetta verkefni var einstaklega skemmtilegt og áhugavert hjá nemendum. Veitt voru verðlaun fyrir vönduðustu verkefni.



Almennt um árganginn

Árgangurinn er einstaklega hress og skemmtilegur og miklir karakterar. Mikið um öfluga íþróttamenn og sterka námsmenn. Áherslur kennara í vetur eins og oft áður hafa verið jákvæð samskipti vellíðan og að bæta sjálfsmynd nemenda og gagnrýna hugsun.

Skýrsluhöfundar: Berglind Þórðardóttir, Guðríður Jónsdóttir og Svanhvít Friðjónsdóttir.

Skýrsla umsjónarkennara í 10. bekk

Bekkir: 10. ÁST, 10. HJ og 10. RÖ

Skólaár

Í árganginum voru skráðir 59 nemendur, 31 stúlka og 28 drengir í þremur bekkjardeildum. Um áramót flutti einn drengur úr bæjarfélaginu og ein stúlka hóf nám í FÍV. Bekkir eru: 10. ÁST, umsjónarkennari Ásdís Steinunn Tómasdóttir, 10. HJ, umsjónarkennari Hildur Jónsdóttir og 10. RÖ, umsjónarkennari Rósa Hrönn Ögmundsdóttir. Umsjónarkennarar kenna allir samfélagsgreinar

í sínum bekkjum og annað hvort íslensku eða stærðfræði. Einn umsjónarkennarinn kennir að auki ensku og náttúrufræði í sínum bekk. Bekkjarfundir eru 40 mínútur í hverri viku. Samstarf umsjónarkennara hefur gengið prýðilega, samstarfstímar hafa verið á miðvikudögum og hafa nýst mjög vel til skipulagningar. Einnig hafa tveir kennaranna haft samstarfsfundi um íslenskukennsluna einu sinni í viku. Kennarar hittast oftast ef þörf krefur og þegar um sérstakar upptökur er að ræða. Mikil vinna var í kringum skólaferðalag og lokaverkefni sem krafðist auka samstarfstíma. Umsjónarkennarar 10. bekkjar héldu áfram að bjóða nemendum sínum upp á heimanámstíma einu sinni í viku 60 mínútur í senn og tókst það misvel.

Kennsluaðferðir

Stuðst hefur verið við fjölbreytta kennsluhætti í vetur.

Má þar nefna fyrirlestra, sýnikennslu, sýningar, skoðunarferðir, hlustunarefni, skriflegar æfingar, vinnubókakennslu, töflukennslu, lesið, spurt og spjallað, tvenndarvinnu, námsleiki, námsspil, þjálfunarforrit eins og t.d. talglærur, Kahoot og Socrative, verklega kennslu, vettvangsathuganir og útikennslu, jafningjafræðslu og hópvinna af ýmsu tagi. Nemendur fengu mikla þjálfun í



Google-umhverfinu og ýmsa töflukennslu sem nýttist mjög vel í skilum á lokaverkefni.

Teymiskennsla fór fram í 12 vikur í samfélagsgreinum 80 mínútur í senn. Þá kenndum við umsjónarkennarar sitt hvort efnið í lotum í hverjum bekk fyrir sig. Hildur kenndi seinni hluta núvitundar, Ásdís kenndi Rokk og róttækni (þemahefti, tónlistasaga í sögulegu samhengi) og Rósa kenndi stjórnmálafræði.

Námsmat

Námsmat, símat og leiðsagnarmat fer fram allt skólaárið og er það nokkuð fjölbreytt. Sem dæmi má nefna ferilmöppur, hópverkefni, rafræn próf, heimapróf, framsagnir, ritunarverkefni, munnleg próf, samvinnupróf og hlustunarpróf. Á miðjum vetri var framvinda nemenda í hverju fagi fyrir sig gerð sýnileg á Mentor. Nemendur tóku samræmd próf í íslensku, ensku og stærðfræði. Að öðru leyti var hæfni nemenda metin samkvæmt viðmiðum *aðalnámskrár*.

Viðburðir

Árgangakvöld voru haldin hjá stúlkum annars vegar og drengjum hins vegar sem tókust mjög vel. Aðrir viðburðir eða uppbrot þennan veturinn voru m.a. Skáld í skólum, Náttúruvísindadagar, vinadagur, dagur íslenskrar tungu, dagur stærðfræðinnar, Göngum í skólann, Lífshlaupið, könnun fyrir ungt fólk, föndurdagur í Hamarsskóla, Benni



Kalli með umferðafræðslu, Sigga Dögg kynfræðingur, Samtökin 78, Þörupiltar, Smiðjudagar, Marítafræðsla, Þorgrímur Þráinsson, heimsókn þýskra nemenda, starfskynning nemenda og skólaferðalag. Árshátíð unglingastigsins var haldin 16. febrúar í kjölfar smiðjudaga. Árshátíðin tókst mjög vel og voru nemendur til fyrirmyndar sem fyrr, borðuðu góðan mat að hætti Einsa kalda og dönsuðu til miðnættis með hinum geysivinsæla House Effect. Nemendur fóru í starfskynningu í desember og apríl, einn dag í hvort skipti. Fyrri starfskynningin fór fram í Vestmannaeyjum en í apríl höfðu nemendur val um að fara annað og nýttu margir nemendur sér það enda dagurinn valinn í tengslum við skólaferðalagið. Í apríl var farið í skólaferðalag í Bláfjöll sem heppnaðist mjög vel. Allir fengu tækifæri að fara á skíði eða bretti, þar að auki var degi eytt í Reykjavík, nánar tiltekið í Egilshöll þar sem farið var í keilu, á skauta og í bíó.



Útskrift fór fram 1. júní í Höllinni þar sem nemendur og fjölskyldur þeirra mættu og áttu ánægjulega stund saman með kennurum og öðru starfsfólki skólans. Veittar voru viðurkenningar fyrir góðan árangur og lokaverkefni. Lokaball var haldið í kjölfarið útskriftar og tókst vel.

Sú venja hefur skapast að 1. og 10. bekkur hafa hist nokkrum sinnum á ári, í tengslum við vinaviku, jólafondur, Göngum í skólann o.fl. Þetta er skemmtilegur siður sem báðir hópar njóta góðs af og hlakka til.

Haust og vordagar

Á Náttúruvísindadögum unnu allir nemendur áhugasviðsverkefni sem var að nokkru leyti undirbúningur fyrir lokaverkefni sem var á vordögum. Nemendur völdu sér ýmist plöntu, fisk eða fugl árgangsins sem voru lúpína, marhnútur og lundi og unnu tveggja daga rannsóknarverkefni.

Lokaverkefni

Þetta er annað árið sem lokaverkefni er unnið í 10. bekk. Verkefnið felst í því að nemendur byrja á því að velja sér rannsóknarefni og semja rannsóknarspurningu. Thelma Gísladóttir var með fyrirlestur um rannsóknarspurningu sem nýttist nemendum mjög vel. Páll Magnússon var einnig með fyrirlestur um viðtalstækni sem nýttist einnig vel. Verkefnið stóð yfir í rúmar tvær vikur og lauk með glæsilegum kynningum fyrir foreldra og kennara. Verkefnið þótti takast í alla staði mjög vel og voru umsjónarkennarar mjög stoltir að frammistöðu sinna nemenda. Á skólaslitum voru veittar viðurkenningar fyrir besta básinn, bestu kynninguna, frumlegasta verkefnið og bestu rannsóknina.



Almennt um árganginn

Krakkarnir í 10. bekk eru líflegir og skemmtilegir. Hópurinn er alla jafna kurteis, þrúður og vinnusamur. Flestir koma sér fljótt að verki og leggja sig fram. Áherslur kennara frá því í fyrra um jákvæð samskipti, vellíðan og sjálfsstyrkingu nemenda hafa borið árangur sem sást vel þetta skólaár og sérstaklega í vinnu í kringum lokaverkefni. Í hópnum eru margir öflugir íþróttamenn, t.d. fengu 17 nemendur brons merki ÍBV fyrir tveggja ára þátttöku í Íþróttakademíunni. Það verður spennandi að fylgjast með þessum hóp í framtíðinni.

Skýrsluhöfundar: Ásdís Steinunn Tómasdóttir, Hildur Jónasdóttir og Rósa Hrönn Ögmundsdóttir.

Ýmsar skýrslur

Skýrsla íþróttakennara

Helstu áherslur/markmið:

Meginmarkmið með íþróttakennslu er að skapa áhuga fyrir íþróttum og hollri hreyfingu almennt. Auka þol, styrk og leikni. Nemendur eru hvattir til þess að taka sjálfstæða ákvörðun við val á íþróttum til að stunda sér til heilsubótar og gamans. Enn fremur er stefnt að því að auka skilning og hæfni nemenda á að fara eftir reglum og fyrirmælum. Auka félagslegan þroska og kenna þeim að taka tillit til annarra í leik og starfi. Áhersla er á virðingu og umburðarlyndi. Jafnframt er nemendum kennt inntak keppni, svo sem að leggja sig fram um að kunna að taka tapi og sigrum.



Kennsluhættir/skipulag kennslu:

Íþróttir:

1. – 8. bekkur er 2 x 40 mínútur á viku. Hjá 1. bekk er annar tíminn kenndur í sal Hamarsskóla og/eða úti á lóð skólans.

Hjá 9. og 10. bekk er kennt 2 x 60 mínútur á viku.

Einn íþróttakennari sér um kennsluna í hverjum hóp í íþróttatímum.

Útikennsla er í byrjun haustannar og lok vorannar, þegar veður leyfir.

Sund:

1. – 8. bekkur er 1 x 40 mínútur á viku.

9. – 10. bekkur er 12 vikur í sundi. 3 hópar voru í vetur, einn stelpuhópur, 9. bekkur strákar og 10. bekkur strákar.

Tveir íþróttakennarar sjá um kennsluna í hverjum hóp í 1.- 6. bekk.

Einn íþróttakennari í 7. – 10. bekk, nema tveir í einum 7. bekknum.

Akademía:

Kennt var 1 x 60 mínútur á viku. Sund hálf skólaárið og íþróttir hinn helminginn.

Einn íþróttakennari sá um hvorn hóp. 8. – 10. bekkur var kynjaskiptur í sundi og íþróttum.

Sérkennsla íþróttir og sund:

Kennt var 1 x 40 mínútur í íþróttum og 1 x 40 mínútur í sundi á viku.

Aukasundtímar:

Boðið var upp á aukasundtíma fyrir nýbúa 1 x 40 mínútur á viku.

Eftir áramót voru tveir nemendur sem fengu 2 x 40 mínútur aukasundtíma á viku.

Þróunarstarf:

Í vetur var innleitt nýtt námsmat sem kennarar unnu í og þróðu.

Námsmat:

Námsmat byggist á námsstöðu, vinnusemi og samskiptum. Námsstaðan byggist á líkamsgetuprófum sem lagt var fyrir tvisar sinnum á skólaárinu. Ein einkunn var gefin í lok skólaárs fyrir skólaíþróttir. Unnið var eftir nýju námsmati í vetur sem verið er að innleiða. 1. – 4. bekk var gefin einkunn eftir 3 stöðlum, hæfni náð, þarfnast þjálfunar og hæfni ekki náð. 5. – 10. bekkur fékk einkunnir í bókstöfum frá A-D. Umsögn var gefin ef þess þurfti.



Námsefni/gögn:

Kennt er eftir aðalnámsskrá grunnskóla í sundi og íþróttum.

Reynt er að kynna helstu íþróttagreinar fyrir nemendum og allar sundaðferðir eru kenndar.

Útikennsla/hreyfing:

Í upphafi og lok hvers skólaárs nýtum við náttúruna til útikennslu þegar veður leyfir. Hér í kring eru hinir ýmsu staðir sem hægt er að nýta, s.s. hraunið í kringum íþróttamiðstöðina, fara í göngu eða útihlaup, ganga upp á fjöll, golf, fara í sprönguna ásamt því að hægt er að stunda hvers lags útileiki á svæðinu í kring. Farið var í göngur m.a. upp á Molda, Dalfjall og Eggjar. Í hrauninu er vinsælt að fara í löggju og bófaleik og eina krónu. Listaverkaleikur í Hásteinsgrýfju er alltaf vinsæll og leikir í Herjólfsdal. Þegar vel viðrar er fjölbreytt aðstaða til útikennslu.

Í vetur fórum við einnig í frísbíggolf í hrauninu við íþróttamiðstöðina með flesta bekki og í golfkennslu á golfvöllinn með elstu bekkina.

Húsnæði/aðstaða:

25 metra innlaug og fjölbreytt útisvæði með rennibrautum, vaðlaug og heitum pottum. Þrír stórir íþróttasalir. Sal 2 og 3 er hægt að skipta í tvennt og sal 1 er hægt að skipta í þrennt með tjaldi. Einnig er möguleiki að opna á milli sal 2 og 3. Keypt voru ný áhöld í vetur, boltar, sippubönd, húllahringir, kútar, blöðkur og dót fyrir yngstu bekki.



Þemavinna/vordagar:

Við vorum með hópeflisleiki á Barnaskólalóðinni í upphafi verkefnisins "Göngum í skólann". Einn hópur var á hverri stöð í ca. 8 mínútur og þannig rúllaði það þar til allir voru búnir að fara á allar stöðvar.

Nemendur og foreldrar hlupu í Norræna skólahlaupinu í byrjun október.

Jólasundmótið var haldið í byrjun desember, þar sem 6. og 7. bekkur kepptu.

Á öskudaginn var skólastarfið brotið upp með leikjum í íþróttamiðstöðinni. Í lokin var kötturinn sleginn úr tunnunni og allir nemendur fengu lítinn sælgætispoka.

Smíðjudagar voru á mið- og efstastigi og tók hluti íþróttakennara þátt í þeim.

Skóladagar voru haldnir í hvorum skóla fyrir sig í maí, þar sem íþróttakennarar sáu um leiki og fjör.

Fjölgreindarleikar voru haldnir dagana 29. og 30. maí þar sem nemendur í 1. – 7. bekkur spreyttu sig í hinum ýmsu þrautum í Hamarsskóla og Íþróttamiðstöðinni. Verðlaunaafhending var í Bárugötu 31. maí þar sem allir komu saman, dönsuðu og sungu.



Samstarf og samvinna

Samstarf og samvinna kennara á þessu skólaári var til fyrirmyndar. Yfir heildina gekk vinnufyrirkomulag og samvinna vel.

Önnur atriði sem vert er að nefna:

Í vetur kenndum við í fyrsta skiptið frísbíggolf á sérútbúnum velli sem staðsettur er við íþróttamiðstöðina.

Einar Gunnarsson golfkennari kom og kenndi snag golf hjá okkur í vetur, snag er kennt inni í íþróttasal. Einnig var hann með tíma fyrir 8. – 10. bekk í lok vorannar þar sem hann kenndi þeim golf á æfingasvæði golfvallarins.

Lítið varð úr útikennslu á vorönn þetta árið þar sem veður var okkur ekki hliðholtt.

Skýrsluhöfundar: Arna Björg Sigurbjörnsdóttir, Guðný Jensdóttir, Hilmar Ágúst Björnsson, Snorri Rútsson og Einar Kristinn Kárasón.

Skýrsla verkgreinakennara

Skýrsla list – og verkgreinakennara í Hs

Helstu áherslur/markmið

Unnið er út frá markmiðum aðalnámsskrár. Rík áhersla lögð á einstaklingsmiðað nám og að allir fái að njóta sín í sköpun. Við viljum bæta námsárangur, stuðla að auknum þroska og vellíðan. Einnig viljum við auka almenna færni nemenda. Áhersla er lögð á að auka metnað í skólanum og viðhalda góðu samstarfi við foreldra.



Kennsluhættir/skipulag kennslu

Danskennsla er ein kennslustund á viku í hverjum bekk. Aðrar list- og verkgreinar eru kenndar í lotum þar sem bekkjunum er blandað, hóparnir eru fámennari og njóta kennslunnar hluta úr vetri.

Námsmat

Kennarar í verk- og listgreinum unnu saman að matslistum sem notaðir voru til að meta námið. Markmið aðalnámsskrár voru notuð sem viðmið við gerð matslistanna.

Námsefni/gögn

Unnið er með námsefni frá námsgagnastofnun, hugmyndir þróaðar af kennurum hvernar greinar og hugmyndir nýttar af netinu. Lögð er rík áhersla á að verkefni séu við hæfi hvers og eins.

Útikennsla/hreyfing

Í öllum verk- og listgreinum eru tilfallandi verkefni unnin úti ef veður leyfir

Húsnæði/aðstaða

Handmenntastofa: Þarf að skipta um kork á kennaraborðið eða setja tréplötu ofan á. Vantar einnig skjávarpa.



Heimilisfræðistofa: Er orðin mjög þreytt og margt sem þarfnast lagfæringar t.d eru skúffur að hrynja í sundur. Rafmagn slær út t.d. ef tvö vöfflujárn eru í sambandi í einu. Vatn er oft einkennilegt á litinn sérstaklega eftir frídaga, allt frá gulu útí brúnt. Loftræsting er léleg.

Myndmennt: Vantar loftræstingu (er engin), borð og stólar eru illa farin.

Salur/dans: Loftræstingu þyrfti að bæta t.d. með viftu.

Smíðastofa: Vantar skjávarpa þar sem nemendur horfa á myndbönd í tengslum við verkefni sín. Einnig þyrfti að loka á milli vélarsals og kennslurýmis. Það væri gott að geta fært stóru ryksuguna út í geymslu til að minnka hávaða. Það þarf að bæta og skipta út verkfærum. Mörg verkfæri eru farinn að vera mjög léleg.



Tölvustofa: Vantar fleirri heyrnatól. Þannig að það sé eitt í hverri tölvu.

Þróunarstarf

Þróunarhópurinn FabLab nær yfir allar list- og verkgreinar nema heimilisfræði. Þróunarhópurinn heilsueflandi grunnskóli nær yfir dans og heimilisfræði.

Þemavinna/vordagar

List- og verkgreinakennarar taka þátt í þemavinnu þegar hún er. Má þar t.d. nefna jólaföndurdag, víkingarhátíð, fjölgreindarleika og öðruvísi daga.

Á hverju ári er alþjóðlegi dansdagurinn haldinn hátíðlegur í Bárugötu. Þar sýna allir nemendur í 1. – 5. bekk dans fyrir gesti og gangandi.

Samstarf og samvinna

- **Bekkja/nemenda**

Nemendahópar í lotum eru blandaðir úr bekkjum árgangsins. Á danssýningu hjálpa eldri nemendur yngri nemendum þegar vantar dansfélaga.

- **Kennara**

Umsjónakennarar leita oft eftir samvinnu list- og verkgreinakennara (og öfugt) þegar verið er að vinna ákveðin verkefni. List- og

verkgreinakennarar hjálpast oft að með verkefni, skáka nemendum milli greina og fleira ef þess þarf.

Samstarf kennara er gott og auðvelt að leita til samkennara.



Skýrsluhöfundar: Ástríður Júlíusdóttir, Súsanna Georgsdóttir, Sverrir Marinó Jónsson, Valgerður Bjarnadóttir, Þóra Gísladóttir og Þórey Friðbjarnadóttir.

Skýrsla list- og verkgreinakennara í Bs

Heimilisfræði

Kennari: Harpa Hauksdóttir

Áherslur/ markmið:

Markmið námsins er fyrst og fremst að gera nemendur sjálfstæðari í verki og stuðla að vinnugleði og virðingu fyrir vinnu. Auk þess er lögð áhersla á að þjálfra einbeitingu, iðjusemi og verkfærni.



Uppbygging kennslunar / kennsluaðferðir:

Lotukennsla á miðstigi. Loturnar eru 2 x 40 mín á viku aðra önnina. Tímunum er skipt þannig upp að eina vikuna er bakað, aðra er eldað og síðan er unnið í kennslubók eða öðrum verkefnum sem tengjast mat eða næringu og heilsu.

Á miðstigi er einnig þemakennsla þar sem unnið er með eitt trúarbragð á hvorri önn, trúarbragðið er tekið fyrir bæði bóklega og verklega. heimilisfræði er unnið með matarmenningu og ólíka siði þegar kemur að trúnni og eldað/bakað eitthvað sem tengist menningu hvarrar trúar.

Val á unglingarstigi er þemakennt þar sem unnið er í lotum eins og Matur og menning, Holtt og gott, og Hefbundið og gott. Nemendur fá tækifæri til að velja hvað þeir vilja gera og kemur kennari til móts við þær óskir. Nemendur elda fjölbreyttan mat og fræðast um ólíkar matarhefðir, næringargildi og hvernig er hægt að vinna með sama hráefnið á ólíkan hátt.

Á miðstigi eru haldnir smiðjudagar og fara nemendur þá í ólíkar smiðjur. Í heimilisfræði var bökunarsmiðja þar sem að nemendur bökuðu smákökur jólasveinsins.

Á unglingastigi voru þemadagar þar sem nemendur voru 3 daga á sama stað. Í heimilisfræðinni fengum við til okkar tvo matreiðslumeistara annar bakaði með nemendum og hinn kenndi þeim að gera súpur frá grunni og einnig að útbúa pasta frá grunni.

Kennsluaðferðir:

Í upphafi tímans er farið vel yfir uppskriftir og verkaskiptingu hjá nemendum. Kennsluaðferðir eru bein kennsla, sýnikennsla og verklegar æfingar.

Námsefni / námsgögn:

Gott og gagnlegt 2 og 3, Uppskriftavefurinn inn á mms.is, námsefni frá landlæknisembættinu ásamt kennsluefni sem samið er af kennara.

Einkunn er gefin í lok annar sem byggist á vinnubrögðum/ umgengni, áhuga/virkni, sjálfstæði/frumkvæði, samvinnu/samskiptum og þeim matsviðmiðum sem lagt er upp með úr aðalnámskrá. Einnig er símat og leiðsagnarmat yfir önnina á verkum og vinnu nemenda.

Textílmennt

Kennari: Ásta Kristmannsdóttir

Áherslur/markmið

Áhersla er lögð á að aðlaga verkefni að getu hvers og eins, þannig að allir fái að njóta sín. Lögð er áhersla á frumleika nemenda í öllum verkum þeirra.

Markmið námsins er fyrst og fremst að gera nemendur sjálfstæða í verki, stuðla að vinnugleði og virðingu fyrir textílvinnu. Auk þess er lögð áhersla á að þjálfra einbeitingu, iðjusemi og verkfærni.

Uppbygging kennslunnar/kennsluaðferðir

Lotukennsla á miðstigi, loturnar eru tveir tímar í viku aðra önnina.

Val á unglingastigi er í tvo til þrjá tíma aðra önnina.

Við erum með þemakennslu í trúarböggðum á miðstigi, þar er unnið með eitt trúarbragð á hverri önn. Sem dæmi er Islamstrú tekin fyrir bóklega og í öllum verkgreinum, tvær kennslustundir í viku og þrjár vikur á hverjum stað.

Einnig eru þemadagar á miðstigi í þrjá daga að hausti.

Nemendur koma í tvo klukkutíma hver hópur og erum við með mismunandi verkefni sem henta fyrir þann tíma.

Stundum tengjast verkefnin jólum eða bara eitthvað sniðugt sem hentar fyrir alla.

Á haustin vinnum við einnig í samvinnu við Félagsmiðstöðina Rauðagerði að þátttöku í Stíl, keppni í fatahönnun, förðun og hárgreiðslu. Nemendur mæta einu sinni í viku í nokkrar vikur og nýta sér aðstöðu og leiðbeiningu kennara. Að lokum er haldin forkeppni og þeir sem vinna hana fara í aðalkeppnina í Reykjavík.



Kennsluaðferðir

Einstaklingskennsla, heildstæð verkefni, hugmyndavinna, sköpun og verklegar æfingar.

Námsefni/námsgögn

Helstu námsbækur eru: Á þrjónunum, sníðablöð og Onion sníð, ásamt mynsturbókum sem til eru í kennslustofunni. Einnig leita nemendur eftir hugmyndum á netinu ásamt hugmyndum og uppskriftum frá kennara.

Námsmat

Símat er í gangi allan veturinn, þar sem verkefni og framlag nemenda er metið jöfnum höndum. Hæfni nemenda er metin jafnt og þétt yfir veturinn.

Húsnæði/aðstaða

Erum í bjartri og rúmgóðri stofu sem er velbúin tækjum og tólum sem tilheyra greininni. Góð geymsla fyrir efni og há borð til að vinna við.

Hönnun og smíði:

Kennari Ólafur E. Lárusson

Áherslur/markmið:

Markmið námsins er að gera nemendur sjálfstæða í verki, stuðla að vinnugleði og virðingu fyrir handverki, þá er lögð áhersla á að þjálfra einbeitingu, iðjusemi og verkfærni.

Uppbygging kennslunnar:

Nemendur í 6 - 7. bekk fá kennslu í hönnun og smíðum einusinni í viku þ.e. 2 x 40 mín í senn. Nemendur læra að nota öll almenn handverkfæri og rafmagnstífsagir við vinnu sína. Þá er nemendum kennt að nota lóðstöðvar í tæknimennt. Í tæknimennt eru unnin verkefni sem eru knúin áfram af 9v straumi. Bókakostur smíðastofunnar er til uppfléttingar og veraldarvefurinn einnig mikið notaður þegar kemur að frjálsu vali verkefna - Í upphafi skal endinn skoða ! Nemendur eiga að sýna gagnrýna hugsun á meðan á hönnun og vinnu stendur og leita lausna.



Markmið:

Að nemendur nýti þekkingu sína í hönnun og smíði og leiti leiða við smíði verkefna sem þeir hafa áhuga á. Þeir læri að nýta tækni í verkefnavinnu ásamt því að læra að nota mismunandi efnistegundir. Smíðastofan leitast við að hafa efnisval eins fjölbreytt og mögulegt er hverju sinni.



Námsmat:

Í byrjun næsta skólaárs verður hvert verkefni sem sett er fram í lotum þ.e. hverri önn, metið og lokaekinn gefin út frá framvindu verkefna. Í vali hjá 10.b ekk er framvinda metin samkvæmt Mentor.

Húsnæði:

Smíðastofan er í vesturálmú skólans og þar er tækja og verkfæra kostur til flestra verkefna sem unnin eru. Einstöku stærri vélar eru komnar til ára sinna en þó vel nothæfar um sinn. Öll almenn handverkfæri eru til staðar, lóðstöðvar og það sem tilheyrir tæknimennt er til staðar og verkefni eru unnin í samvinnu við rafiðnaðarsambandið.



Myndmennt:

Kennari: Bjartey Gylfadóttir

Markmið og áherslur

Markmið námsins er fyrst og fremst að gera nemendur sjálfstæða í verki, stuðla að vinnugleði og virðingu fyrir vinnu. Auk þess er lögð áhersla á að þjálfa einbeitingu, metnað, iðjusemi og verkfærni. Áhersla lögð á að nemendur geti notað mismunandi efni, verkfæri og miðla á skipulagðan hátt í eigin sköpun.



Uppbygging kennslunnar

Lotukennsla á miðstigi, tvær kennslustundir einu sinni í viku aðra önnina. Val á unglingastigi, tvær kennslustundir einu sinni á viku aðra eða báðar annirnar.



Nemendur á unglingastigi sem völdu að vera í myndmennt allt skólaárið unnu lokaverkefni á vorönninni þar sem þeir réðu viðfangsefninu og framsetningunni. Nemendur þurftu að skila inn skýrslu með verkinu sínu. Sýning var haldin í Safnahúsi með afrakstri nemenda úr lokaverkefninu.

Þemakennsla var á miðstigi þar sem unnið er með eitt trúarbragð á hverri önn. Skólaárið 2016-2017 tókum við fyrir búddhatrú og ásatrú. Í búddhatrúnni lærðu nemendur grunnhandtökin við það að útbúa dúkristu og þrykkja á blað. Í ásatrú völdu nemendur sér einn af þremur ásum sem við fjölluðum um (Óðinn, Týr eða Þór) og teiknuðu skissu og leiruðu viðkomandi persónu og máluðu auk þess sem þeir teiknuðu mynd.

Kennsluaðferðir

Fræðsla í fyrirlestrar formi, sýnikennsla, verklegar æfingar, skoða myndlistasýningar og fleira.

Námsefni/námsgögn

Listaverkabækur, gögn af netinu, verkefnabanki kennara, náttúran og fleira.

Námsmat

Símat er í gangi allan veturinn. Hæfnimat er gefið í lok annar, þar sem kennari fyllir inn í hæfnikort nemanda, sem gefur til kynna hvort nemandi hafi náð viðkomandi hæfni.

Húsnæði/aðstaða

Myndmenntarkennslan hefur farið fram í kofa á skólalóðinni. Kofinn er rúmgóður og með ágætt geymslu- og skápláss en vaskurinn á það til að stíflast.

Smiðjudagar á miðstigi Smiðjudagar voru haldnir í byrjun desember. Í myndmenntarsmiðju gátu nemendur unnið allskonar jólas kraut úr pappír. Einnig gátu nemendur valið um að mála form (hjarta, stjarna og jólatré) sem var skorið út í fræsivélinni í Hamarsskóla.

Smiðjudagar á unglingastigi

Lista- og hönnunarsmiðja var í boði á smiðjudögum í ár. Þar var lögð áhersla á að nemendur fegruðu skólann sinn á sem ódýrasta máta m.a. með því að nýta það sem til var. Nemendur tóku matsalinn fyrir á þessum dögum og máluðu franska glugga á staði þar sem eitt sinn voru gluggar. Einnig máluðu nemendur tvær mandölur á veggina, skreyttu sjoppuhornið og máluðu einn vegg með krítarmálningu. Einnig bjuggu nemendur til pappakúlur sem þeir hengdu í loftið (í netið sem hangir í loftinu).



Skýrsluhöfundar: Ásta Kristmannsdóttir, Bjartey Gylfadóttir, Harpa Hauksdóttir og Ólafur Lárusson

Skýrslur um sérkennslu

Skýrsla námsvers á yngsta stigi

Helstu áherslur/markmið:

Í Hamarsskóla eru þrjú námsver með ólík hlutverk. Í vetur hefur skiptingin verið á þann hátt að nemendur úr 1.- 3. bekk fengu einstaklingsmiðaða kennslu í námsveri 1. Nemendur úr 4.-5. bekk fengu einstaklingsmiðaða kennslu í námsveri 2. Í námsveri 3 var unnið með sérstök lestrarinngrip fyrir nemendur úr 1.- 4. bekk. Auk þessa fór nýbúafræðsla einnig fram í námsverunum. Fyrir utan kennsluna í námsverum sinna sérkennarar í Hamarskóla fjölmörgum öðrum verkefnum, eins og:

- Lestraskimunum
- Greiningum
- Stöðumati
- Einstaklingsnámskrágerð
- Hópnámskrágerð
- Teymisfundum
- Skilafundum
- Samstarfi við umsjónakennara, stuðningsfulltrúa og stjórnendur

Kennsluhættir/skipulag kennslu:

Hópastærð í kennslu ræðst af þörfum nemenda og getur verið allt frá einstaklingskennslu og upp í sjö barna hópa. Hversu oft í viku nemandi kemur í námsver fer eftir þörfum hans, greiningu sem og tímafjölda sérkennara og stundatöflum nemenda. Tímafjöldi á nemanda er allt frá einum og upp í 12 tíma á viku. Hóparnir eru settir saman með þarfir nemenda að leiðarljósi.

Kennsluhættir í námsverum eru mjög fjölbreyttir og er meðal annars lögð áherslu á:

- Hlutbundið nám
- Einstaklingsvinnu
- Paravinnu
- Hópavinnu
- Námsleiki
- Spjaldtölvur
- Tölvur
- Leikræna tjáningu
- Bóknám
- Samræður
- Söguaðferð

Fjöldi nemenda í námsveri

Nemendur skiptust í tvo meginhópa. Í fyrsta lagi nemendur sem fá reglubundna kennslu allt skólaárið og í öðru lagi nemendur sem fá tímabundin inngrip.

Fjöldi nemenda sem fá reglubundna kennslu eftir árgöngum

1. bekkur – 8 nemendur
 2. bekkur – 7 nemendur
 3. bekkur – 16 nemendur
 4. bekkur – 17 nemendur
 5. bekkur – 16 nemendur
- Alls 64 nemendur.

Fjöldi nemenda sem hafa fengið lestrarinngrip

25 nemendur í 1. - 4. Bekk

Próunarstarf

Sérkennarar eru allt árið um kring að leita að nýjum leiðum til að kenna íslensku og stærðfræði, til að koma til móts við einstaklingsþarfir nemenda. Má þar nefna námsefnisgerð, að kynna sér ný kennsluöpp og nýútgefið námsefni.

Námsmat

Sérkennarar sjá um námsmat nemenda sem vinna samkvæmt einstaklingsnámskrá ásamt umsjónarkennurum. Auk þess fer fram stöðugt mat (símat) á framförum í kennslustundum. Einnig er unnið með stöðupróf, skimanir sem og formlegt mat.

Húsnæði/aðstaða

Sérkennarar eru nokkuð sáttir við aðstöðuna í námsverum, nema rýmið í Vesturálm, efri hæð. Sú aðstaða hentar ekki vel til sérkennslu.

Samstarf og samvinna

Sérkennarar þurfa að sinna mjög margþættu samstarfi. Það getur verið tímafrekt en er um leið mjög mikilvægur þáttur í starfinu. Þess vegna vilja sérkennarar skólans leggja áherslu á að samstarfið sé markvisst og vel skipulagt. Áherslur í samstarfi okkar við ýmsa aðila felast fyrst og fremst í:

- samþættingu náms og aðlögun námsefnis með umsjónakennurum
- að leiðbeina stuðningsfulltrúum
- skipuleggja sérkennslu og forgangsraða sérkennslutímum nemenda með stjórnendum
- stuðningi og ráðgjöf til foreldra
- skilafundir og eftirfylgni með Greiningarstöð og öðrum sérfræðingum
- að samræma vinnubrögð með öðru starfsfólki grunnskólans

Önnur atriði sem vert er að nefna:

Sérkennarar eru sammála um að til þess að ná betri yfirsýn yfir sérkennsluna í heild og betri nýtingu á starfskröftum (bæði sérkennara og stuðningsfulltrúa) er full þörf á að ráða deildarstjóra sérkennslu. Eins og staðan er í dag þurfa sérkennarar oft á tíðum að taka þá erfiðu ákvörðun að forgangsraða tíma á nemendur og hafa ekki alltaf yfirsýn yfir allri þjónustu sem hver nemandi fær. Mun betra væri að deildarstjóri sérkennslu væri með þau mál öll hjá sér og skipti niður verkefnum á sérkennara.

Í upphafi hvers skólaárs fer drjúgur tími sérkennara í að skipuleggja stundartöflur sínar. Ástæður eru nokkrar. Í fyrsta lagi eru stundartöflur hvers árgangs ekki nægilega samstilltar. Í öðru lagi eru stundartöflurnar ólíkar eftir árgöngum, sem gerir það verkum að tími sérkennara nýtist oft ekki sem skyldi. Fastir nestistímar og jafnlangar kennslustundir allra árganga væri æskilegra til að setja saman stundartöflur sérkennara sem kenna fleiri en einum árgangi.

Skýrsluhöfundar: Halla Júlía Andersen, Helga Sigrún Þórsdóttir og
Nina Anna Dau

Skýrsla námsvers á miðstigi

Áherslur og markmið

Að nemendur auki færni sína í íslensku og stærðfræði. Unnið er samkvæmt einstaklingsnámsskrá hvers og eins og námsskrám árgangsins eins og hægt er.

Kennt var í námsveri 6.-7. bekkjar. Unnið samkvæmt einstaklingsáætlun hvers og eins í samráði við umsjónarkennara.

Þróunarstarf:

Kennari í námsveri var í Orð af orði vinnuhóp á síðasta ár en ekki í neinum hóp í vetur.

Tímafjöldi á viku 13 -14 kennslustundir í íslensku og stærðfræði með nemendur úr 6. og 7. bekk. Að meðaltali voru 4-10 nemendur, sumir voru allan veturinn en aðrir tímabundið. Unnið með námsefni sjötta- og sjöundabekkjar.

Mjög góð samvinna var við umsjónakennarana. Unnum sérnámsskrá og hjálpuðumst að við að finna hentugt námsefni.

Í 6.bekk rúllaði hópurinn, enginn nemandi átti fast sæti í námsveri, virkaði vel og var skemmtilegra bæði fyrir nemendur og kennara.

Námsmat:

Símat allan veturinn, tókum kaflaprófin úr Stiku og yfirlitspróf. Í íslensku var sama námsmat og hjá árganginum.

Helstu áherslur voru á að efla jákvæð samskipti, auka vellíðan og bæta sjálfsmynd nemenda.

Reyndum að gera það eftirsóknaveit að vera í Námsverinu. Vorum farin að nota spjaldtölvur og

má eflaust gera meira af því til að gera námið fjölbreyttara og áhugaverðara. Aðstaðan góð, fín stofa og staðsetningin góð með tilliti til 6. og 7.bekkja.

Skýrsluhöfundur: María Pálmadóttir.

Skýrsla námsvers á unglingastigi

Skólaár

Skólaárið 2016 - 2017 var byrjað með undirbúningi 15. – 19. ágúst og skólasetning mánudaginn 22. ágúst 2016. Kennsla var í 180 daga og lauk með skólaslitum föstudaginn 2. júní 2017. Lokafrágangur var þrjá daga eftir það. Nemendur skiptust þannig að 8 nemendur úr 10. bekk, 3 nemendur úr 9. bekk, 6 nemendur úr 8. bekk og einn nýbúi. Flestir unnu eftir einstaklingsnámskrá. Nemendur 8. bekkjar unnu eftir áætlun bekkjarins en hægar.

Helstu áherslur/markmið

Í námsveri 8.-10. bekkjar er mikið lagt upp úr einstaklingsvinnu. Nemendur eru að fást við það sem þau ráða við og reynt að þyngja efni eins og mögulegt er. Erum að vinna að því að reyna að koma nemendum sem mest inn í bekk.

Kennsluhættir/skipulag kennslu

Í stærðfræðinni er áætlun fyrir hvern nemanda sem dugir fyrir hverja viku. Nánast alfarið er einstaklingskennsla. Mjög erfitt er að vera með annarskonar kennslu því oft eru 2 – 4 námshópar í stofunni í einu og jafnvel í sitt hvorri greininni. Yfir skólaárið eru nemendur að fá ákveðnar námsbækur (mis þungar) við sitt hæfi og verkefni frá kennara. Nemendur fá oft frjálst í lok tímans ca. 5 mín.

Námsmat

10. bekkur stærðfræði

- Yfir skólaárið 3 -5 verkefni(próf) úr því námsefni sem nemandinn hefur lokið.
- Einnig eru 2 – 4 örverkefni sem eru tekin í tíma óundirbúinn.
- Síðan eru tekin verkefni sem tengjast stærðfræðinni úr daglegu lífi.
- Innréttu herbergi verkefni sem tókst mjög vel. Skiluðu í power pont.
- Unnin verkefni með fjármál.
- Samvinnupróf, verkefni þar sem bækur voru notaðar.
- Metin er hæfni hvers og eins yfir veturinn t.d.hvernig hann leggur sig fram, hvernig hann nær námsefninu ofl.

9. bekkur stærðfræði

- Yfir skólaárið 3 -5 verkefni(próf) úr því námsefni sem nemandinn hefur lokið.
- Einnig eru 2 – 4 örverkefni sem eru tekin í tíma óundirbúinn.
- Metin er hæfni hvers og eins yfir veturinn t.d.hvernig hann leggur sig fram, hvernig hann nær námsefninu ofl.

8. bekkur stærðfræði

- Yfir skólaárið 4 -6 verkefni(próf) úr því námsefni sem nemandinn hefur lokið.
- Einnig eru 6 – 10 örverkefni sem eru tekin í tíma óundirbúinn.
- Verkefni þar sem bækur voru notaðar
- Metin er hæfni hvers og eins yfir veturinn t.d.hvernig hann leggur sig fram, hvernig hann nær námsefninu ofl.

Námsefni/gögn í stærðfræði

- Stærðfræði dagsins önn
- Stjörnubækur
- Stærðfræði 8+, 9+, 10+
- Almenn stærðfræði I, II, III
- Námsefni frá kennara
- Skali 1a
- Nams.is
- Ýmis forrit

Útikennsla/hreyfing ef við á

Er mjög lítil í stærðfræði. Þar sem skipulagið á námsverinu er þannig að það geta verið nemendur úr ýmsum greinum á sama tíma t.d. úr 8. bekk og 9. bekk í íslensku og stærðfræði.

Húsnæði/aðstaða

Námsverið fyrir 8.-10. bekk er í stofu 22. Tölvumál eru ekki í góðu lagi, húsnæðið er mjög gott.

Þemavinna/vordagar

Reyni að vera með einhverskona þemavinnu í stærðfræði en er erfitt. Því oft eru aðrir hópar í sömu kennslustund t.d. stærðfræði 8.b, stærðfræði 10.bekkur og íslenska.

Samstarf og samvinna /bekkja/nemendur/kennara/stuðningsfulltrúa

- Mikið og gott samstarf við kennara í námsveri í 8.-10. bekk.
- Mjög mikilvægt er að vera með sama stuðningsfulltrúa í námsverinu. Er mjög gott samstarf á milli kennara og stuðningsfulltrúa.
- Þarf að vera mun meira samstarf milli umsjónarkennara og kennara þeirra barna sem eru í námsverinu. Oft virðist það vera að kennari og umsjónarkennari fylgist ekki með nemendum sem eru þar.
- Mjög gott samband er á milli nemenda í námsverinu og kennara og stuðningsfulltrúa þar. Nemendum líður vel í námsverinu.

Önnur atriði sem vert er að nefna

- Hafa námsverið meira rúllandi, nemendur koma í stuttan tíma (t.d.1 – 2 mán). Einhver pláss verða frátekin fyrir nemendur sem þarf að seinka (gera einstaklingsnámskrá). Ef nemendur eiga að stoppa stutt í námsveri á þarf öll beiðni um það að fara í gegnum stjórnendur.
- Ég er mjög ánægður með framfarir hjá nemendum í stærðfræðinni.

- Skiplagið á námsverinu er nokkur hindrun í að vera með meiri útikennslu, þemaverkefni ofl.
- Skóladagur í námsveri: Töfl, púsl,spurningakeppni, ofl.
- Lokaverkefni 10. bekkjar gekk nokkuð vel hjá nemendum úr námsveri. Hóparnir voru þrír og voru 2-3 í hverjum hóp.
- Mjög mikilvægt er að nemendum líði vel í námsveri og þau finni í hverju þau eru „best“
- Íhugunarefni. Ef nemandi er að fara í námsver til að vera þar allt skólaárið með annað námsefni en árgangurinn þá er verið að seinka honum og þá er gerð einstaklingsnámskrá. En ef nemandi er í námsveri en fylgir efni árgangsins en hægar er ekki gerð einstaklingsnámskrá.En nemandi getur verið í stuttan tíma í námsveri t.d einn mánuð og farið síðan aftur inn í bekk. Námsverskennarar verða að fara vel yfir umsóknir með stjórnendum.
- Mætti einnig hugsa sér námsverið fyrir þá nemendur sem eru komnir lengra.

Skýrsluhöfundur: Björn Elíasson

Íslenska

Markmið að nemendur fái færni að vinna með íslensku eftir því sem geta þeirra leyfir. Sjá námsmat

Nemendur úr 8. – 10. bekk. Nemendur skiptust þannig: 5 nemendur úr 10. bekk. Í 8.bekk eru tveir nemendur. Tveir nýbúar úr 10. bekk, 1 nýbúi úr 9. bekk og 3 nýbúar úr 8.bekk. Unnið með einstaklinginn sem slíkan. Flestir vinna eftir einstaklingsnámskrá. Námsefni er valið eftir getu hvers og eins.

Yfirleitt er unnið eftir einstaklingsnámskrá en einnig farið í það sem árgangurinn er að gera hverju sinni eftir þeirra getu.

Námsefni:

10. bekkur: Hugarflug, ýmis hefti, Lesrún, Gott mál, Málið í mark, valin verkefni, Logar (notuðum verkefni frá bekk og sniðum eftir færni hvers og eins). Annað efni í bókmenntum hjá 10. bekk Unnið var með Röndóttu spóa fyrir áramót og verkefni úr bókunum Heimur í hendi eftir áramót. Allir tóku bókina á ögurstundu sem fjallar um björgunarsveitir. Næstu völdu þau sjálf.

8.bekkur: Unnið með Lesrún, Hugarflug, lestrarbækur + vinnubækur, Sittlítið af hverju , verkefni úr Neista, ýmis ritunarverkefni + verkefni af neti, lesskilningsverkefni. Nýbúar: unnið samkvæmt efni sem talið er upp í einstaklingsnámskrá.

Kennsluhættir/skipulag kennslu:

Alltaf einn kennari með hópnum, stundum tveir og yfirleitt stuðningsfulltrúi. Mikilvægt að sami stuðningsfulltrúinn sé í námsveri og sömu kennarar. Aðaláhersla lögð á grunnfærni. Notuð eru hjálpargögn, : spil, spjaldtölvur, borðtölvur og ýmis forrit og vefir sem tengjast íslensku.

Húsnæði: stofa 22 hjá unglingadeild. Mjög góð.

Þemavinna / vordagar með bekkjunum, Skóladagur, Í námsveri: Töfl, púsl, spurningakeppni ofl. Lokaverkefni í maí hjá 10. bekk. Björn heldur utan um hópinn.

Námsmat: Símat, verkefni og próf lögð fyrir með jöfnu millibili. Hæfniskort

Tölvumál: enn má bæta.

Samvinna: Er mjög góð hjá námsverskennurum. Samvinna er einnig mjög góð við aðra kennara skólans.

Mikil áhersla er lögð á það að nemendum líði vel í námsveri og að þau finni í hverju þau eru „best“

Íhugunarefni.

Hverjir koma í námsver: Erum stundum of góð við kennara. Kennarar með 15- 16 manna bekki eiga auðveldlega að geta verið með nemendur og útbúið sjálfir námskrá við hæfi hvers og eins. Fljótandi. Þ.e. nemendur eiga að geta komið og unnið upp eða fá aðstoð við ýmislegt og stansað stutt. Hef verið að taka nemendur sem eiga ekkert erindi í námsver. Verður skoðað vel á næsta skólaári.

Skýrsluhöfundur: Unnur Baldursdóttir

Skýrsla sérkennslu á eldra stigi - sérdeild

Bekkur/hópur: Í hópnum eru núna í vor 13 nemendur. 3 úr 10. bekk, 2 úr 9. bekk, 2 úr 8. bekk, 5 úr 7. bekk og 1 úr 6. bekk. Nemendur úr 10. bekk eru bæði í íslensku og stærðfræði. Nemendur úr 9. bekk, annar bæði í íslensku og stærðfræði en hinn bara í íslensku. Nemendur úr 8. bekk eru bæði í íslensku og stærðfræði. Nemendur úr 7. bekk eru bæði í íslensku og stærðfræði. Nemandi úr 6. bekk er bæði í íslensku og stærðfræði. Allir nemendur utan einn byrjuðu strax á haustönn

Helstu áherslur/markmið:

Allir vinna eftir einstaklingnámskrá. Námsfnið er valið fyrir hvern og einn. Yfirleitt eru þessir nemendur ekki að taka sama námsefni og árgangurinn en einstaka sinnum kemur það þó fyrir. Aðaláherslan er lögð á að allir nái grunnaðferðum og síðan er reynt að byggja ofan á þær. Í vetur höfum við t.d. lagt áherslu á að allir viti hvernig margföldun virkar þannig að allir geti fundið út hver útkoman verður án þess að nota reiknivél og einnig höfum við verið að vinna mikið í frádrætti (að taka til láns). Við notum samt reiknivélina mikið, Numicon stærðfræði-efnið og ýmsa hluti. Flestir eru að reikna Stærðfræði daglegs lífs en sumir eru með léttara efni. Í íslenskunni er aðaláhersla lögð á lestur og almenna íslenska málfræði og stafsetningu, ljóð og ritun.

Kennsluhættir/skipulag kennslu:

Alltaf er einn kennari með hópnum og einn stuðningsfulltrúi. Mjög mikilvægt og gott er að það er alltaf sami stuðningsfulltrúinn og finnst ég að það er mikill munur frá því þegar fleiri skiptu á milli sín að vera í sérdeildinni. Þessi stuðningsfulltrúi er t.d. fasta akkerið í deildinni sem nemendur bera mikið traust til. Tveir kennarar skiptu sérdeildinni á milli sín. Gekk það mjög vel.

Þróunarstarf: Hef verið í þróunarstarfi í stærðfræði

Námsmat:

Námsmat fer sífellt fram. Þegar hópurinn er svona fámennur er maður nokkuð vel meðvitaður um framvindu námsins. Próf fara fram á öllum námstímanum, t.d. í lok allra stærðfræðiheftanna og einnig eru stutt könnunarpróf t.d. í margföldun. Allir lesa daglega og þar er fylgst með hvernig gengur en lestrarpróf eru 3-4 á hvorri önn. Niðurstöður námsmats eru sendar út eins og hjá öðrum nemendum.

Námsefni/gögn:

Stofan er ágætlega útbúin kennslugögnum og námsefni. Aldrei hefur staðið á að fá það námsefni/gögn sem beðið er um. Við reynum að fylgjast vel með nýútkomnu efni og pöntum það ef okkur líst þannig á það. Hér er námsefni sem hentar nemendum með sérþarfir og er nokkuð af námsefni sem aðrir kennarar sækja í stofuna í önnur námsver. Það helsta eru námsbækur t.d. lestrarbækur yngri barna, litaglærur, sérstakar stærðfræði- og íslenskubækur og fullt af verkefnum í þeim greinum. Numicon-námsefni í stærðfræði, reiknivélar, margföldunarlestin og fleira sem nýtist vel í stærðfræðinni. Þá eigum við talsvert af kennsluspilum sem eru vel nýtt. Einn IPAD eigum við og hann hlaðinn smáforritum sem koma að góðu gagni.

Húsnæði/aðstaða:

Stofa 24 - aðstaða er nokkuð góð, stofan björt og ágætlega stór fyrir það starf sem er unnið þar. Borð og stólar fyrir nemendur eru í lagi en bestu stólarnir eru aðeins 5 svo að stundum verða nemendur að velja stóla sem þeim finnst ekki eins góðir. Tölvumálin í stofunni eru í algjögu lamasessi. Við höfum verið mjög þolinmóð í biðinni eftir úrbótum. Legg ég mikla áherslu að úr þessu verði bætt hið snarasta.

Góður skjávarpi og smarttafla eru í stofunni sem nýtast vel.

Þemavinna/vordagar:

Nemendur eru í bekkjunum sínum á þema/vordögum og eru þá í fylgd með stuðningsfulltrúum. Stöku sinnum eru þeir hér í stofunni ef verkefnin eru ekki við hæfi nemenda.

Samstarf og samvinna bekkja/nemenda:

Aðrir nemendur eru alltaf velkomnir í sérdeildina og okkur finnst mjög skemmtileg og nauðsynlegt að aðrir viti hvað fer þar fram. Æskilegast væri að skipuleggja frekari heimsóknir og jafnvel að gera eins og við höfum reyndar gert áður að bjóða öðrum nemendum að koma með sérdeildarnemandanum hingað.

Kennara – ég tel að það sé mjög góð samvinna við aðra kennara. Kennarar koma oft hingað og fá verkefni og bækur, glærur og annað efni sem þeir telja henta öðrum nemendum. Flestir kennarar sem eiga nemendur hér sýna starfinu áhuga og fylgjast vel með sínum nemendum. Flestir muna eftir þeim þegar eitthvað er á döfinni í bekknum og finnst mér það hafa lagast mikið.

Fá fleiri nemendastóla eins og þá 5 sem eru fyrir. Þeir eru sérstaklega góðir vegna þess að þeir passa öllum þar sem hægt er að hækka og lækka setuna. Hér inni eru nemendur á öllu aldri og misstórir.

Sjónvarpið og vídeóið eru að verða barn síns tíma og ekki er lengur hægt að sýna DVD í tölvunni sem er tengd skjávarpanum þar sem enginn DVD-spilari er í henni. Nemendur taka þátt í bekkjar- og félagslífi árgangsins.

Skýrsluhöfundur: Inga Þórarinsdóttir kennari í sérdeild.

Skýrsla þroskajálfa

Helstu áherslur/markmið

Unnið er eftir markmiðum í námsskrám einstaklinganna sem koma til okkar. Mikil áhersla er lögð á félagsfærni, líðan, sjálfstyrkingu, hópefli og hegðun nemanda, einnig er unnið með fínhyrfingar, málörvun og annað sem kemur upp hverju sinni.

Kennsluhættir/skipulag kennslu

Nemendur koma ýmist í litlum hópum eða einstaklingslega í tíma. Í sérdeild Barnaskóla er unnið með nemendur á ýmsum aldurstigum í hóp og í samráði við sérkennara, bæði í sérdeild og í stofu þroskajálfa.

Þróunarstarf


Þroskajálfar taka þátt í þróunarstarfi eins og kennarar. Þroskajálfi í HS er í Fablab þróunarhópi og þroskajálfi í BS er í Uppeldi til ábyrgðar þróunarhóp. Lítið hefur þó verið um fasta fundi þróunarhópanna þennan veturinn.

Námsmat

Farið er yfir þau markmið sem sett eru með vinnu þroskajálfa og staðan endurmetin í samvinnu við umsjónarkennara. Unnið er með börnum eftir einstaklingsnámsskrám.

Námsefni/gögn

Þroskajálfar þurfa mikið að útbúa sín námsgögn sjálfir en þó hafa verið gefin og keypt nokkur góð spil og bækur. Mikill tími fer í að útbúa og aðlaga námsefni að þörfum nemanda. Einnig er unnið með sjálfstyrkingarefni úr bókunum; Fjárjóðsleitinn, Bætt hugsun betri líðan, Verum vinir, Reiði, Áhyggjur, Neikvæðni en einnig félagsfærni efni svo sem Cat kassinn og aðrar bækur. Mikið aðlagað efni af netinu af ýmsum toga.



Útikennsla/hreyfing

Þroskapjálfi í Barnaskóla fer á eina inni-og eina útivakt í tengslum við félagsfærniþjálfun, að öðru leyti á þetta ekki við.

Húsnæði/aðstaða

Aðstaða þroskapjálfa í HS er fín.

Aðstaða þroskapjálfa í BS er ágæt hvað varðar næði og er greinilega auðvelt aðgengi að þroskapjálfa staðsettum á þessum stað fyrir nemendur. Mikilvægt er að þroskapjálfi geti gengið að sinni aðstöðu vísri á hverju hausti.



Þemavinna/vordagar

Þroskapjálfar taka þátt í þemavinnu þegar hún er, t.d. á föndurdegi og fjölgreindaleikum.

Samstarf og samvinna bekkja/nemenda

Nemendur koma í blönduðum hópum oftast innan árganga.

Kennarar

Mikið samstarf er við kennara vegna nemenda sem þroskapjálfar hitta, meðal annars í formi teymisfunda. Samstarfið er nauðsynlegt til að sem bestur árangur náist í þeirri vinnu sem er í gangi hverju sinni. Einnig hafa þroskapjálfi í BS og námsráðgjafi unnið mikið og vel saman í vetur, m.a. með að halda sameiginlegt námskeið; Jákvæð samskipti stúlkna í 7. og 8. bekk.

Þroskapjálfar og námsráðgjafi hafa ákveðið að efla samstarfið næsta vetur og hittast reglulega á samráðsfundum.



Önnur atriði sem vert er að nefna



Í starfsstöð Barnaskóla hefur í vetur verið mikil vinna með nemendur 7. og 8. bekkja. Í sérdeildinni hafa 8 börn komið í fasta tíma til þroskapjálfa, önnur 25 börn hafa einnig fengið fasta tíma í allan vetur og hafa 12 einstaklinga útskrifast af sjálfstyrkingarnámskeiði. Í vetur hafa 4 drengir í 6. bekk komið í fasta félagsfærnitíma og hefur einn drengur að auki fengið að koma í þó nokkra tíma. Þá hefur stór hluti 7. bekkjar fengið þjónustu þroskapjálfa að einhverju leyti, eða 35 börn, en þar eru 13 drengir í föstum félagsfærni- og málörvunartímum og voru síðan allar stúlkur árgangsins teknar í 9 tíma námskeið er kallast jákvæð samskipti stúlkna, leiðir til lausna. Í 8. bekk komu 4 börn í fasta tíma, og var hér einnig haldið námskeiðið jákvæð samskipti stúlkna í árgangnum. Í 9. bekk hafa 5 krakkar verið hjá þroskapjálfa í nokkuð föstum tímum í vetur, aðallega í sjálfstyrkingu og félagsfærni. Í 10. bekk hafa 7 nemendur komið í fasta tíma, 1-2 á viku, þar af þrír drengir í sérdeildinni og fjórar stelpur í hópatíma einu sinni í viku í sjálfstyrkingu og félagsfærni. Alls hefur því þroskapjálfi hitt 82 nemanda í Barnaskólanum í vetur ef allt er tekið saman.

Í Hamarskóla fengu 5 börn úr 1. bekk þjónustu hjá þroskaþjálfara, 3 börn úr 2. bekk, 15 úr 3. bekk, 9 börn úr 4. bekk og 11 börn úr 5. bekk, samtals 43 nemendur. Nemendur fengu mis marga tíma eftir þörfum. Einnig voru 2 sjálfstyrkinganámskeið, 4 stúlkur og 4 drengir úr 5. bekk luku námskeiði, samtals 8 börn. Alls hitti þroskaþjálfari í Hamarskóla 51 nemanda í vetur.

Unnið var með öðrum hætti í Hamarskóla þennan vetur en áður vegna breytinga á nemendahópi. Einn nemandi fékk 36% af tímafjölda þroskaþjálfara í Hamarskóla og því fengu aðrir nemendur færri tíma. Margir nemendur fengu aðeins stutt námskeið í þeim þáttum sem þeir þörfuðust frekari þjálfunar í.

Skýrsluhöfundar: Björg Ólöf Bragadóttir og Sigríður Sigmarsdóttir.

Skýrsla safnvarða

Skýrsla safnvarðar í Barnaskóla

Safnvörður í á unglingastigi hætti eftir páska og ekki náðist að vinna lokaskýrslu.

Skýrsla safnvarðar í Hamarsskóla

Helstu áherslur.

Skólasafnið gegnir mikilvægu hlutverki í að móta lestrarvenjur nemenda og styður vel við lestrarnám þeirra.

Nemendur Hamarsskóla lesa mikið og nýta sér skólasafnið ákaflega vel, koma og fá lánaðar bækur bæði í tengslum við námið og til skemmtunar og afþreyingar. Kennarar fá einnig lánuð skáldrit, fræððirit og DVD og því er mikið útlán á bókum og öðrum gögnum.

Útlán bóka, aðstoð við val, skil og frágangur ásamt því að hafa bækurnar aðgengilegar er mjög stór þáttur í starfi safnsins.

Skólasafnsvörður sér um að finna til bækur í bókakassa til að hafa í kennslustofum fyrir þá kennara sem þess óska.

Til þess að auka lestraráhuga nemenda og hvetja þá til lesturs er Drekaflúbbur starfræktur og var hann endurskoðaður í vetur og ákveðnar breytingar gerðar til hins betra.

Einnig er hafinn undirbúningur fyrir Herramannalestur sem er ætlaður nemendum í öðrum bekk. Skólasafnið tók þátt í lestrarátaki Ævars vísindamanns.

Léttlestrarbækur voru flokkaðar, úrval þeirra aukið og þær gerðar aðgengilegri fyrir þá nemendur sem eru að byrja að sækja sér lestrarbækur á safnið.

Allan veturinn er fylgst með því hvaða bækur koma út, þó hvað mest á tímabilinu október / nóvember – febrúar.

Nokkuð var um innkaup í nóvember / desember. Stærstu innkaupin voru í febrúar, á bókamakaði Félags íslenskra bókaútgefenda.

Áður en bækurnar eru keyptar þarf að ígrunda vel hvaða bækur henta lesendum safnsins. Samspil texta og mynda er skoðað svo og tengsl framsetningar og efnis, leturstærð, fyrir hvaða aldur þær eru ætlaðar, hvort sagan er skemmtileg, áhugaverð og hvort hún verði vinsæl. Einnig eru vinsældir

fyrri bóka einstakra höfunda skoðaðar svo og til hverra efni sögunnar höfðar.

Kostnaðaráætlun er gerð. Að þessu loknu eru bækurnar keyptar.

Les þær bækur sem keyptar eru og fer sá lestur fram í skólanum.

Nýjar bækur voru kynntar á kennarafundum og fagfundum.

Allar nýjar bækur og gögn eru skráð. Skólasafnsvörður sér um að koma bókum og gögnum í skráningu en skráningin fer fram á Bókasafni Vestmannaeyja.

Afskrái allar ónýtar og týndar bækur og flyt bækur á milli safna innan Gagnis þegar þörf er á. Nemenda – og kennarakort voru uppfærð í gegni þegar þess þurfti.

Annast viðgerðir á bókum og hefur verið töluvert mikið að gera í viðgerðum í vetur. Bæta þarf umgengi bóka sem bekkir fá lánaðar í bókakassa sína. Þess ber þó að geta að umgengnin er auðvitað misjöfn eftir bekkjum, afleit hjá sumum, til fyrirmyndar hjá öðrum og allt þar á milli.

Í ágúst hófst meiriháttar grisjun á safninu sem lauk ekki fyrr en í lok október. Þetta er mjög tímafrek vinna þar sem afskrá þarf öll gögn sem fargað er. Grisjaðar voru þær hillur sem geyma handbækur, fræðibækur, tímarit, myndbönd og fleira. Mikið magn bóka og annarra gagna var afskráð í þessari grisjun. Að grisjun lokinni var safnið endurskipulagt, hillum fækkað og við það breyttist ásjón safnsins til muna. Að endingu var útbúið lestrarhorn og hefur það notið vinsælda meðal nemenda. Einnig hafa hillur sem innihalda bækur fyrir yngstu lesendurna verið grisjaðar.

Kennarar nýta sér vel þann möguleika að hafa nemendur sína á bókasafninu þegar vikuáætlun nemenda er lokið og þegar þörf er á að skipta bekkjum vegna bekkjafunda, verkefnavinnu, stærðfræðiprófa og lestrarprófa.

Nemendur eru á safninu þegar þau geta ekki farið í sund eða leikfimi vegna veikinda. Mikið hefur verið um það í vetur.

Í vetur var fimmta bekk boðið upp á þann valkost að vera á safninu í hádegisfrímínútum á mánudögum og þriðjudögum.

Bekkir komu einnig á safnið í forföllum kennara.

Önnur starfssemi:

September: Í tilefni bókasafnsdagsins voru blöðrur og fánar á safninu.

Nóvember: Dagur íslenskrar tungu. Kvæði Jónasar Hallgrímssonar sýnileg og áberandi á safninu (veggspjöld).

Norræna bókasafnsvikan. Undirbúningur, skipulagning, kynning, umsjón og framkvæmd.

Þjóðsögur. Heillandi heimur þjóðsagnanna kynntur fyrir nemendum í 4. bekk og sögð draugasaga úr Vestmannaeyjum.

Bækur um vináttu og einelti voru settar fram í vinavikunni.

Desember: Jólabækurnar teknar fram.

Kynning á nýútgefnum bókum.

Jólapema á bókasafninu. Upplestur á jólasögum, frásagnir af jólasíðum og jólavenjum fyrir þá sem vildu nýta sér það.

Janúar: Pema safnsins var Heimaeyjargosið. Skáldrit og fræðirit um þann atburð voru áberandi á safninu.

Nemendum í þriðja bekk var boðið upp á fræðslu og frásögn úr gosinu.

Nemendur í fimmta bekk unnu bókasafnsverkefni með aðstoð safnkennara.

Apríl: Dagur barnabókarinnar. Undirbúningur, umsjón og kynning.

Apríl / Maí: Fræðsla um sögu byggðarlagsins fyrir nemendur í 5. bekk. Tyrkjaránið til umfjöllunar.

Húsnæði / aðstaða:

Bæta má loftræstingu á skólasafninu ásamt því að skipta um gólfefni.

Þemavinna / vordagar: Skólasafnsvörður tekur þátt í jólaföndurdegi, skóladegi og fjölgreindarleikum ásamt tilheyrandi undirbúningi dagana á undan.

Skýrsluhöfundur: Kristín Sigurðardóttir safnvörður Hs

Skýrsla nemendaráðs

Í nemendaráði eru 11 nemendur af unglingastigi.

Í ráðinu í vetur voru; Aðalheiður, Arnar, Auðbjörg, Birgir, Bryndís, Eyþór, Sigurlaug, Trausti, Úlfur, Valgerður, Þórhallur.

Nemendaráð sá um diskótek fyrir nemendur í 1.-7. bekk, eitt ball á haustönn fyrir hvern árgang og smíðjубall fyrir miðstig.

Á vorönn var diskó fyrir nemendur í 1- 3. bekk sem gekk vel og mæting var góð. Ákveðið var að breyta til og vera með bíó fyrir nemendur í 4 – 5. bekk og einnig 6. – 7. bekk, gekk það mjög vel og mæting góð.

Fyrir nemendur í 8.- 10. bekk voru haldin tvö böll.

- Árshátíð, Basic house effect spiluðu stóðu sig mig vel og krakkarnir ánægðir með þá.
- Lokaball var síðan haldið 1. júní með DJ Sindra sem kom frá Reykjavík góð mæting og almenn ánægja með ballið.

Nemendaráðið sá um:

- sjoppu þegar diskó og bíó var fyrir yngra og miðstig
- þrautir og leiki á diskóum.
- sjoppu á árshátíð, Stíl og lokaballi
- tónlist og kynningu á Stíl
- spurningakeppni nemenda GRV



Nemendaráð fundaði reglulega yfir veturinn, fór einu sinni saman út að borða og pantaðar voru peysur fyrir nemendaráðið.

Hópurinn sem skipaði nemendaráð í vetur stóð sig vel. Hugmyndir fyrir næsta ár; Uppistand, spilakvöld, kökuskreytingakeppni, þemabíó fyrir unglingastig



Skýrsluhöfundar: Bára Ingólfssdóttir og Dóra Guðrún Þórarinsdóttir

Skýrsla námsráðgjafa

Námsráðgjafi er hluti af stoðkerfi skólans. Hlutverk náms- og starfsráðgjafa er að vera talsmaður nemenda í skólanum, standa vörð um velferð nemenda og leita lausna í málum þeirra. Náms og starfsráðgjafar er bundnir þagnarskyldu um einkamál nemenda, að undanskyldum ákvæðum í lögum um barnavernd nr. 80/2002.

Náms- og starfsráðgjafi situr á nemendaverndarfundum í báðum skólum.

Breyting á stöðuhlutfalli náms- og starfsráðgjafa við Grunnskóla Vestmannaeyja

Stjórnendur skólans sýna þann metnað og sjá til þess að nemendur, foreldrar og starfsfólk skólans fái aðgang að náms- og starfsráðgjafa sem hefur faglega þekkingu og menntun og sé liður í uppbyggingu á gæðum skólastarfs í Vestmanneyjum. Það hefur verið stefna skólastjórnenda að hækka starfshlutfall náms- og starfsráðgjafa þar sem að þeir sjá þörf fyrir þá stöðu innan skólans. Þetta skólaár var starfshlutfall náms- og starfsráðgjafa hækkað tímabundið í 80% stöðu að frumkvæði skólastjóra. Var náms- og starfsráðgjafi því tímabundið ráðinn þetta skólaárið en fékk þær upplýsingar í lok skólaársins að það stæði til að halda þessu 80% stöðuhlutfalli við skólann sem að voru jákvæðar og góðar fréttir. Það er mat starfandi náms- og starfsráðgjafa að þetta stöðuhlutfall sé ekki nægilega hátt til þess að halda utan um þá 529 nemendur sem að eru í skólanum, samskipti við foreldra, samskipti við kennara, samskipti við félagsþjónustu og sálfræðing, sinna nemendavernd, sjá um kennslu í náms- og starfsfræðslu í 9. og 10. bekk, vera með samskiptanámskeið, hópráðgjöf, sitja teymisfundi og sumt af þessu eru verkefni í báðum skólum. Eins og kom fram í gæðamati skólas sem gert var skólaárið 2015-2016 þá er þörf á öflugri stoðþjónustu og þar með talið herra stöðuhlutfalli náms- og starfsráðgjafa innan skólans. Það hefur áhrif á þunga starfsins að það skortir skólasálfræðing.

Starfandi náms- og starfsráðgjafi skiptir vinnunni sinni þannig að hann starfar mánudag, þriðjudag, fimmtudag og föstudag í Barnaskóla Vestmannaeyja og miðvikudaga í Hamarskóla. Að jafnaði er vinnutími frá 8-14.50, en er vinnutími færanlegur eftir verkefnum og álagi. Náms- og starfsráðgjafi í 80% starfi skilar rétt rúmum 34 tímum á viku í vinnu. Annan hvern mánudag og annan hvern þriðjudag eru fastir nemendaverndarfundir í hvorum skóla fyrir sig.

Það er gott að hafa í huga að ef að það er öflug náms- og starfsráðgjöf við skólann og nemendur fá tækifæri til þess að mynda sér hugmyndir af því hverju þau stefna að í námi og starfi þá er það hvefandi námslega auk þess sem það eykur líkur á vellíðan og afköst nemenda. Það er gott fyrir

nemendur að hafa aðganga að náms- og starfsráðgjafa allann skóladaginn til þess að leita til bæði persónulega og námslega til þess að stuðla að vellíðan og bætingu í námi. Það væri því öflug stefna hjá skólanum að stefna að því að hafa tvo náms- og starfsráðgjafa við Grunnskóla Vestmannaeyja, 80% stöðu í Barnaskóla og 50% stöðu við Hamarskóla. En það er mat starfandi náms- og starfsráðgjafa við skólann.

Næsti yfirmaður náms- og starfsráðgjafa er skólastjóri. Samstarfs við yfirmann er gott og það sama er að segja um aðra stjórnendur skólans og annað starfsfólk. Búum við starfsfólk, nemendur og foreldrar vel að góðum stjórnendum sem að leggja sig alla fram við faglegt og gott skólastarf. Er mikið lagt uppúr því að mæta þörfum nemanda, og mæta hverjum og einum nemenda dags daglega. Hér í skólanum er öflugt starfsfólk, góð samvinna, góður andi og þessum hópi er gott að tilheyra. Hlutverk skólastjóra er að vera yfirmaður í Grunnskóla Vestmannaeyja sem að er í tveim byggingum þannig það er oft þannig að skólastjóri er ekki á þeim stað hverju sinni að hægt sé að leita til hans með öðrum hætti en tölvupósti eða hringja í hann. Þess vegna hefur náms- og starfsráðgjafi verið í mestum samskiptum við aðstoðaskólastjóra og deildarstjóra í hvorum skóla fyrir sig.

Helstu verkefni:

Helstu verkefni náms- og starfsráðgjafa þetta skólaárið var persónuleg ráðgjöf, leiðsögn og fræðsla um skipulagningu tíma og áætlunargerð. Auk þess var náms- og starfsráðgjafi með hópráðgjöf. Tveir hópar komu í verkefnavinnu í efninu Bætt hugsun, betri líðan. Einnig unnu náms- og starfsráðgjafi og þroskajálfi saman með samskiptanámskeiðið „Erfið samskipti stúlkna“ og keyrðu þar 5 hópa. Var tekin ákvörðun um að breyta heiti námskeiðsins í „Jákvæð samskipti stúlkna“ því lagt er upp með að vinna í jákvæðum samskiptum. Hefur það verið þannig í gegnum tíðina að það hafa verið samskiptavandamál í stúlknaþópum skólans. Fengum við þær upplýsingar frá sumum kennurum stúlnanna að þeir finndu fyrir mun eftir að þær sátu námskeiðin. Nemendur sóttu líka persónulega ráðgjöf og fræðslu í námstækni, lífstíl og venjum, einbeitingu, úthaldi, samskiptum og ráðgjöf til að vinna að því að vera í tilfinningalegu jafnvægi. Samskipti við starfsfólk fjölskyldu- og fræðsluvið vegna barnaverndarmála, sálfræðing vegna nemanda innan skóla, auk þess að vísa nemendum áfram til lækna, sálfræðinga og koma upplýsingum bæði til lækna, geðlækna og sálfræðinga.

Persónuleg ráðgjöf og stuðningur

Mesti þungi starfsins þetta skólaárið hefur verið persónuleg ráðgjöf og almenn námsráðgjöf við nemendur sem eiga við erfiðleika að stríða, persónulega erfiðleika eða búa við erfiðar heimilisaðstæður. Einnig hafa foreldrar leitað eftir stuðningi og leiðbeiningu náms- og starfsráðgjafa. Einnig hefur verið aukning á því að kennarar leiti eftir ráðgjöf eða aðstoð með nemendur sína.

Þættir sem að unnið hefur verið mest með á þessu skólaári:

- Stuðningur og ráðgjöf vegna tímabundinna erfiðleika og/eða áfalla.
- Stuðningur og ráðgjöf vegna erfiðleika í einkalífi.
- Leiðsögn og ráðgjöf um streitu- og kvíðastjórnun.
- Ráðgjöf og aðstoð í samskiptavanda.

- Tilvísun og samstarf við sérfræðinga í sértækum málum.
- Hópráðgjöf til þess að styrkja einstaklinginn í námi.
- Ráðgjöf til foreldra.
- Vísun í sérfræðiaðstoð.
- Ráðgjöf til kennara.

Ráðgjöf, hagsmunagæsla og upplýsingamiðlun vegna sérhæfðra réttindamála

Eins og fram hefur komið er náms- og starfsráðgjafi hagsmunaaðili nemenda, hafa verkefnin að helstu verið fólgin í eftirfarandi:

- Stuðningur við einstaklinga með sérþarfir í samstarfi við aðra fagaðila.
- Mat og greining á úrræðum fyrir einstaklinga með sérþarfir.
- Samstarf við yfirvöld, sérfræðinga og þjónustuaðila í málefnum einstaklinga með sérþarfir.
- Sitja teymisfundi með þeim sem vinna með einstaklingum með sérþarfir.
- Persónulegur stuðningur við einstaklinga með sérþarfir.

Ráðgjöf við náms- og starfsval

Nemendur leituðu til náms- og starfsráðgjafa varðandi það að kanna áhugasvið sitt og einnigvarðandi val á skóla.

- Veitir upplýsingar og ráðgjöf um nám og starfsval.
- Nemendur gátu komið til náms- og starfsráðgjafa og tekið áhugasviðskönnunina. Bendil sér að kostnaðarlausu og voru nokkrir sem að nýttu sér það.
- Aðstoð við að sækja um áframhaldandi nám.

Endurmenntun

- Máttur kvenna- Bifröst. Febrúar- maí 2017.
- Erfið samskipti stúlkna- seinni hluti námskeiðs. Námskeiði lokið. Janúar 2017.
- Hvatningarviðtöl- Motivational interviewing hjá Stephen R. Andrew LCSW. LADC. CCS. CGP. September 2016.

Aðgengi að náms og starfsráðgjafa

Það er ýmist þannig að nemendur koma inn með beiðni frá kennara, foreldrum eða hafa óskað eftir því sjálfir að koma í viðtöl. Einnig eru nemendur sem að hafa leitast eftir því sjálfir að koma og hafa þá ekki beiðni. Nemendur koma á námskeið sem að eru sett upp í samráði við stjórnendur. Náms- og starfsráðgjafi kom að 29 % nemenda Grunnskóla Vestmannaeyja eða 141 nemendum þetta skólaárið.

Vinnuaðstaða

Vinnuaðstaða er til fyrirmyndar í Barnaskólanum en alls ekki góð í Hamarskólanum. Í Barnaskólanum er aðstaða á eftstu hæð gamla skólans í notalegu herbergi með góðum aðbúnaði til þess að taka á móti fólki, tölvu, prentara og því helsta sem að náms- og starfsráðgjafi þarf að hafa aðgang að. Í Hamarskóla er aðstaðan inni á skrifstofu hjúkrunarfræðings. Er aðstaðan notuð þegar að hjúkrunarfræðingur er ekki við og í vetur hefur það verið á miðvikudögum þegar að

hjúkrunarfræðingur vinnur í Barnaskólanum. En hefur plássleysi í Hamarskóla orðið til þess að starfsaðstaðan er þessi.

Atriði sem þarf að athuga betur fyrir næsta skólaár

- Þroskaþjálfar og námsráðgjafi vinni betur að ferli, gæti þess að þeir séu ekki að vinna með sömu nemendum á sama tíma. Hafa jafnvel teymisfundi hálfsmánaðarlega eða einu sinni í mánuði.
- Í upphafi skólaárs væri gott að sjá náms- og starfsráðgjafa með inni í tíma ásamt hverjum umsjónarkennara í hverjum bekk fyrir sig frá 2. bekk og uppí 10. bekk. Að kynna sig og hlutverk náms- og starfsráðgjafa.
- Það er einnig mikilvægt að náms- og starfsráðgjafi fái greiddan bílastyrk til þess að geta farið á milli stofnanna ef að til þess er ætlast.

Skýrsluhöfundur: Fríða Hrönn Halldórsdóttir náms- og starfsráðgjafi.

Skýrsla stuðningsfulltrúa

Ekki náðist að klára skýrslu stuðningsfulltrúa.

Skýrslur fagstjóra

Skýrsla fagstjóra í íslensku 1. -10. bekk

Þessi skýrsla er samantekt fagstjóra í íslensku GRV veturinn 2016-2017, báðar starfsstöðvar.

Veturinn hófst á því að fagstjórar í íslensku boðuðu til sameiginlegs fagfundar þar sem farið var yfir bréf sem þeir sendu vorið 2016, til allra íslenskukennara í GRV. Í því bréfi var skert á áherslum í íslenskukennslu, leiðum til að ná námsmarkmiðum og námsefni sem hentaði til þess. Í lok þessarar skýrslu má sjá bréfið.

Áherslur

Fagstjórar lögðu áherslu á að fjölbreyttum kennsluaðferðum væri beitt í íslenskukennslunni og að lestur og bókmenntakennsla væri það sem mestu máli skipti. Einnig lögðu fagstjórar áherslu á að sögurammi yrði tekinn a.m.k. einu sinni á vetri í yngri bekkjum en úr nógu er að velja. Fagstjórar lögðu áherslu á að lestrarhestar væru eins í árgöngum og að heimalestri væri fylgt eftir þó ekki væri farið fram á óraunhæfar kröfur. Áhersla var einnig lögð á að samfella væri á milli árganga hvað varðar kennsluefni og námsgögn. Fagstjórar voru duglegir að kynna fyrir íslenskukennurum nýtt námsefni.

Lestur og lesskilningur

Mikil áhersla var lögð á að kynna fyrir kennurum lesfimiþróf Menntamálastofnunar. Einnig var áhersla á að kennarar gæfu nemendum tækifæri á yndislestri og hlustuðu á lestur nemenda. Í lestrarstefnunni er talað um að nemendur lesi fyrir kennara a.m.k. 3x í viku. Þessu hefur ekki verið
Blaðsíða | 74

fylgt nógu vel eftir og þarf að finna leiðir til að þetta gangi upp. Lestrarhestar eru í notkun í öllum árgöngum skólans og viljum við fagstjórar að enn meiri áhersla verði lögð á að vinna með lesinn texta eins og gert er á unglingastigi. Jafnframt viljum við að það sé umsjónarkennarinn á unglingastigi sem sé ábyrgur fyrir lestrarhesti og lestri nemenda sinna, en ekki íslenskukennarinn eingöngu. Einnig þarf að skoða hvernig eftirfylgni er háttað þegar heimalestri er ekki sinnt. Fagstjóri á unglingastigi var ábyrgur fyrir því að láta ljósrita, í hverjum mánuði, lestrarhesta fyrir allt unglingastigið. Fagstjórar hafa mikinn áhuga á því að farið sé í þróunarvinnu með áherslu á lesskilning, því að hann má alltaf bæta. Einn lestrarsprettur var í Hs. og var sameiginlegur fyrir alla árganga. Fagstjóri útbjó ýmsar verkefnahugmyndir og hélt utan um þessa vinnu í samráði við umsjónarkennara. Þessi vinna tókst vel og voru nemendur mjög ánægðir. Jafnframt fóru nemendur í 4. bekk í lestrarátak í vor þar sem umsjónarkennarar sáu um skipulag og utanumhald. Í 8. og 9. bekk sáu íslenskukennarar um lestrarátak sem kallast 3 x 1 mín. Tókst þetta vel og framfarir voru miklar. Fagstjórar líta svo á að hægt sé að nota þjálfun af þessu tagi í flestum ef ekki öllum árgöngum. Sumarlestrarhestur var sendur út með öllum nemendum GRV. Hann er einnig aðgengilegur á heimsíðu skólans.

Stóra upplestrarkeppnin

Nemendur í 7. bekk tóku þátt í Stóru upplestrarkeppninni sem hefst alltaf á degi íslenskrar tungu þann 16. nóvember. Umsjónarkennarar í 7. bekk sáu um þjálfun nemenda í fyrstu en eftir að valið hafði verið úr hverjum bekk tók fagstjóri við þjálfun. Tólf nemendur kepptu í undankeppni sem haldin var í sal Tónlistarskólans. Fengnir voru vanir dómamarar utan úr bæ og völdu þeir 4 fulltrúa til að keppa fyrir hönd GRV. Aðalkeppnin var svo haldin í Vestmannaeyjum þetta árið í sal Eldheima og tókst með eindæmum vel þar sem fagstjóri, deildarstjóri og kennsluráðgjafi GRV unnu vel saman. Fulltrúar GRV stóðu sig mjög vel og einn nemandi vann til verðlauna.

Dagur íslenskrar tungu

Á degi íslenskrar tungu var unnið með þjóðsögur í Hamarsskóla. Að hluta til var þetta samvinnuverkefni milli árganga sem tókst mjög vel og var afrakstur hengdur upp á vegg. Í Barnaskóla var unnið með Lofsönginn og margir nemendur lærðu 1. erindi utan af auk þess sem útbúið var veggspjald með 1. erindi og allir nemendur teiknuðu íslenska fánann og límdu við veggspjaldið. Einnig var unnið með Lofsönginn sem klippiljóð.

Námsefni og námsmat

Nýja námsefnið sem fagstjórar mæltu með í haust fyrir 5. - 7. bekk hefur reynst vel. Bæði kennarar og nemendur eru mjög ánægðir með það. Þetta námsefni er *Orðspor*, *Flökkuskinna*, *Töfraskinna* og *Söguskinna*. Svipað námsefni hefur verið grunnnámsefnið í 8. - 10. bekk í nokkur ár og gefist vel. Það er námsefnið *Kveikjur*, *Neistar* og *Logar* auk námsefnisins, *Sérðu það sem ég sé*, *Með fjaðrabliki* og *Mér er í mun*. Námsefni þetta tengist vel nýjum áherslum í námsmati skv. *Aðalnámskrá grunnskóla*. Fagstjóri var iðinn við að deila námsmatsblöðum á miðstig sem búið var að vinna á unglingastigi og liðsinna þeim sem báðu um aðstoð vegna nýja námsmatsins svo og vegna samræmdra prófa.

Að lokum

Fagstjórar áttu gott samstarf í vetur þó þeir hefðu vilja hafa meiri tíma til að hittast. Sameiginlegi fundurinn í haust og bréfið góða sem sent var á alla íslenskukennara stendur upp úr og teljum við að með því hafi náðst eining um að gera íslenskukennsluna enn betri.

Bréf var sent á alla íslenskukennara nú í lok skólaárs og tilgangurinn með því bréfi er að hafa betri samfellu milli árganga og starfstöðva sem og að kynna vægi námsþátta (áherslur) og námsefni í hverjum árgangi.

Skýrsluhöfundar: Helga Sigrún Þórsdóttir og Svanhvít Friðþjófsdóttir fagstjórar.

Skýrsla fagstjóra í stærðfræði

Skýrsla fagstjóra í stærðfræði á yngsta stigi

Fundir

Fjórir skipulagðir fagfundir voru á skólaárinu. Einnig fékk fagstjóri leyfi til þess að nýja fagfundi í samfélags- og náttúrufræði eftir þörfum og var sá tími einkum nýttur í tengslum við þróunarverkefni í stærðfræði í samvinnu við Þóru Rósu Geirsdóttur sérfræðing við skólaþróun við Háskólann á Akureyri.

Áherslur

Aðaláherslur vetrarins voru að hvetja og styðja við aukna samræðu í stærðfræði ásamt því að vera með verklega kennslu og nýta sér tæknina til að auka fjölbreytileika í kennsluaðferðum. Fagstjóri lagði mikla áherslu á að kennarar kynntu sér og nýttu þær nýjungar í kennslu sem netið hefur uppi á bjóða. Margir kennarar í HS tóku vel við sér og var Pinterest vefurinn vel nýttur til að prenta út skemmtileg verkefni til að nota með yngstu börnum.

Fagstjóri kynnti kennsluvefinn Khan Academy fyrir kennurum en þar er hægt að nálgast kennslumyndbönd sem hægt er að nýta sér sem innlögð í stærðfræði.

Samvinnan við Háskólann á Akureyri hefur vonandi vakið kennara til umhugsunar um að auka samræðu í kennslunni hjá sér þar sem aukin áhersla er í *Aðalnámskrá grunnskóla* á að nemendur nái að tileinka sér tungumál stærðfræðinnar og geti nýtt sér það í daglegu starfi sem og geti unnið í samvinnu við aðra að lausnarleit og kynningu á þekkingu sinni.

Námsmat

Áhersla á símat í námsmati er sífellt að aukast og fagstjóri kynnti fyrir kennurum góða leið til að auka hana með því að nota gula minnismiða (post-it) til þess að kanna á örfáum mínútum hvort nemendur hafa náð tökum á námsefninu eða hvort þarf að eyða meiri tíma í það. Á næsta ári verður lögð ríkari áhersla á að kennarar nýti sér þetta matsform og færi inn á hæfnikort nemenda sinna jafnóðum. Mikilvægt er að kennarar prenti út viðmiðin sem þeir setja nemendum sínum strax að hausti og hafi þau til hliðsjónar allt skólaárið. Viðmiðin sem sett eru á hæfnikort nemenda eiga að stýra kennslunni ekki námsbækur.

Þróunarstarf

Eins og fram hefur komið tókum við upp samstarf við Háskólann á Akureyri í vetur. Samið var við Þóru Rósu Geirsdóttur sérfræðing á miðstöð skólaþróunar Háskólans á Akureyri. Þóra Rósa lagði ríka áherslu á að auka samræðu í stærðfræðikennslu og kom tvisvar og var með fyrirlestur til að vekja kennara til umhugsunar um slíka kennsluhætti. Fagstjóri hefur lagt hart að kennurum að auka fjölbreytileikann í kennsluaðferðum sínum.

Til að leggja enn frekari áherslu á slíkt var ákveðið að einn fagfundurinn færi í kynningar á þeim verkefnum sem kennarar eru að nota til að brjóta upp kennsluna hjá sér. Þótti sá fagfundur einstaklega vel heppnaður og er ljóst að fleiri fundir mættu fara í slíka jafningjafræðslu. Það kom svo sannarlega í ljós að kennarar í HS eru að sinna sínu starfi að kostgæfni og eru duglegir að nýta sér kennslu í gegnum leikinn.

Sérstakur stýrihópur um þróun í stærðfræði var settur á laggirnar og vann hann í samvinnu við Þóru Rósu Geirsdóttur skimunarpróf fyrir 1. bekk í stærðfræði ásamt gátlista um mat á stærðfræðikunnáttu barna eftir inngrip (námskeið). Ætlunin er að prófa að vera með inngrip (námskeið) tvisvar á ári í stærðfræði í 1. bekk líkt og gert er með lesturinn í Leið til læsis hópum.

Dagur stærðfræðinnar

Dagur stærðfræðinnar var haldin hátíðlegur 3. febrúar 2017. Ákveðið var að leggja áherslu á eitthvað sem myndi vekja áhuga nemenda í öllum árgöngum skólans. Úr varð að ákveðið var að vinna með Pokemon þema frá 1.- 10. bekk. Yngstu bekkirnir perluðu pókemona, töldu perlor og unnu með hugtökin flestar og fæstar perlor. Fjórði bekkur litaði pókmeona eftir margföldunartöflu og fimmti bekkur skoðaði og bjó til Tangram myndir. Þett verkefni þótti heppnast vel og var almenna ánægja með þetta framtak bæði meðal kennara og nemenda.

Útikennsla

Flestir kennarar hafa gripið tækifæri og fært kennsluna út ef veður og aðstæður hafa leyft í vetur. Kennarar í 5. bekk hafa þó staðið sig hvað best hvað þetta varðar. Þeir hafa verið með útikennslu í allan vetur og farið út einu sinni í viku fast í stundatöflu. Í þessum tímum var meðal annars unnið með stærðfræði í leik og starfi.

Annað

Í vetur hefur mikið og gott starf verið unnið í HS. Mikill gagnabanki hefur myndast af verkefnum til að kenna í gegnum leiki og spil. Skáparnir austan megin við kaffistofunum hafa því verið merktir og hvetur deildarstjóri kennara til að deila verkefnum sínum með öðrum og raða inn í skápana því sem ekki er verið að nota hverju sinni. Þannig geta allir kennarar nálgast verkefni sem falla að getu hvers og eins nemanda svo allir fá tækifæri til að læra í gegnum leikinn.

Næsti vetur

Næst vetur er ætlunin að halda áfram að kenna stærðfræði á lifandi og skemmtilegan hátt. Við ætlum að prófa skimunarpróf fyrir 1. bekk og inngrip í kjölfarið. Byrja á vinnu með gátslita fyrir 2. bekk. Leggja aukna áherslu á samræður í stærðfræðikennslu, hugtakavinnu og sjálfbær vinnubrögð nemenda. Einnig væri skemmtilegt að vera í samvinnu með vinabekkjum skólans og setja upp

stærðfræðiþrautir á skólalóðina eins og til dæmis 100 töfluna og margföldunartöfluna svo eitthvað sé nefnt.

Skýrsluhöfundur: Herdís Rós Njálsdóttir fagstjóri í stærðfræði á yngsta stig GRV

Skýrsla fagstjóra í stærðfræði á mið- og unglingastigi

Fagfundir

Á skólaárinu voru haldnir 3 fagfundir, tveir á haustönn og einn á vorönn. Fagstjórar voru tveir, Berglind Þórðardóttir og Hildur Jónasdóttir.

Skólaheimsókn

Fagstjórar heimsóttu Valhúsaskóla. Skólinn varð fyrir valinu vegna þess hvað hann er að gera góða hluti í stærðfræði. Lögð var áhersla að skoða kennsluhætti, breytt námsmat og verkefnaskil á unglingastigi.

Áherslur

Aðaláherslur vetrarins voru að innleiða nýtt námsmat Aðalnámsskrá Grunnskóla. Mikil vinna fór í nýtt umhverfi Mentor og samræma matskvarða og einkunnargjöf til nemenda. Fagstjórar endurskoðuðu hæfniviðmið fyrir hvern árgang til þess að ná góðri samfellu milli árganga og skólastiga. Einnig innleiddu þeir ákveðið fyrirkomulag á verkefnaskilum nemenda þar sem stuðst var við ákveðnar áherslur frá Valhúsarskóla.

Námsmat

Miklar breytingar voru á námsmati í stærðfræði. Verkefni voru endurskipulögð út frá hæfniviðmiðum og matsviðmiðum hvers árgangs fyrir sig. Fagstjórar lögðu áherslu á að kennarar gerðu hæfnikort á Mentor sýnilegt fyrir nemendum sínum og hvernig þeir gætu unnið markvisst að því að ná hæfni- og matsviðmiðum. Kennslan stýrist af þessu viðmiðum en ekki námsefninu sjálfu. Skil á einkunnargjöf á verkefnum og prófum voru útfærð í ýmsum matskvörðum og voru einnig gerðir sýnilegir fyrir nemendum.

Dagur stærðfræðinnar

Í ár var hann haldinn 3. febrúar 2017. Lögð var áhersla á að skapa gefandi verkefni sem myndu höfða til allra nemenda en jafnframt ná fram ákveðnum hæfniviðmiðum. Pokemon þema varð fyrir valinu og voru unnin ýmis rúmfræðiverkefni með mismunandi þyngdarstuðlum fyrir hvern árgang. Afraksturinn var síðan hengdur upp á vegg skólans.

Samantekt

Gott samstarf hefur verið við fagstjóra í stærðfræði á yngsta stigi, Herdís Rós Njálsdóttur. Á ynsta stigi fór fram mikil þróunarvinna og tekist hefur vel að mynda góða samfellu á milli allra skólastiga. Fagstjórar á mið- og unglingastigi unnu vel saman og er mikilvægt að vera tveir í teymi þar sem miklar breytingar eru á næstu skólaárum.

Í Valhúsaskóla var tekið vel á móti okkur og út frá því myndaðist gott samstarf við reynslumikla stærðfræðikennara skólans. Fyrirkomulagið af verkefnaskilum frá Valhúsaskóla reyndist vel inn í Blaðsíða | 78

Grunnskóla Vestmannaeyja. Fagstjórar aðlöguðu hugmyndina og skilaði sú vinna sér sérstaklega í góðu skipulagi, samvinnu, umræðum, rökfærslum og öguðum vinnubrögðum nemenda. Nemendur voru fljótir að aðlagast breyttu námsmati og umhverfi Mentor. Námssefnið *Skali* var tekið inn á unglingastig, þetta er samfelld námssefni sem hæfir flestum nemendum. Verkefnavinnan á Degi stærðfræðinnar tókst vel og voru nemendur mjög ánægðir. Augljóst var að þegar kom að undirbúningi samræmda prófa, að nemendur höfðu náð ákveðnum hæfniviðmiðum. Árið var viðburðarríkt og strax farið í að tileinka sér breytingar á námsmati. Sú vinna á eftir að nýtast vel á komandi skólaári.

Skýrsluhöfundar: Berglind Þórðardóttir og Hildur Jónasdóttir

Skýrsla fagstjóra í ensku

Fundir

Fagfundir á árinu voru 6 alls, 3 á haustönn og 3 á vorönn. Fagstjóri hitti kennara 3-5 bekkjar sér, kennara 6-7 bekkjar og kennara 8-10 bekkjar, hvern hóp tvisvar sinnum á námsárinu. Að auki var fagstjóri í sambandi við kennara 1-2 bekkjar og útbjó gátlista fyrir þá til að reyna að koma inn einhverskonar enskunámi hjá yngstu nemendum.

Aðaláherslur í vinnu vetrarins hefur verið á að skoða námsmat með matsviðmið til hliðsjónar á mið- og unglingastiginu ásamt því að efla enskukennara í að vera með fjölbreytt nám og námsmat. Þá hefur fagstjóri lagt ríka áherslu á mikilvægi þess að hefja enskukennslu sem fyrst í yngstu bekkjum en það hefur þó reynst torsótt mest vegna þess að erfitt er að finna tíma aflögu í yngstu bekkjunum.

Þá hefur áhersla á rafrænt efni aukist og í vetur byrjuðum við t.d. að nota google classroom sem gekk mjög vel og heldur sú vinna vonandi áfram næsta vetur. Snjalltæki af ýmsum toga eru líka mikilvæg hjálpartæki bæði sem leitarvélur, orðabækur eða annað námssefni.

Lestur í enskutímum hefur verið augin í vetur, bæði yndislestur og lestur af öðrum toga og hefur verið reynt að auka fjölbreytni í lestri bæði hvað varðar texta og úrvinnslu þeirra en einnig að nemendur auki læsi af ýmsum toga.

Námsmatið hefur verið öllum kennurum ofarlega í huga í vetur og vill fagstjóri leggja áherslu á að skoða vel samsetningu námsþátta og námsmats og hafa í huga eftirfarandi:

- Að skoða vel hvort við erum að kenna alla þætti nægilega vel samkvæmt hæfniviðmiðum
- Að skoða þær áherslur sem við leggjum á hvern námsþátt og samræma vægi námsþátta þannig að námsmat og verkefni séu í samræmi við matsviðmið og innihaldi öll hæfniviðmið sem eru á hæfnikorti

Einnig að auka enn frekar fjölbreytni í námssefni, verkefnum og námsmati en þeir þættir sem áhersla er á eru:

- **Hlustunarverkefni**
- **Framsagnarverkefni: Samtöl/upplestur/kynningar**
- **Lesskilningur: Yndislestur/lestur ýmissa texta af öllu tagi**
- **Ritunar,réttritunar og málfræði verkefni**
- **Orðaforði**
- **Menningarlæsi**

Samantekt

Vinnan í enskudeildinni gekk að flestu leyti vel í vetur og fagstjóri hefur átt góða samvinnu við kennara á öllum stigum. Bókasafn skólans hefur aukið úrval af bókum til yndislestrar mikið og þá keypti Bæjarbókasafnið í samvinnu við undirritaðan gríðarlegt magn af skemmtilegum bókum sem nemendur í 9. og 10. bekk hafa nýtt sér í vetur.

Mikil vinna fór í haust í námsmat hjá 8-10 bekk og hefur sú vinna skilað sér vel nú á vordögum. Í yngri bekkjum er sú vinna rétt að hefjast og verður spennandi að fylgjast með þeirri þróun næsta vetur.

Fagstjóri vill leggja áherslu á endurmenntun tungumálakennara en aðgengi að henni hefur verið af skornum skammti. Þá er líka tillaga frá fagstjóra að efla samvinnu tungumálakennara innan skólans og við aðra skóla.

Rík áhersla hefur verið lögð á að nemendur læri ekki aðeins tungumálið heldur séu að læra um menningu annarra landa í enskunáminu. Nemendur unnu í vetur t.d. stór verkefni um: Asíu, Kanada, Svíþjóð, Írland ásamt því að vinna smærri verkefni um önnur lönd. Með þessu höfum við verið að mæta markmiðum um menningarlæsi ásamt því að taka aðra námsþætti með og hefur þessi vinna gengið afar vel á unglingastiginu.

Í vetur hafa enskukennarar í unglingadeild hitt enskukennara FÍV tvisvar sinnum og voru það afar fróðlegir og skemmtilegir fundir.

Með tilliti til breytinga á námsmati og skipulagi náms á framhaldsskólastigi telur fagstjóri nauðsynlegt að stuðla enn frekar að því að allir nemendur fái nám við sitt hæfi. Í 10.bekk hafa nemendur haft tækifæri til að fá námsefni á framhaldsskólastigi og hefur það gengið mjög vel. Er það unnið í samráði við enskukennara FÍV.. Skoða þarf vel niðurstöður samræmdra próf í víðu samhengi og jafnvel í samvinnu við aðra nemendur til að mæta sem best þörfum hvers nemanda. Huga þarf betur að ítarefni í öllum bekkjum á mið- og unglingastigi og jafnframt að huga að námstækni og frekari hvatningu í náminu.

Jafnframt hefði verið gaman ef hægt væri að setja upp þróunarhóp í ensku sem gæti einbeitt sér að byggja upp bæta leiðir til að efla nemendur. Það mætti gera t.d. með því að skoða nýtt

námsefni, nýjar leiðir í kennslu, uppsetningu skipulags, frekara samstarf skóla/kennara/stofnana. Fara í skólaheimsóknir og kynna sér hvaða leiðir eru farnar annarsstaðar o.s.frv..

Þá er afar mikilvægt að byggja upp gott heildarskipulag í enskukennslu sem tekur mið af námi frá 1.bekk og upp í 10.bekk og að kennarar sem kenni erlend tungumál séu reyndir í sínu fagi.

Skýrsluhöfundur: Lára Skæringsdóttir fagstjóri í ensku.

Skýrsla fagstjóra í dönsku

Fundir

Fagfundir á árinu voru 6 alls, 3 á haustönn og 3 á vorönn. Við höfðum þessa fagfundi fjölbreytta, hittumst allar eða skiptum þessu upp í tvo hópa, miðstig og svo unglingastig. Tókum einn kaffihúsa-fagfund fyrir jólin sem heppnaðist mjög vel og var smá orkubúst fyrir komandi átök í námsmatinu í janúar.

Aðaláherslan á þessu skólaári var skoða námsmat með matsviðmið til hliðsjónar á mið- og unglingastiginu ásamt því að efla dönskukennara í að vera með **fjölbreytta kennsluhætti og námsmat**. Fagstjóri í dönsku hefur undanfarin ár haft mikinn hug á að byrja enn fyrr með dönskukennsluna og óska þess ef að t.d. 5.bekkur mun flytjast í Barnaskólann að það verði þá hægt að byrja dönskukennsluna í 5. bekk eins og gert var fyrir mörgum árum. Þá var danskan fyrsta annað tungumálið sem nemendur lærðu. Fagstjóri ásamt dönskukennurum óskar eftir því að dönskukennslan í 6. bekk verði aukin í 1 klst. á viku viku að lágmarki til að nemendur við lok 10. bekkjar verði enn hæfari til að ná lokamarkmiðunum sem krafist er af þeim.

Áhersla á **rafrænt efni** hefur aukist og í vetur byrjuðum við t.d. að nota Google Classroom í flestum bekkjum á unglingastigi. Sú vinna gekk mjög vel og heldur hún vonandi áfram næsta vetur og hugmyndin er þá að flest öllum verkefnum verði skilað þar inn ásamt því vonandi að nota áfram WIX heimasíðugerð í 10. bekk.

Snjalltæki af ýmsum toga eru líka mikilvæg hjálpartæki bæði sem leitarvélar, orðabækur eða annað námsefni. Þrátt fyrir að nemendur verði líka fyrir truflun af völdum símtækjanna þá

eru þau svo mikilvægt og þarf því að finna góða leið til að nýta þessa tækni áfram án þeirra vankanta sem hefur borið á í vetur.

Fagstjóra og kennurum á miðstigi þætti mjög gott að hafa sérstakan skáp þar fyrir a.m.k eitt bekkjarsett af spjaldtölvum sem myndi gera aðgengi að tölvunum auðveldara þar sem símar eru ekki leyfilegir þar.

Námsmatið hefur verið okkur dönskukennurum ofarlega í huga þetta skólaárið sem og öllum öðrum kennurum. Fagstjóri vill leggja áherslu á að skoða enn betur í dönsku samsetningu námsþátta og námsmats næsta skólaár og mun það krefjast áfram töluverðrar vinnu en gott er að hafa í huga við það:

- Að skoða hvort við séum ekki örugglega að kenna alla þætti nægilega vel samkvæmt hæfniviðmiðunum
- Að skoða áherslurnar sem við leggjum á hvern námsþátt og samræma því betur vægi námsþáttanna. Að námsmat og verkefni séu þá í samræmi við matsviðmiðin og innihaldi öll hæfniviðmiðin sem eru á hæfnikortum nemendanna
- Að halda áfram með fjölbreytt námsefni, námsmat og kennsluaðferðir sem og að auka þær enn frekar. Aðaláherslupættirnir yrðu á þessum atriðum (sem við höfum verið að gera og að bæta enn frekar við):

- *Hlustunarverkefni - bæði í námsbókum sem og hlustun í útvarpi og sjónvarpi*
- *Framsagnarverkefni - samtöl/upplestur/kynningar/ - notast við tæknina í þessum atriðum (símar, spjaldtölvur, Google umhverfið/google classroom)*
- *Lesskilningur - koma aftur inn lestri á Andrés blöðum sem og vikublöðum, þannig að nemendur séu líka í yndislestri í dönsku í bland við textann sem þeir lesa í námsbókum sínum og á netinu við vinnu á ýmsum verkefnum*
- *Ritunar og málfræði verkefni - það má alltaf bæta þennan þátt í kennslunni og við erum farin að láta nemendur rita meiri dönsku með t.d. tilkomu WIX heimasíðugæðarinnar*
- *Orðaforði - höfum haft orðaforðapróf eftir hvern kafla í bókinni og nemendur hafa fengið orðaforðalista með heim til að læra*
- *Menningarlæsi - sjá nánar að ofan þar sem komið er inn á það*

Samantekt

Það hefur verið **góð og mikil samvinna** á meðal dönskukennaranna í vetur. Mest hefur samvinnan verið hjá þeim kennurum sem kenna saman í flestum árgöngum enda var auðveldast að finna tíma hjá þeim til að vinna saman.

MJÖG mikill tími fór í námsmatið, mun meiri en tími var til og fannst kennurum það bitna á betri undirbúningi kennslunnar þó svo að námsmatsvinnan feli einnig í sér að hluta til undirbúning fyrir kennslustund. Námsmatsvinnan í vetur gekk nokkuð vel í heildina litið þrátt fyrir einhverja hnökra og vankanta en með mikilli vinnu og samstarfi þá hófst þetta. Fagstjóri **þakkar samstarfsfólki sínu og yfirmönnum** fyrir alla þeirra aðstoð í gegnum þetta.

Námsmatið tekur samt mun lengri tíma í heildina heldur en það gamla. Þó svo að mesta vinnan sé fyrstu árin þá mun alltaf fara lengri tími í námsmat á hverju skólaári. Við kennarar vonum því að tekið verði tillit til þeirrar vinnu á hverju skólaári, með hærri launum, meiri tíma í B hluta vinnumatsins, endurmenntun og/eða öðrum þáttum.

Kennarar í dönskunni hafa verið duglegir að læra á Google umhverfið og að nýta sér nýjustu tæknina þar. Þeir hafa því ekki setið auðum höndum í vetur að koma sér inn í Google umhverfið og þeim nýjungum sem fylgja því sem og nýja námsmatinu. Það eiga allir hrós skilið hver duglegir þeir voru að gefa sér tíma í að læra á þetta, prufa sig áfram og að nýta þetta í kennslunni. Guðbjörg fær líka miklar þakkir fyrir hennar vinnu og kynningu á þessu öllu.

Næsta skólaár langar dönskuteymið að vinna enn betur í þessu námsmati og gera það enn betra og vonandi verður gefinn tími í það í haust og í vetur. Því miður þá eru viðmiðin frá ráðuneytinu of há og þau eru mjög svipuð og í enskunni. Enskukennslan byrjar mun fyrr og nemendur eru með enskuna meira í kringum sig frá því þau eru lítil og því erfitt að vinna undir því að viðmiðin séu svona svipuð og eiginlega bara ekki raunhæft. Fagstjóri hefur áður komið þessari athugasemd til Félags Dönskukennara en því miður hefur ekkert þokast í þeim málum. Nauðsynlegt er að **lækka viðmiðin** eða byrja fyrr með dönskukennslu í grunnskólum landsins. Þessir hnökrar auðvelda ekki heldur námsmatið og námsmatsgerðina í dönskunni.

Fagstjóri vonast eftir aukinni endurmenntun tungumálakennara en aðgengi að henni hefur verið af skörum skammti. Þó má hrósa frábærum “Danskræf” á hótél Glym í byrjun maí. Þetta námskeið gaf dönskukennurum margar góðar hugmyndir til að nýta í

dönskukennslunni. Að auki þá var gott að geta talað og hlustað á dönsku sem og hitt aðra dönskukennara um allt land og borið aðeins saman bækurnar.

Fagstjóri telur mikilvægt að **efla samvinnu tungumálakennara** innan skólans og einnig við aðra skóla og að tími væri gefinn í það. Dönskukennarar hittu aðra tungumálakennara í FÍV á vordögum ásamt því að kynna starfi skólans. Þessu samstarfi verður vonandi haldið áfram þar sem vel tókst til.

Nemendur hafa unnið ýmisleg *verkefni*, tölvu- og myndbandsverkefni, til að bæta **menningarläsi** sitt á landinu. Við unnum t.d. með Google Maps hjá 8.b. og þar gátu nemendur skoðað í raun staði, götur, borgir, bæi, skemmtigarða, húsnæði drottningarinnar og margt fleira. Þetta gaf nemendum mjög mikið og þeir sem ekki höfðu farið til Danmerkur fannst sem þeir væru á staðnum. Nemendur voru mjög ánægðir með þetta verkefni sem þeir skiluðu af sér í Google umhverfinu.

Með tilliti til breytinga á námsmati og skipulagi náms á framhaldsskólastigi er nauðsynlegt að stuðla enn frekar að því að allir nemendur fái **nám við sitt hæfi**. Hvort sem að nemendur þurfi aukið námsefni eða aðlagð námsefni. Erfiðast er að sinna þeim nemendum sem ráða ekki nógu vel við dönskuna því það er lítið til af námsefni við þeirra hæfi.

Það eru þó nokkrir nemendur í flestum árgöngum í dönsku sem eru námsvers nemendur og því þarf að finna betri úrlausnir fyrir þennan hóp í dönskunni, byggja upp leiðir til að efla þessa nemendur. Þetta kostar töluverða vinnu og lausnir sem mætti huga að fyrir næsta skólaár.

Mikilvægt er að kynna sér líka hvað aðrir skólar gera og það gerði fagstjóri sl. vetur og myndi vilja getað haldið því áfram næsta vetur.

Skýrsluhöfundur: Dóra Hanna Sigmarsdóttir.

Skýrsla fagstjóra í samfélagsgreinum 6. - 10. bekkur

Vinna:

Þemahefti prófuð í kennslu:

Þau þemahefti sem Menntamálastofnun hefur verið að gefa út voru nú í vetur að einhverju leiti prófuð í kennslu í samráði við fagstjóra.

Blaðsíða | 84

Þau voru: *Villta vestrið* sem var tekið í 7. bekk og *Rokk og róttækni* sem var tekið í 10. bekk. Að sögn kennara kom þessi vinna mjög vel út og vonandi verður þetta viðbótarnámsefni meira notað í kennslunni hjá okkur.

Menntamálastofnun hefur svo verið að gefa út fleiri hefti sem bíða kynningar í haust.

Skipt um námsefni í Þjóðfélagsfræði á unglingastigi:

Út er komin ný bók í Þjóðfélagsfræði sem heitir *Á ferð um samfélagið*.

Eftir kynningu á fagfundi var ákveðið að 9. bekkur tæki hana sem samfélags- og lífsleikniefni og tókst það mjög vel. Í kjölfarið losuðum við safnið við gömlu Þjóðfélagsfræðibækurnar sem þóttu orðið að mörgu leiti úreltar.



Samþætting námsgreina og samnýting kennara.

Fagstjóri tók þátt í að skipuleggja stórt verkefni fyrir 10. bekk ásamt náttúrufræðikennara um orkugjafa framtíðar. Viðfangsefnið tengist hæfni – og matsviðmiðum beggja námsgreina skv. *Aðalnámsskrá* og því var ákveðið að vinna verkefnið bæði í samfélags – og náttúrufræðitímum með aðkomu þeirra kennara sem komu að báðum greinum í árganginum. Þetta var mjög krefjandi og viðamikil verkefni en nemendur lærðu mikið af því. Þetta kostaði heilmikið samstarf kennara en verður auðveldara fyrir þá sem vilja nýta sér þetta næsta ár.

Fagstjóri tók einnig þátt í að skipuleggja þemu sem skipt var á kennara í árganginum þannig að hver kennari ætti sitt viðfangsefni.

Einn kennari kenndi núvitund í öllum árganginum, annar kenndi stjórnmálafræði og sá þriðji um roksögu í tengslum við sjálfsmynd og sögulegt samhengi. Þetta kom afar vel út en krefst þess að umsjónarkennarar kenni samfélagsfræði að einhverju leiti á sama tíma.

Farið yfir hæfni- og matsviðmið í samfélagsgreinum.

Mjög mikil vinna hefur farið í að skoða og túlka þau viðmið sem sett hafa verið upp fyrir samfélagsfræði. Þau eru mjög víð og oft óljós eða auðvelt að túlka þau á mismunandi hátt. Vonandi verða þau eitthvað endurskoðuð eða slípuð til af Menntamálastofnun fyrir komandi haust.

Fundir:

Fyrsti fagfundur haustsins fór alfarið í námsmat og hugleiðingar varðandi það. Það var frekar erfitt fyrir fólk að máta fagið inn í þau viðmið sem sett hafa verið fyrir fagið en við reyndum að taka út þau sem áttu við hvern árgang fyrir sig.

Annar fundur var hefðbundinn, með kynningum á nýju námsefni, vefslóðum á mms og einnig var minnt á það efni sem þegar hefur verið kynnt en ekki verið notað. Menntamálastofnun er að gefa út heilmikið af efni í tengslum við ný hæfni- og matsviðmið sem við verðum að vera dugleg að skoða.

Þriðji fundur var óformlegur og í formi viðtala og ráðgjafa um einstök málefni. Við erum að reyna að fara eftir viðmiðum í árgöngum frekar en bókum sem er mjög jákvætt.

Ekki gafst tími í fjórða fund en í samtölum við kennara komu upp óskir um að hafa fund strax í haust vegna námsmatsins sérstaklega. Þá þarf að skoða vel hvernig við setjum upp viðmiðin ogt hvernig við getum fært inn námsmátið jafnóðum í samræmi við verkefni.

Skýrsluhöfundur: Rósa Hrönn Ögmundsdóttir fagstjóri í samfélagsfræði.

Skýrsla fagstjóra í náttúrugreinum 6. - 10. bekkur

Fagfundir skólaárið 2016-2017

Á skólaárinu voru haldnir 2 fagfundir, annar á haustönn en hinn á vorönn.

Nóvemberfundurinn féll niður sökum breytinga/riðlunar á fundaskipulagi og það sama er að segja um þann fund sem áætlaður var í febrúar. Samstarf við náttúrugreinakennara var engu að síður gott. Fyrri fundurinn fór fram mánudaginn 12. september 2016 kl. 14:30.

Meginviðfangsefni fundarins var undirbúningur náttúruvísindadaga á unglingastigi en hver árgangur á sem fyrr tilbúin verkefni til að vinna með, auk þess sem kennurum er frjálst að breyta til ef vilji er til staðar. Einnig var farið yfir skipulag haustannar og minnt á fugl, fisk og plöntu hvers árgangs, auk Náttúruskólabókarinnar góðu. Bent var á að skráning í Vísindasmiðju HÍ væri hafin en hefð hefur verið fyrir því að 7. og 9. bekkur fari



þangað að vori. Í kjölfar fagfundarins var haldinn örfundur með umsjónarkennurum í 8.-10. bekk til undirbúnings Náttúruvísindadaga 2016.

Á síðari fagfundi skólaársins, sem haldinn var miðvikudaginn 19. apríl 2017 kl. 14:30, var farið yfir skipulag annarinnar, hvað fólk væri að gera á vorönn, hvernig haustönnin hefði gengið o.s.frv. Enn var minnt á útikennslu og notkun Náttúruskólabókar og kennarar hvattir til að nota verklegar æfingar í kennslu. Haustönnin hafði gengið vel þótt erfitt hafi reynst að fylgja nákvæmlega áætlunum eins og gengur og gerist vegna alls konar uppbrots. Kennarar lýstu yfir talsverðum áhyggjum af námsmati og þótti það tímafrekt, auk þess sem erfitt væri að uppfylla sum viðmiðin í náttúrugreinum. Rætt var um Dag jarðar, 22. apríl, sem að þessu sinni var tileinkaður

loftslagsbreytingum. Þar sem langflestir bekkir höfðu nýlega horft á myndina *Before the Flood* og unnið verkefni tengd henni þótti ekki ástæða til að gera eitthvað sérstakt í tilefni dagsins þetta árið. ENO-verkefnið var kynnt til sögunnar en það felst í umhverfisvernd. Til stóð að 6. og 7. bekkur tækju þátt í alþjóðlegum trjáplöntunardegri 12. maí en illa gekk að útvega plöntur og því varð ekki af þátttöku í verkefninu að þessu sinni.



Önnur störf fagstjóra

Fagstjóri sinnti tilfallandi verkefnum, s.s. leiðsögn, innkaupum og umsjón með verklegri stofu, auk þess að vera til taks fyrir kennara í verklegum æfingum. Fagstjóri sótti kennaranámskeið í Vísindasmiðju HÍ í mars og málþing um náttúrufræðimenntun sem fram fór í byrjun apríl. Hvort tveggja var mjög gagnlegt og mun nýtast vel í starfi. Einnig tók hann þátt í útikennslunámskeiði í Brighton sl. haust, ásamt fjölmörgum kennurum í GRV.

Samstarf/sambætting námsgreina

Í 10. bekk var unnið viðamikil verkefni um orkugjafa framtíðar. Verkefnið var unnið þvert á samfélags- og náttúrugreinar og tókst vel. Vonandi verður áframhald á vinnu af þessu tagi.

Heimsóknir og uppbrot

Stjörnufræðivalhópurinn á unglingastigi fór í stjörnuskoðun á hótél Rangá kvöld eitt í nóvember. Hópurinn fékk höfðinglegar móttökur en skýjafarið hefði mátt vera okkur örlítið hliðhollara. Í desember fengum við í GRV Sævar Helga Bragason (Stjörnu-Sævar) í heimsókn. Hann hitti alla árganga og fræddi krakkana um stjörnuhimininn auk þess sem hann kynnti nýútkomna bók sína, *Stjörnuskoðun fyrir alla fjölskylduna*. Heimsóknin tókst í alla staði vel.



Nokkrir nemendur í 8. og 9. bekk aðstoðuðu við tilraunir á skóladegi Barnaskólans í byrjun maí og stóðu sig með prýði. Vindmyllugengi Vísindasmiðju HÍ var með vinnustofu fyrir nemendur í 6.-10. bekk um miðjan maí. Nemendur áttu þar góða stund, fræddust um raforku og tilurð hennar, umhverfissvæna orkugjafa og skynsamlega orkunotkun. Hver og einn útbjó sinn eigin mylluspaða sem festur var á vindmyllu og hóparnir kepptu um hver hefði hannað hagkvæmstu vindmylluna. Mikið fjör og fullt af fróðleik. Til stendur að fá gengið aftur í GRV í haust og þá í yngri bekkina. 9. bekkur fór í heimsókn í Vísindasmiðju HÍ og hafði bæði gagn og



gaman af.

Áhugaverðir tenglar:

<http://www.earthday.org/earthday/>

<http://treeday.enoprogramme.org/>

<http://visindasmidjan.hi.is/>

Skýrsluhöfundur: Sigurhanna Friðþórsdóttir fagstjóri í náttúrugreinum
í 6. -10. bekk

Skýrsla Íþróttakademíu GRV og ÍBV skólaárið 2016-2017

Í vetur voru 53 nemendur í 9. og 10. bekk skráðir í íþróttakademíuna, 27 drengir og 26 stúlkur, sem er tæplega 50% nemenda í árgöngunum. Skiptingin eftir greinum var eftirfarandi; handknattleikur 39, knattspyrna 14, fimleikar 1 og golf 1. Tveir nemendur voru skráðir í tvær akademíur þ.e golf og handknattleikur annars vegar og handknattleikur og knattspyrna hins vegar.

Fyrirkomulag akademíunnar í vetur var þannig að nemendur fengu tvo klukkutíma íþróttatíma í stundatöflu. Annar tíminn var íþróttatími í íþróttahúsi með íþróttakennurum skólans og var sundkennsla hluti af þeim tíma. Hinn tíminn var styrktarþjálfunartími í sal 1 í íþróttahúsinu í umsjón þjálfara ÍBV. Nemendum var kynjaskipt í styrktarþjálfunartímum og kom það mjög vel út. Tækniæfingar voru lotuskiptar á skólaárinu. Þrisvar sinnum í hvorri grein, 2x 2 vikur og 1x3 vikur á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 6:20-7:20. Á lotutímabilum mættu nemendur ekki í styrktarþjálfunartíma. Umsjónarmenn akademíunnar í vetur voru Ian Jeffs og Hrafnhildur Ósk Skúladótti

Handboltaakademía

Lota 1: 5. - 16. sept.

Lota 2: 3. – 18. okt. og 25. - 28. okt.

Lota 3: 13. – 24. mars

Fótboltaakademía

Lota 1: 7. – 18. nóv.

Lota 2: 23. jan. – 2. feb.

Lota 3: 24. apríl -12. maí

Nemendur akademíunnar sátu öll A- stigs námskeið HSÍ og þreyttu dómarapróf í loks þess. Umsjónarmaður námskeiðsins var Bóas Börkur Bóasson. Einnig voru nemendur hvattir til að

sækja fyrirlestur hjá Margréti Láru Viðarsdóttur landsliðsfyrirliða Íslands um andlegan styrk íþróttamanna.

Samstarfið og samskipti milli GRV og ÍBV gekk mjög vel. Nemendur fengu skýr skilaboð um til hvers væri ætlast til af þeim og hvaða reglur þarf að virða. Í september voru nemendur og foreldrar boðaðir á fund þar sem farið var yfir fyrirkomulag vetrarins, samning nemenda og viðurlög við honum. Í lok fundarins var gengið frá undirskriftum á samningnum. Mjög góð mæting var á fundinn og vorum við mjög ánægð með hann.

Með auknu samstarfi við ÍBV hefur okkur tekist að virkja nemendur íþróttakademíunnar betur í íþróttatengda viðburði innan skólans og þeir látnir axla meiri ábyrgð sem fyrirmyndir annarra nemenda. Þjálfarar hafa náð að undirbúa nemendurna fyrir viðburðina þannig að þeir koma betur stemmdir til að leiða verkefnið. Einnig hefur eftirfylgni með ástundun, hegðun og framkomu nemenda í skólanum verið bætt. Nemendur sem ekki voru að virða þann hluta samningsins fengu tækifæri til að bæta sig með því að vera með sjálfsmatsbók í viku í öllum bóklegum tímum og skilaði það okkur góðum árangri. Við teljum mikilvægt að nemendur upplifi það að góð samskipti og boðflæði séu á milli skólans, þjálfara og foreldra.

Nú hafa 44 nemendur skráð sig í íþróttakademíuna fyrir næsta skólaár sem er 45% af heildar nemendafjölda í 9. og 10. bekk. Kynjaskiptingin er nokkuð jöfn 24 stúlkur og 21 drengir.

Við erum ánægð með árangur vetrarins og finnum fyrir auknum metnaði í námi, ástundun hefur batnað og betri agi er í skólanum.

Skýrsluhöfundur: Ingibjörg Jónsdóttir aðstoðarskólastjóri GRV